Merki teljast skökk ef stólpar hallast meira en 5 gráður eða ef merki hefur snúist um allt að 15 gráður.

Frávik frá lágmarkshæð undir umferðarmerki er +0,1/-0,0 m.

Liður 4. 76.72 Merkingar á vinnusvæðum

- a) Um er að ræða allan kostnað við efni og vinnu við umsjón, eftirlit, uppsetningu og niðurtekt merkingarbúnaðar á vinnusvæðum í samræmi við fyrirmæli og öryggisáætlun verktaka og ritið Reglur um vinnusvæðamerkingar.

Merkingar skal hvern kafla eða áfanga í verkinu eftir því sem aðstæður krefjast og eru þessar merkingar innifaldar í þessum lið. Á Y-teikningum er umfang merkinga sýnt.

Verkpátturinn innifelur einnig gerð og uppsetningu tveggja upplýsingatafla um framkvæmdina. Sjá dæmi:



Texti skal ákveðinn í samráði við eftirlit, svo sem á þessa leið:

Vegagerðin
Og
Reykjavíkurborg
byggja
strætóstöðvar í Fossvogi
Verktaki:
[heiti verktaka]
Verklök:
[mánuður ár]

Upplýsingatöflurnar skulu staðsettar u.þ.b 500m frá hvorum enda framkvæmdar.

- f) Uppgjör miðast við ósundurliðaða upphæð.

Greidd verður sú upphæð, sem gefin er upp í tilboðsskrá og verður greiðsla innt af hendi eftir því sem verki miðar áfram.

Mælieining: HT

8.2 Strætóstöðvar og færsla fráreinar

33 Fylling - Almenn lýsing

a) Verksvið

Verksviðið er gerð fyllingar. Í því felst nauðsynlegur undirbúningur undirstöðu, þ.m.t. hreinsun og jöfnun, stöllum, losun efnis (nema ef um er að ræða berg), ofanafýting, afstífung, styrking og vatnsvarnir. Einnig vinnsla m.a. flokkun og haugsetning, ámokstur og flutningur efnis, útlögn, jöfnun, þurrkun, vökvun, þjöppun og allur frágangur efnis í fyllingu.

b) Efniskröfur

Fyllingarefni skal uppfylla þær kröfur sem hér koma fram. Efnið skal ekki vera lífrænt efni, mælt með glæðitapsprófi og skal glæðitap moldarblandaðra fyllingarefna ekki vera meira en 3%, þegar umreiknað hefur verið út frá þyngd alls efnisins. Efnið má ekki vera frosið í köggla eða blandað ís eða snjó.

Sé fylling gerð á deigu landi skal neðsta lag fyllingar gert úr frostfríu efni.

Uppfylla skal síukröfur í eftirfarandi töflu milli einstakra efnislaga í veginum, þar sem dxx er sú möskvastærð í sigti sem xx% af efninu smýgur, S stendur fyrir smágerðara efnið og G fyrir það grófara.

Stærðahlutfall Grófara (G) / Smágerðara (S)	Kröfur
d_{15G}/d_{85S}	≤ 5
d_{50G}/d_{50S}	≤ 25

Ef kröfur eru ekki uppfylltar skal setja síulag eða síudúk milli laga. Eftirfarandi kröfur eru gerðar:

Lágmarksþykkt síulags skal vera 150 mm. Mesta steinastærð skal vera minni en helmingur lagþykktar. Minnst 50% af síuefninu skal vera > 2 mm, en stærstu steinar (D_{98}) skulu vera minni en hálf lagþykkt síulagsins. Hámark fínefna í óflokkuðu efni skal vera samkvæmt UF₇ miðað við efni í stærðarflokki 0/63 mm. Að öðru leyti skal síuefnið uppfylla sömu kröfur og efnin sem það er síuefni fyrir.

Til að tryggja að síulag sem byggt er ofan á vegbotn eða fyllingu afvatnist mun betur en efnið sem það er lagt ofan á skal kanna hvort krafan í töflunni hér á eftir sé uppfyllt.

Stærðahlutfall síulag / vegbotn eða fylling	Kröfur
$d_{15, \text{ síulag}}/d_{15, \text{ vegbotn/fylling}}$	≥ 5

Síudúkar skulu uppfylla kröfur ÍST EN 13249.

c) Vinnugæði

Markalínur skeringar í vegsvæði skulu vera í samræmi við uppdrætti í útboðsgögnum. Við gerð fyllingar skal fylgja fláum, yfirborðslinum, dýptum og hæðum, sem fram koma á uppdráttum í útboðsgögnum.

Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til varnar jarðskriði og hreinsa skal úr fláum skeringa alla lausa steina, sem hrunchætta getur stafað af. Flokka skal allt skeringarefni og skal þess gætt að ekkert útgrafið efni sé flutt af vinnusvæðinu nema í samráði við eða að fyrirmælum verkkaupa. Ganga skal frá efninu þannig að sú þjöppun og jöfnun náist sem mælt er fyrir um.

Sé skeringum lokið og efni í skeringarbotni kemst, vegna aðgerða eða aðgerðaleysis verktaka, í slíkt ástand að það verður ónothæft eða tekur ekki þjöppun eða ekki er unnt að þjappa fyllingu

ofan á það, skal verktaki gera viðeigandi ráðstafanir. Annað hvort með frekari útgrefti eða með því að bíða þar til ástand efnisins er orðið slíkt, að þjöppun náist eða það sé hæft til að bæta á það frekari fyllingu.

Yfirborð undirstöðu skal jafnað að því marki að unnt sé að þjappa fyllingu og magntaka hana.

Ekki skal leggja út fyllingu á frosið undirlag sem getur tekið formbreytingum. Þegar fyllt er á mjúkt undirlag skal fyrsta álagsþrep ekki vera meira en 19,6 kPa og hvert síðara álagþrep ekki meira en 29,4 kPa. Fylla skal strax í alla breidd fyllingar.

Allt fyllingarefni skal leggja í lögum og ákvarðast þykkt hvers lags af efnisgerð og búnaði til þjöppunar. Mesta steinastærð skal vera minni en 2/3 hlutar lagþykkjar fullþjappaðs lags. Fyllingarefni með ólíka eiginleika skal leggja í aðskildum lögum þannig að burðarmeira efnið sé ofar í fyllingunni. Fjarlægð frá endanlegu yfirborði hvers valtaðs lags fyllingar niður á stóran stein (> 500 mm í þvermál) skal vera minnst 1,5 sinnum þvermál steinsins.

Við útlögn efnis skal einungis nota efni sem hefur hæfilegt rakastig þannig að hægt sé að þjappa það strax eftir útlögn.

Stjórnandi valta skal halda dagbækur um völtun, þar sem fram kemur:

- dagsetning
- gerð og stærð valta
- þyngd og breidd tromlu
- hvaða vegarkafli var valtaður
- hvaða lag í vegi
- lagþykkt
- hraði valta
- fjöldi yfirferða.

Skila skal mælingu á hæð allra þjappaðra laga fyllingar.

Öll stærri op og ójöfnur í yfirborði grjótfyllingar skal fylla með smátt sprengdu grjóti eða mól og þjappa vel áður en næsta lag er lagt.

Ef leggja þarf síulag skal það þjappað í samræmi við fyrirmæli verkkaupa. Ef leggja þarf síudúk skal leggja hann í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar framleiðanda. Leggja skal síudúk og fyllingu yfir hann án þess að hann skemmist.

Fyllingu skal leggja í lögum og þykkt hvers lags ákvarðast m.a. af búnaði til þjöppunar. Hvert lag fyllingar nær yfir alla breidd hennar. Verktaki skal leggja fram áætlun um verklag við útlögn og þjöppun, til samþykkjar hjá verkkaupa. Áætlunin skal taka til tegunda tækja, fjölda yfirferða, lagþykkja og aðferða til að sannreyna þjöppunina. Valtar skulu vera með þjöppunarmæli og búnað til að telja umferðir valta og verktaki skal ávallt leggja fram mæligildi þjöppunarmælis og gögnum um fjölda umferða. Hraði valta skal vera milli 3 og 6 km/klst.

Efni, sem er nothæft í fyllingu eða yfirbyggingu skal ekki nota í annað að óþörfu. Að öðrum kosti skal verktaki leggja til á eigin kostnað sama magn af jafngóðu efni eða betra.

Ef efni, sem dæmt hefur verið nothæft sem fyllingarefni, er í eða kemst síðar í slíkt ástand, að það verður ónothæft og tekur ekki þjöppun, skal verktaki gera eitt af eftirfarandi atriðum á eigin kostnað:

- 1) Fjarlægja efnið úr fyllingunni (og geyma þar til það er komið í það ástand að nota meggi það aftur) og fylla í staðinn með nothæfu efni.
- 2) Bæta efnið með tiltækum aðferðum til að auka stöðugleika þess.
- 3) Bíða þar til ástand efnisins er aftur orðið slíkt, að unnt sé að jafna það og þjappa á þann hátt, sem krafist er í þessari verklýsingu.

Efni sem er ónothæft í fyllingu eða yfirbyggingu skal nota í fláafleyga, jafna við hlið vegar eða flytja á losunarstaði. Jafna skal efninu út og það þjappað.

d) Prófanir, mælingar

Efnisvinnsla eða framleiðsla efnis

Ef fyllingarefnið er set skal verktaki framkvæma próf á kornadreifingu, próf eða sjónmat á rakastigi og magni lífrænna óhreininda við upphaf framleiðslu og endurtaka prófanir ef sjónmat bendir til að efnisgæði hafi breyst verulega.

Útlögn

Sýna skal fram á þjöppun efnis með eftirtöldum aðferðum:

Fyllingarefni		Tæki	Stöu- álag kN/m	Heildar þyngd (tonn)	Lag- þykktir (mm)	Fjöldi yfirferða
Berg	Grjót og hraun	Titurvalti	> 45		> 2000	6-10
			> 30		500-2000	4-6
Set	Möl og sandur	Titurvalti	> 30		200-600	4-6
	Jökulruðningur /Skriðuefni	Titurvalti/beltatæki	> 30	35-70	300-600	4-6
	Sylti	Beltatæki		35-70	200	2-6

Þjöppunartilhögun er í samræmi við neðangreinda töflu um val valta, efnisgerð, lagþykkt og fjölda yfirferða. Sýna skal fram á fjölda yfirferða við þjöppun með rafrænum gögnum úr búnaði í valta.

Einnig með mæligildum úr þjöppumæli. Þjöppun telst fullnægjandi ef hækkun á mótstöðugildum milli umferða er minni en 8%.

Mæligildi þjöppumælis í valta skal afhenda rafrænt fyrir allt þversnið vegarins.

e) Nákvæmniskröfur, þolvik

Efnisvinnsla eða framleiðsla efnis

Um frávik á kröfum til efnisgæða gildir að eitt sýni af fimm má víkja frá gildandi kröfu en þó má ekkert frávik vera meira en 10% af tölugildi kröfu í átt til lakari efnisgæða.

Útlögn

Halli fláa (vegfláa, fyllingarfláa eða skeringarfláa) má ekki vera brattari en fram kemur á uppráttum, en allt að 15% flatari (hlutfall af gráðum mældum milli láréttar línu og fláalínu), þó þannig að lega og breidd skurða breytist ekki. Einstakir staðir fláa skulu ekki víkja meira en ±150 mm frá fláalínu, mælt með 3 m réttsskeið sem lögð er á frágenginn fláa. Frávik frá kröfu um hlutfallslega breytingu á mótstöðu þjöppumælis má vera allt að +2%.

Ef mælingar sýna frávik umfram leyfileg mörk skal verktaki bæta úr því.

34 Aðrar fyllingar – Almenn lýsing

a) Verksvið

Verksviðið er gerð fyllingar, annarra en vegfyllingar. Innifalið er nauðsynlegur undirbúningur undirstöðu, þ.m.t. stöllum, losun efnis (nema ef um er að ræða berg), ofanýtingu, afstívingu, styrkingu og yfirbyggingu, vatnsvarnir, haugsetningu, ámokstur og flutning efnis, útlögn, þjöppun, þurrkun og vökvun.

b) Efniskröfur

Efnið skal ekki vera mosi, hrís, torf eða stórgryti og það má ekki innihalda snjó eða ísklumpa.

c) Vinnugæði

Efnið skal leggja þannig út að sem mest þjöppun náist og ekki verði um missig af völdum eftirþjöppunar að ræða.

Þar sem breyting verður á halla vegfláa skal hún framkvæmd þannig að að hornið milli fláalínunnar og láréttar línu breytist jafnt á 20 m lengd vegarins.

Ef efni glatast við gerð fyllingar skal verktaki leggi til annað nothæft efni í staðinn.

d) Prófanir

Úttektarmælingar skal gera á svæði sem eðlilegt er að mæla sem eina heild. Fjöldi mælipunkta miðast við að hægt sé að magntaka fyllinguna af nægilegri nákvæmni.

e) Nákvæmniskröfur, þolvik

Halli fláa (vegfláa, fyllingarfláa eða skeringarfláa) má ekki vera brattari en fram kemur á uppdráttum, en allt að 15% flatari (hlutfall af gráðum mældum milli láréttar línu og fláalínu), þó þannig að lega og breidd skurða breytist ekki. Einstakir staðir fláa skulu ekki víkja meira en ± 150 mm frá fláalínu, mælt með 3 m réttskleið sem lögð er á frágenginn fláa.

Ef mælingar sýna frávik umfram leyfileg mörk skal verktaki bæta úr því.

Liður 5. 34.1 Fláafleygar, efni úr skeringum

- a) Verkþátturinn innifelur útgröft, geymslu, afstígingu, vatnsvarnir, ámokstur, flutning, jöfnun og þjöppun efnis úr skeringum í fláafleyga. Einnig er innifalið í þessum lið landmótun, þ.e. endurmótun hljóðmanar og mótun yfirborðs utan gatna og stíga í samræmi við teikningar. Innifela skal allan kostnað vegna mælinga.

Innifela skal óhagræði af greftri við lagnir veitufyrirtækja.

- b) Í fláafleyga og landmótun skal almennt nýta efni ónothæft í fyllingar.

- c) Hönnun fláa er sýnd á þversniðsteikningum og landmótun er sýnd á teikningum um yfirborðsfrágang.

Almennt gildir varðandi útgröft að sé vinna hafin við útgröft nálægt núverandi akstursleiðum skal honum haldið áfram og í beinu framhaldi skal fyllt í viðkomandi svæði. Óheimilt er að láta útgrafin svæði standa án fyllingar þar sem vegfarendum getur stafað hættu af.

Efni sem fjarlægt er úr öxl og fláum núverandi vegar skal nota í fláafleyga.

Gróft efni í lausum skeringum sem notað verður í fláafleyga getur valdið erfiðleikum við yfirborðsfrágang og skal því leitast við að nota það fjarri yfirborði fláafleyga.

- d) Mælingar eru almennt skilgreindar í kafla 6.6 og Liður 2 sjá einnig almenna lýsingu.

- f) Uppgjör miðast við hannað frágengið rúmmál efnis í vegfyllingu.

Mælieining: m^3

Liður 6. 34.8 Ónothæfu efni jafnað á losunarstað

- a) Um er að ræða losun efnis í skeringu jafnað á losunarstað í **Bolöldu**.

- f) Uppgjör miðaðs við uppmælt rúmmál efnis frágengnu á losunarstað.

Mælieining: m^3

45 Ofanvatnsræsi - Almenn lýsing

a) Verksvið

Verksviðið er gerð ofanvatnsræsa og lagna fyrir kalt neysluvatn. Innifalið er allt efni og öll vinna við gerð ræsa og lagna.

Gerð ræsa og lagna er:

Lögn: Uppgröft, sprengingar, fleygun, hreinsun, ámokstur og flutning á geymslustað eða í fyllingu ásamt frágangi og hugsanlegri þjöppun á uppgreftinum, lögn, undirstöður og þjöppun fyllingar um og yfir.

Efni: Rör, sandskiljur, niðurföll, ristar, brunna, stiga, brunnlok, brunnundirstöður, rörtengi og loka eins og mælt er fyrir um.

b) Efniskröfur

Steinsteypt rör, sem notuð eru í ofanvatnsræsi og í rörbrunna skulu vera ójárnbent múffurör samkvæmt DS 400.3.

Aðrir brunnar skulu einnig gerðir samkvæmt, DS 400.3.

Brunnlok og karmur skulu vera úr steypujárni og með flot- eða graskarmi eftir atvikum.

Brunnlok utan yfirborðs vega skulu vera í flokki B125 skv. ÍST EN 124 (styrkur 12,5 tonn).

Brunnlok í vegyfirborði skulu vera í flokki D400 skv. ÍST EN 124 (styrkur 40 tonn).

Nota skal forsteypta brunnbotna með innsteyptum gúmmíhringjum.

Steypa sem notuð er við lagnir, skal vera af styrkleikaflokki C20 eða hærri og öll sýnileg steypa skal vera af umhverfisflokki 2b.

Plaströr í ofanvatnsræsi skulu gerð samkvæmt DS 2348 (PVC rör) og DS 2349 (PEH rör) og ductil járnsteypurör samkvæmt DIN 19690-19962.

Rör og rörtengi fyrir vatnsveituleiðslur skulu gerð samkvæmt DS 2119 (PEH rör) og DIN 28600-28649 (ductil járnsteypurör).

Sprengiefni skal hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlitsins.

c) Vinnugæði

Gröftur lagnaskurða: Grafa skal fyrir lögnum niður á burðarhæfan botn og minnst 150 mm niður fyrir botnhæð í rorum. Þar sem ekki er um burðarhæfan botn að ræða skal grafa a.m.k. 0,65 m niður fyrir uppgefin mál á uppdráttum eða niður á það dýpi sem eftirlitið telur nauðsynlegt. Um ákvörðun og greiningu efnis, sem grafið er úr skurðinum vísast til kafla um skeringar í verklýsingu þessari.

Sprengingar í lagnaskurðum: Mæla skal yfirborð bergs, þegar það er tilbúið til borunar.

Verktaki skal sjá til þess að verklag hans valdi ekki skemmdum né óparfa ónæði og skal hann setja upp mæla eftir samráð við verkkaupa í mannvirki sem gætu orðið fyrir skemmdum vegna titrings. Aðgerðir eða aðgerðarleysi verkkaupa firra verktaka ekki fullri ábyrgð á verkinu.

Fleygun í lagnaskurðum: Fleygun í skurði telst frá því lagi, sem vökvaknúin beltagrafa með riftönn, 23-25 tonn að þyngd nær ekki að losa 10 m³/klst úr.

Fleygun skal einkum viðhafa í kringum lagnir og kapla, eða þar sem sprengingar geta valið skemmdum. Ávallt skal hafa samráð við eftirlitið um hvar skuli fleyga.

Mæla skal yfirborð bergs þegar það er tilbúið til fleygunar.

Ofanvatnsræsi, röralögn: Múffurör úr steinsteypu og járnsteypu. Rör skulu lögð á 150 mm vel þjappað þrifalag úr sandmöl og skal þess gætt að grafa undan múffum, þannig að rörin hvíli jafnt á öllum belgnum. Röralögnin skal í heild vera bein og í samræmi við fyrirmæli. Samskeyti

röra skulu þétt með gúmmíhringjum. Engar lagnir má hylja fyrr en eftirlitið hefur sannprófað legu þeirra og frágang.

Undir þrifalagi skal fylla með góðri mól (hámarkssteinastærð 30-40 mm) niður á skurðbotn. Einnig skal fylla með samskonar mól í 0,2 m hæð yfir og í kringum rör.

Umhverfis röralagnir skal þjappa með titurplötum. Þjappa skal að minnsta kosti með fjórum yfirferðum, en þjöppun skal að öðru leyti ákvörðuð í samráði við eftirlitið. Þess skal gætt að rakastig fyllingarefnisins sé slíkt að sem mest þjöppun náist. Kringum beygjur, greinrör og brunna skal þjappa með handstýrðum titurhnöllum.

Allar tengingar við safnræsi skal gera með sérstökum greinrörum. Aðeins má tengja með því að höggva gat á steinsteypt rör sem eru víðari en 300 mm.

Brunnar: Steypuvinnu við brunna skal að jafnaði ekki hefja þegar horfur eru á minni lofthita en 5°C, nema sérstakar ráðstafanir komi til, sem eftirlitið samþykkir. Verja skal steypu sem lögð hefur verið niður fyrir hvers konar álagi svo sem regni, frosti o.s.frv. Þar til hún hefur náð nægilegum styrk.

Umhverfis brunna skal þjappa með handstýrðum titurhnöllum. Þjappa skal fyllingarefnið í mest 0,3 m þykkum lögum.

Þar sem brunnar koma í grennd við kantsteina eða göngustíga skal efsta hluta brunnanna (brunnkeilunni) snúið þannig að brunnlókið lendi innan við kantsteinana eða í göngustígum þar sem það á við.

Niðurföll: Frágangur niðurfallsræsa skal vera í samræmi við ákvæði um röralögn. Tengingar skulu gerðar með greinpípum. Niðurfallsbrunna í akbraut skal í fyrstu setja u.þ.b. 0,2 m undir endanlegu yfirborði og loka þeim með járnplötu. Mæla skal staðsetningu þeirra og merkja með máluðum tréhæl.

Eftirlitinu skal afhent afrit af mælingunni áður en brunnarnir eru huldur.

Þegar þjöppun endanlegs yfirborðs burðarlags er lokið, skal grafið niður á stútana og brunnarnir framlengdir þannig að niðurfallsristin, sem kemur í brunninn, verði 10-20 mm undir slitlagsyfirborði. Undir niðurfallshólkinn, sem ristin fellur í, skal smyrja með sandsteypu og vandlega kringum niðurföllin.

Umhverfis niðurföll skal þjappa með handstýrðum titurhnöllum. Þjappa skal fyllingarefnið í mest 0,3 m þykkum lögum.

Gæta skal þess að niðurföllin séu þannig staðsett miðað við væntanlegan kantstein að fjarlægð frá honum verði 20-50 mm.

Fylling í skurði: Fyllingu kringum lagnir og brunna er samkvæmt ákvæðum hér að ofan. Þar fyrir ofan skal fylla í skurði í vegstæði með því nothæfa efni sem upp úr þeim hefur verið grafið.

Dugi uppgrafið nothæft efni ekki til fyllingar í lagnaskurði skal fylla það, sem á vantar með aðfluttu efni, sem eftirlitið samþykkir.

Þjappa skal fyllingarefni í lagnaskurðum í mest 0,3 m þykkum lögum. Gæta skal þess að rakastig fyllingarefnis sé slíkt að sem mest þjöppun náist. Hvert lag skal þjappa með minnst fjórum yfirferðum titurplötu en haga þjöppun að öðru leyti að fyrirmælum eftirlitsins.

Skurði utan vegstæðis má fylla með því efni sem upp úr þeim var grafið.

d) Prófanir og mælingar

Við sprengingar skal farið að ákvæðum gildandi reglugerðar og fyrirmælum um hámarksbylgjuhraða.

Lekaprófun á ofanvatnsræsum og brunnum skal framkvæma ef hennar er krafist í viðkomandi verkþáttum.

e) Nákvæmniskröfur – Frávik

Nákvæmniskröfur um staðsetningu ofanvatnsræsa, brunna og vatnsveituleiðslna.

Leyfileg frávik frá hannaðri legu:

Í láréttu plani $\pm 0,20$ m

Hæðarlega $\pm 0,03$ m

Frávik frá hönnuðum halla má þó ekki vera meira en:

Hannaður halli $< 5\%$, frávik $\pm 1\%$

Hannaður halli $> 5\%$, frávik 20% af hönnuðum halla þegar hallinn er mældur á- minnst 10 m löngum leiðslukafla.

Þar sem krafist er að fylgst sé með hámarksbylgjuhraða við sprengingar skal verktaki haga verkinu þannig að í byggingum í nágrenninu fari sveifluhæð titrings (vibrational amplitude) ekki yfir 01,1 mm og hraði agna (partical velocity) ekki yfir 25 mm /sek.

Liður 7. 45.1 Gröftur lagnaskurða

- a) Verkþátturinn innifelur gröft lagnaskurða fyrir lagnir frá niðurföllum að núverandi niðurfallslögnum á Kringlumýrarbraut. Staðsetning er sýnd á teikningu H-XXX.
- c) Kennisnið skurða er sýnt á teikningu H-XXX.
- f) Uppgjör miðast við hannaða lengd á fullgerðum skurði.

Mælieining: m

Liður 8. 45.54 Breyting á hæð brunna

- a) Um er að ræða allt efni og alla vinnu við breytingu á hæð brunna í samræmi við breytta hæð yfirborðs. Þar sem brunnar lenda í nýrri götu skal jafna hæð brunna við hæð götu og stilla af í samræmi við halla götunnar.
- c) Þar sem brunnar lenda í nýrri götu skal jafna hæð brunna við hæð götu og stilla af í samræmi við halla götunnar. Staðsetning brunna er sýnd á teikningu H-XXX.
- f) Uppgjör miðast við hannaðan fjölda breyttra brunna. Innifalið verði skal vera öll vinna og allt efni sem þarf til að breyta hæð brunna.

Mælieining: stk.

Liður 9. 45.62 Hliðarniðurföll

- a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við gerð $\varnothing 400$ mm hliðarniðurfalls með sandfangi og kúlurist, $\varnothing 150$ mm úrtaki og yfirfallslagnar undir stíg. Niðurfall er staðsett við upphækkaða gönguleið í Suðurhlíð, sjá teikningu H-102.

Hellulögn við hliðarniðurföll, stærð 1500 mm x 1500 mm, og jarðvinna og fylling undir hana er innifalin í þessum lið.

Gerð yfirfallslagnar, jarðvinna og fylling er innifalin í þessum lið.

- b) Gerð hliðarniðurfalla er sýnd á teikningu H-103. Steinsteyp t holræsae fni skal standast kröfur danska staðalsins DS-400.3.

Hellur eru af stærðinni 200x100x60 mm. Undir hellum er 30 mm þykkt lag af sandi og fíngerðri harpaðri möl með kornastærð allt að 8 mm og jafna kornadreifingu. Fylling undir hellulögn er 700 mm þykk og skal uppfylla kröfur til styrktarlags.

- c) Móta skal grunna rás milli Suðurhlíðar og stígs að niðurfalli þannig að yfirborðsvatni verði veitt að því.
- Ílagnarsand undir hellum skal þjappa við hagstæðasta raka skv. Proctorþjöppun. Sandur skal þjappaður með plötubjöppun, þyngd <200 kg, minnst 3 umferðir.
- Millibil milli hella skal vera sem minnst, þó ekki minna en 2 mm og þannig að línur verði beinar. Fúgusandur skal kústaður og/eða vökvaður niður í raufarnar um leið og plötubjappa (<200 kg) er látin ganga á steinunum. Þetta skal endurtekið þar til fúgur eru fylltar.
- Steina skal leggja þannig að þær hvíli á öllum fletinum og hvergi komi mishæðir á brúnum steina.
- Umhverfis hliðarniðurföll (kúluristar) skal saga hellur til að aðlaga hringlaga brunn að rétthyrndri hellulögn.
- Steypa skal 10 cm þykka og 15 cm breiða styrkingar meðfram hellulögn. Leggja skal 8 mm steypustyrktarjárn langs í miðja steypustyrkinguna.
- f) Uppgjör miðast við hannaðan fjölda frágenginna hliðarniðurfalla.

Mælieining: stk.

Liður 10. 45.66 Færsla niðurfalla

- a) Um er að ræða rif á núverandi niðurföllum og gerð nýrra. Leggja þarf niðurfallslegg frá núverandi enda að nýju niðurfalli, vegalengd u.þ.b. 3,5 m. Verkbátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við rif á núverandi niðurföllum, gerð nýrra niðurfalla og tengingu niðurfalla. Staðsetning lagna er sýnd á teikningu H-XXX.
- b) Niðurföll skulu vera Ø250mm steyptri niðurfallsþottar með sandfangi og vatnslás.
- Rör skulu vera Ø150mm
- Niðurfallaristar skulu vera steypujárns ristar með flotkarmi. Min 250x300 mm.
- c) Staðsetning og frágangur niðurfalla er sýnd á teikningu H-XXX og á staðalsniði Veitna, LAV-504.
- f) Uppgjör miðast við hannaðan fjölda frágenginna niðurfallsbrunna. Innifalið verði skal vera öll vinna og allt efni sem þarf við gröft og fyllingu, förgun eldri brunna og að koma fyrir nýju niðurfalli.

Mælieining: stk.

52 Gerð styrktarlags - Almenn lýsing

a) Verksvið

Verksviðið er gerð styrktarlags. Í því fellst allt efni og vinna við efnisöflun, vinnsla og útlögn, þar með talið ofanafýting, vinnsla, m.a. mölun, hörpun og þvottur, haugsetning, ámokstur, flutningur, útlögn, jöfnun, vökvun, þurrkun, þjöppun og allur frágangur efnis í styrktarlag.

b) Efniskröfur

Steinefni skal uppfylla þær kröfur sem hér koma fram. Kröfurnar eru settar fram í samræmi við staðla ÍST EN13242 og ÍST EN13285, auk þeirra atriða sem hér koma fram. Kröfur miðast við mælingu á efninu á efnistökuastað, áður en það verður fyrir áraun þjöppunar og vinnuumferðar.

Efnið skal vera laust við lífræn óhreiningu (húmus) og fínefnið skal ekki vera þjálta.

Hámark fínefna (< 0,063 mm) skal vera 7%, þ.e. efnið falli í flokk UF₇ miðað við efni í stærðarflokki 0/63 mm. Ef fínefnainnihald sýnishluta undir 63 mm er meira en 6% skal hlutfall efnis ≤ 0,02 mm vera ≤ 3%.

Í sprengdu bergi eða grófu efni, þar sem steinar hvíla á öðrum steinum og mynda burðargrind skal hámark fínafna ekki vera meira en 12%, þ.e. flokkur UF₁₂ miðað við efni í stærðarflokki 0/63 mm.

Grófleikatalan C_U (D60/D10) fyrir neðra styrktarlag skal vera ≥ 5,

Í efra styrktarlagi má hlutfall efnis minna en 4 mm ekki vera meira en 45%.

Sprengt berg sem notað er í efra styrktarlag skal vera malað og/eða flokkað.

c) Vinnugæði

Efnisvinnsla

Við vinnslu og haugsetningu skal gæta þess að unnið efni aðskiljist ekki eftir kornastærðum. Hæð efniskeilu undir flutningsbandi skal mest vera 3 m og skal gæta þess að allt efnið falli sem næst lóðrétt af bandinu á hauginn. Haugsetja skal efnið í lagerhaug í mest 2 m þykkum lögum og gæta þess að ekki verði hrun efnis niður eftir haugnum. Áður en haugsetning hefst skal mynda hreinan og sléttan botn undir hauginn.

Útlögn

Áður en vinna við styrktarlag hefst skal þess gætt að gengið hafi verið frá yfirborði undirbyggingar /undirstöðu í samræmi við fyrirmæli. Vinnu við ræsi og lagnir skal vera lokið.

Forðast skal aðskilnað kornastærða efnisins og skal bæta úr á fullnægjandi hátt þar sem aðskilnaður verður. Ef efni eru misgóð skal nota betra efnið í efra lag styrktarlagsins.

Verktaki skal leggja fram áætlun um verklag við þjöppun, til samþykktar hjá verkkaupa. Áætlunin skal taka til tegunda tækja, fjölda yfirferða, lagþykkta og aðferða til að sannreyna þjöppunina. Hraði valta skal vera milli 3 og 5 km/klst. Ávallt skal þjappa efni við það rakastig sem tryggir besta þjöppun og skal miða við það rakastig þar sem hæst þurr rúmþyngd næst í Modified Proctor prófi.

Stjórnandi valta skal halda dagbækur um völtun, þar sem fram kemur:

- dagsetning
- gerð og stærð valta
- þyngd og breidd tromlu
- hvaða vegstæði var valtað
- hvaða lag í vegi
- lagþykkt
- hraði valta
- fjöldi yfirferða.

Mælingakaflar í hæð og lagþykkt skulu vera 500 m kaflar fyrir tveggja akreina veg og 1000 m á einnar akreina vegi.

Frágengið yfirborð styrktarlags skal vera lokað og skal einnig hafa fullnægjandi afvötnun og vera laust við hjólför, rastir og óhreinindi.

Úttekt á sléttleika og þykktum skal gera áður en burðarlag er lagt.

d) Prófanir og mælingar

Efnisvinnsla

Prófa skal efnið, óháð framleiðslumagni, að minnsta kosti í upphafi verks, einu sinni á hverjum efnistökuastað eða tvisvar sinnum á ári. Leiki vafi á hæfi efnisins skal það prófað. Komi í ljós að efni sem verkaupi eða verktaki leggur til uppfylli ekki kröfur skal verkataki stöðva notkun þess og tilkynna verkkaupa það þegar í stað.

Prófa skal skv. eftirfarandi aðferðum:

Próf	Prófunaraðferð /mæling
Húmus	Sjónmat/ ÍST EN 1744-1
Þjálmi	Sjónmat/ ASTM D4318
Kornadreifing	ÍST EN 933-1
Berggreining	Flokkunarkerfi Efnisgæðaritsins (viðauka 10)
Styrkleiki (sjá nánar e lið)	ÍST EN 1097-2

Útlögn

Sýna skal fram á þjöppun efnis með einni af eftirtöldum aðferðum:

1. Með plötuprófi: Miða skal við að meðaltal 6 plötuprófa, sem tekin eru í röð, standist kröfur.
2. Með talningu fjölda yfirferða valta og er þjöppun fullnægjandi ef
 - a) fjöldi yfirferða er ákvarðaður með tilraunþjöppun og sýnt er fram á með plötuprófi að tilskildri þjöppun sé náð. Tilraunþjöppun skal gera á vegarkafli sem hefur einsleita efnisgerð og undirstöðu og skulu prófin gerð á veikustu svæðum kaflans. Endurtaka skal tilraunþjöppun á minnst 2 mánaða fresti eða eftir hverja 15.000 m² sem unnir hafa verið og eins ef skipt er um efnistökuastað, breyting verður á efnisgerð, undirbygging breytist o.s.frv. Talningu á fjölda yfirferða við þjöppun skal færa á sérstök eyðublöð sem verkkaupi samþykkir.
 - b) þjöppunartilhögun er í samræmi við neðangreinda töflu um val valta, efnisgerð, lagþykkt og fjölda yfirferða.

Þjöppunarbúnaður, valti með eina tromlu		Óbrotið efni, sandur og mól		Brotið efni og púkk	
Heildarþyngd, tonn	Statísk þyngd, kg/cm ²	Lagþykkt mm	Lágmarks fjöldi yfirferða	Lagþykkt mm	Lágmarks fjöldi yfirferða
6-8	15-25	≤ 400	8	≤ 200	5
				200-400	7
9-10	25-35	≤ 400	7	≤ 200	4
		400-500	8	200-400	7
				400-500	8
10-13	35-45	≤ 400	5	≤ 200	4
		400-500	6	200-400	5
				400-500	6
> 13	> 45	≤ 400	3	≤ 400	3
		400-500	4	400-500	4

Talningu á fjölda yfirferða við þjöppun skal færa á sérstök eyðublöð sem verkkaupi samþykkir.

3. Með kvörðuðum mæligildum úr þjöppumæli. Þjöppumæli skal kvarða með tilraunþjöppun og sýna fram á með plötuprófi að tilskildri þjöppun sé náð. Þjöppun telst fullnægjandi ef hækkun milli umferða er minni en 5% - 10%. Tilraunþjöppun skal gera á vegarkafli sem hefur einsleita efnisgerð og undirstöðu og skulu prófin gerð á veikustu svæðum kaflans. Endurtaka skal kvörðun þjöppumælis á minnst 2 mánaða fresti eða eftir hverja 15.000 m² sem unnir hafa verið og eins ef skipt er um efnistökuastað, breyting verður á efnisgerð, undirbygging breytist o.s.frv. Mæligildi þjöppumælis í valta skal prenta út fyrir allt þversnið vegarins og skila því á tölvutæku formi.

e) **Nákvæmniskröfur – Frávik**

Efnisvinnsla

Um frávik á kröfum til efnisgæða steinefna gildir að eitt sýni af fimm má víkja frá gildandi kröfu en þó má ekkert frávik vera meira en 10% af tölugildi kröfuflokksins í átt til lakari efnisgæða. Um frávik frá kornadreifingu gildir að 90% mælinga skuli liggja innan marka um yfir- og undirstærðir og fínefnaflokk.

Ef steinefni stenst ekki leiðbeinandi kröfur til berggreiningar skal gera styrkleikapróf.

Ef fínefni (<0,063 mm) er ≤ 3% er ekki ástæða til að prófa þjálni (þjálnistuðull) efnisins.

Útlögn

Mesta frávik einstakra plötuprófa til lækkunar er 10 MPa fyrir burðarþolsgildið (E₂). en meðaltal E₂ gilda skal ná kröfugildinu

Frávik frá hönnuðum axlarbrúnum er +100 / -0 mm

Ef mælingar sýna frávik umfram leyfileg mörk skal verktaki bæta úr því.

Liður 11. 52.2 Styrktarlag unnið efni (allt innifalið)

a) Um er að ræða efnisöflun, efnisvinnslu, flutning, útlögn, þjöppun og frágang.

Þykkt styrktarlags skal vera eins og sýnt er á kennisniði á teikningu F-XXX.

Öll vinnsla efnisins sem er nauðsynleg til þess að það uppfylli efniskröfur almennrar verklýsingar og kröfur sem settar eru fram hér að neðan skal innifalin í þessum lið.

Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu vegna fínjöfnunar ef yfirborð styrktarlags er ójafnt eða opið eftir þjöppun. Einnig skal innifela allan kostnað vegna mælinga.

b) Stærðarflokkur efnis skal vera óflokkað efni 0/90 mm

Kröfuflokkur skal vera G_A 85.

Grófleikatalan (C_U) fyrir styrktarlag skal vera C_U ≥ 15

Stærstu steinar skulu vera ≤ 250 mm.

Berggreining. Hlutfall steinefna í gæðaflokki 3, samkvæmt flokkunarkerfi Efnisgæðaritsins (viðauka 10) skal vera ≤ 25% ef um er að ræða ferskt efni, en ≤ 10% ef efni er mjög ummyndað.

Styrkur (LA-próf) skal vera LA₃₅ ef steinefni í 3. gæðaflokki berggreiningar samkvæmt flokkunarkerfi Efnisgæðaritsins (viðauka 10) er ferskt efni. Ef steinefni í 3. gæðaflokki berggreiningar er mjög ummyndað efni, þá skal styrkur (LA-próf) vera LA₂₀

c) Krafa til þjöppunar er að hlutfall E-gilda (E₂/E₁) úr plötuprófi skal vera ≤ 2,5

Lágmarksgildi fyrir burðarþolsgildið E₂ úr plötuprófi skal vera > 140 MPa

d) Lágmarkstíðni prófana á steinefnum miðað við tilgreint magn (m³) er eftirfarandi:

Kornadreifing, húmus og þjálni 3000 m³

Berggreining eitt próf fyrir hverja 15.000 m³

Þjöppun efnis er skv. prófunaraðferð nr. 1 í d-lið almennrar lýsingar hér að framan. Plötupróf skal gera á 100 m bili.

Verktaki skal sýna fram á þjöppun efnis með kvörðuðum mæligildum úr þjöppumæli. Allir valtar skulu útbúnir þjöppunarmæli með sítandi skýrslugjafa og staðsetningartæki. Mæligildi þjöppumælis í valta skal skila inn fyrir allt þversnið vegarins á tölvutæku formi, grafískt uppreiknað. Stjórnandi valta skal halda dagbók þar sem fram kemur dagsetning, gerð og stærð valta, þyngd og breidd trommlu, hvaða vegkafla er valtaður, hvaða lag í vegi, lagþykkt, hraði valta og fjöldi yfirferða.

e) Hámarksfrávik frá hönnuðu yfirborði og hannaðri lagþykkt er eftirfarandi:

	Stök mæling	Meðaltal
Hámarksfrávik frá hönnuðu yfirborði (mm)	±30	±7
Hámarksfrávik frá hannaðri lagþykkt (%)	+20/-15	/-5

f) Uppgjör miðast við hannað fullfrágengið styrktarlag.

Mælieining: m³

53 Gerð burðarlags - Almenn lýsing

a) Verksvið

Verksviðið er gerð burðarlags. Í því fellst allt efni og vinna við efnisöflun og vinnslu, þar með talinn þvott, ofanafýtingu, ámokstur, flutning, haugsetningu ef þörf er á, niðurlagningu, þjöppun, þurrkun, vökvun jöfnun og allan frágang efnis í burðarlag.

b) Efniskröfur

Steinefni skal uppfylla kröfur í samræmi við staðla ÍST EN 13242 og ÍST EN 13285, auk þeirra atriða sem hér koma fram. Kröfur miðast við mælingu á efninu á efnistökuastað, áður en það verður fyrir áraun þjöppunar og vinnuumferðar.

Efni skal vera laust við lífræn óhreinindi (húmus) og efnið skal ekki vera þjált.

c) Vinnugæði

Efnisvinnsla

Við vinnslu og haugsetningu skal gæta þess að unnið efni aðskiljist ekki eftir kornastærðum. Hæð efniskeilu undir flutningsbandi skal mest vera 3 m og skal gæta þess að allt efnið falli sem næst lóðrétt af bandinu á hauginn. Haugsetja skal efnið í lagerhaug í mest 2 m þykkum lögum og gæta þess að ekki verði hrun efnis niður eftir haugnum. Áður en haugsetning hefst skal mynda hreinan og sléttan botn undir hauginn.

Útlögn

Ganga skal frá yfirborði styrktarlags í samræmi við fyrirmæli áður en vinna við burðarlag hefst. Yfirborðið skal vera lokað og laust við óhreinindi.

Leggja skal burðarlag á veg með malardreifara til að tryggja jafna dreifingu efnisins og minnka hættuna á aðskilnaði kornastærða.

Forðast skal aðskilnað efnis og bæta úr á fullnægjandi hátt þar sem aðskilnaður verður.

Verktaki skal leggja fram áætlun um verklag við þjöppun, til samþykktar hjá verkkaupa. Áætlunin skal taka til tegunda tækja, fjölda yfirferða, lagþykktar og aðferða til að sannreyna þjöppunina. Hraði valta skal vera milli 3 og 5 km/klst. Ávallt skal þjappa efni við það rakastig

sem tryggir besta þjöppun og skal miða við það rakastig þar sem hæst þurr rúmþyngd næst í Modified Proctor prófi.

Stjórnandi valta skal halda dagbækur um völtun, þar sem fram kemur:

- dagsetning
- gerð og stærð valta
- þyngd og breidd tromlu
- hvaða vegstæði var valtað
- hvaða lag í vegi
- lagþykkt
- hraði valta
- fjöldi yfirferða.

Mælingakaflar í hæð og lagþykkt skulu vera að hámarki á 500 m kaflar fyrir tveggja akreina veg og 1000 m á einnar akreinar vegi.

Frágengið yfirborð burðarlags skal hafa fullnægjandi afvötnun og vera laust við hjólför, rastir og óhreinindi. Sléttleika og lagþykktir skal athuga reglulega og áður en næsta lag er lagt. Þegar frágangi burðarlags er lokið, skal skoða yfirborð og meta ástand þess m.t.t. sléttleika og þverhalla. Eftir að gengið hefur verið frá yfirborði burðarlags má engin umferð vera á því nema með leyfi verkkaupa.

d) Prófanir og mælingar

Efnisvinnsla

Prófa skal efnið, óháð framleiðslumagni, að minnsta kosti í upphafi verks, einu sinni á hverjum efnistöku eða tvisvar sinnum á ári. Leiki vafi á hæfni efnisins skal það prófað. Komi í ljós að efni sem verkaupi eða verktaki leggur til uppfylli ekki kröfur skal verkataki stöðva notkun þess og tilkynna verkkaupa það þegar í stað.

Prófa skal skv. eftirfarandi aðferðum:

Próf	Prófunaraðferð /mæling
Húmus	Sjónmat/ ÍST EN 1744-1
Þjálmi	Sjónmat/ ASTM D4318
Konadreifing	ÍST EN 933-1
Berggreining	Flokkunarkerfi Efnisgæðaritsins (viðauka 10)
Frostþol	ÍST EN 1367-6
Kornalögun	ÍST EN 933-3
Brothlutfall	ÍST EN 933-5
Styrkleiki	ÍST EN 1097-2

Útlögn

Sýna skal fram á þjöppun efnis með einni af eftirtöldum aðferðum:

1. Með plötuprófi. Miða skal við að meðaltal 6 plötuprófa, sem tekin eru í röð, standist kröfur.
2. Með talningu fjölda yfirferða valta og er þjöppun fullnægjandi ef
 - a) fjöldi yfirferða er ákvarðaður með tilraunþjöppun og sýnt er fram á með plötuprófi að tilskilinni þjöppun sé náð. Tilraunþjöppun skal gera á vegarkafli sem hefur einsleita efnisgerð og undirstöðu og skulu prófin gerð á veikustu svæðum kaflans. Endurtaka skal

tilraunþjöppun á minnst 2 mánaða fresti eða eftir hverja 15.000 m² sem unnir hafa verið og eins ef skipt er um efnistökuastað, breyting verður á efnisgerð, undirbygging breytist, o.s.frv. Talningu á fjölda yfirferða við þjöppun skal færa á sérstök eyðublöð sem verkkaupi samþykkir.

- b) þjöppunartilhögun er í samræmi við eftirfarandi töflu um val valta, efnisgerð, lagþykkt og fjölda yfirferða.

Gerð valta	Heildarþyngd, t	Statísk þyngd kg/cm	Lagþykkt, mm	Lámarksfjöldi yfirferða
Einnar tromlu valti	6-8	15-25	100	6
	8-10	25-35	200	6
	10-13	35-45	250	6
Tveggja tromlu valti	2-4	15-25	100	6
	4-8	15-25	200	6
	8-13	25-35	250	6

Talningu á fjölda yfirferða við þjöppun skal færa á sérstök eyðublöð sem verkkaupi samþykkir.

- 3) Með kvörðuðum mæligildum úr þjöppumæli. Þjöppumæli skal kvarða með tilraunþjöppun og sýna fram á með plötuprófi að tilskilinni þjöppun sé náð. Þjöppun telst fullnægjandi ef hækkun milli umferða er minni en 5%. Tilraunþjöppun skal gera á vegarkafli sem hefur einsleita efnisgerð og undirstöðu og skulu prófin gerð á veikustu svæðum kafans. Endurtaka skal kvörðun þjöppumælis á minnst 2 mánaða fresti eða eftir hverja 15.000 m² sem unnir hafa verið og eins ef skipt er um efnistökuastað, breyting verður á efnisgerð, undirbygging breytist, o.s.frv. Mæligildi þjöppumælis í valta skal prenta út fyrir allt þversnið vegarins og skila því á tölvutæku formi.

e) Nákvæmniskröfur – Frávik

Efniskröfur

Um frávik á kröfum til efnisgæða steinefna gildir að eitt sýni af fimm má víkja frá gildandi kröfu en þó má ekkert frávik vera meira en 10% af tölugildi kröfuflokksins í átt til lakari efnisgæða.

Um frávik á hámarksmagni fínefna (UF₅) gildir að ef hlutfall fínefna (<0,063 mm) er á bilinu 5 - 6% þá má mæla kornadreifingu fínefna (hydrometer eða laser). Þá gildir sú krafa að hlutfall efnis ≤ 0,02 mm skal vera ≤ 3%. Um frávik frá lágmarksmagni fínefna (UF₂) gildir að það má ekki víkja meira en 10% til lækkunar í einu sýni af hverjum 5.

Ef steinefni stenst ekki leiðbeinandi kröfur um gerð og magn 3. flokks efnis til berggreiningar skal gera frostþolspróf.

Ef fínefni (<0,063 mm) er ≤ 3% er ekki ástæða til að prófa þjálni (þjálnistuðull) efnisins.

Útlögn

Mesta frávik einstakra plötuprófa til lækkunar er 10 MPa fyrir burðarþolsgildið (E₂). En meðaltal E₂ gilda skal ná kröfugildinu.

Ef mælingar sýna frávik umfram leyfileg mörk skal verktaki bæta úr því.


Liður 12. 53.111 Óbundið burðarlag, 0/22

- a) Um er að ræða efnisöflun, efnisvinnslu, flutning, útlögn og frágang burðarlags í stíga. Öll vinnsla efnisins sem nauðsynlegt er til þess að uppfylla efniskröfur í almennri verklýsingu og kröfur sem settar eru fram hér að neðan skal innfalið í þessum lið.

Verkþátturinn innifelur gerð óbundins burðarlags í stíga úr unnu efni úr námu. Um er að ræða efni, flutning, útlögn og frágang. Verkþátturinn innifelur einnig allt efni og alla vinnu vegna fínjöfnunar ef yfirborð efra burðarlagsins er ójafnt og/eða opið eftir þjöppun. Einnig skal innfela allan kostnað vegna mælinga.

Þykkt óbundins burðarlags skal vera eins og sýnt er á kennisniði á teikningu **F-**

- b) Efnið skal vera malað berg af flokkunarstærð 0/22 og skal kornadreifing efnis liggja innan markalína sem sýndar eru á eftirfarandi mynd.



Kröfuflokkur G_p .

Hámarks magn fínefna skal miðast við flokk UF_5 .

Lágmarks magn fínefna skal miðast við flokk LF_2 .

Berggreining. Hlutfall steinefna í gæðaflokki 3 samkvæmt flokkunarkerfi Efnisgæðaritsins, skal vera $\leq 12\%$ ef um er að ræða ferskt efni, en $\leq 7\%$ ef efni er mjög ummyndað.

Frostþol F_{EC14} .

Ekki er gerð krafa fyrir brothlutfall fyrir malað berg.

Kornalögun steinefna skal vera Fl_{30} .

Styrkur (LA-próf) skal vera LA_{25} ef steinefni í 3. gæðaflokki berggreiningar samkvæmt flokkunarkerfi Efnisgæðaritsins er ferskt efni. Ef steinefni í 3. gæðaflokki berggreiningar er mjög ummyndað efni, þá skal styrkur (LA-próf) vera LA_{20} .

- e) Leyfð frávik í hæð og sléttleika og hannaðri lagþykkt, sjá Liður 13.

- f) Uppgjör miðast við hannað fullfrágengið burðarlag.

Mælieining: m^3

Liður 13. 53.113 Óbundið burðarlag, 0/45

- a) Um er að ræða efnisöflun, efnisvinnslu, flutning, útlögn og frágang burðarlags í götur. Öll vinnsla efnisins sem nauðsynlegt er til þess að uppfylla efniskröfur í almennri verklýsingu og kröfur sem settar eru fram hér að neðan skal innifalið í þessum lið.

Verkþátturinn innifelur gerð óbundins burðarlags í vegi úr unnu efni úr námu. Um er að ræða efni, flutning, útlögn og frágang. Verkþátturinn innifelur einnig allt efni og alla vinnu vegna fínjöfnunar ef yfirborð efra burðarlagsins er ójafnt og/eða opið eftir þjöppun. Einnig skal innifela allan kostnað vegna mælinga.

Þykkt óbundins burðarlags skal vera eins og sýnt er á kennisniði á teikningu F-XXX.

- b) Stærðarflokkur efnis skal vera 0/45. Í burðarlag skal nota um 10% af malbikskurli (uppræstu malbiki) í stærðarflokki 0/22 (sjá kornadreifingu fyrir 0/22 efni í Liður 122). Nota skal m.a. allt uppræst malbik sem fellur til í verkinu. Malbikinu skal blandað í burðarlagsefnið þannig að endanleg kornadreifing uppfylli kröfurnar um burðarlag hér að neðan.

Kornadreifing miðast við flokk G_p .

Hámarks magn fínefna skal miðast við flokk UF_5

Lágmarks magn fínefna skal miðast við flokk LF_2


Frostþol F_{EC14} .

Hlutfall steinefna í gæðaflokki 3 skal vera < 12%

Brothlutfall steinefna skal vera $C_{95/3}$

Styrkur efna skal vera LA_{25}

Markalínur eru sýndar á mynd hér að neðan.



- c) Krafa til þjöppunar er að hlutfall E-gilda (E_2/E_1) úr plötuprófi skal vera < 2,5.

Lágmarksgildi fyrir burðarþolsgildið E_2 úr plötuprófi skal vera > 150 MPa

- d) Lágmarkstíðni prófana á steinefnum miðað við tilgreint magn (m^3) er eftirfarandi:
Kornadreifing, húmus og þjálni $1.000 m^3$

Berggreining og kornalögun $6.000 m^3$

Brothlutfall 1.500 m³

Styrkleiki 6.000 m³

Plötupróf skal gera á 100 m bili

- e) Leyfð frávik í hæð og sléttleika og hannaðri lagþykkt, mælt að hámarki á 500 m kafla fyrir tveggja akreina veg og 1.000 m á einnar akreinar vegi.

	Stök mæling	Meðaltal
Leyft frávik frá hönnuðu yfirborði (mm)	+20/-30	+5/-10
Sléttleiki í þverátt mældur með 3 m réttsskeið (mm)*	10	
Sléttleiki í langátt mældur með 3 m réttsskeið (mm)*	10	
Leyft frávik frá hannaðri lagþykkt (%)	+20/-10	
Leyfð frávik frá hönnuðum axlarbrúnum (mm)	+100 / -0 mm	/-5

*Hámarks bil milli réttsskeiðar og yfirborðs, ekki mælt undir útkrögun.

- f) Uppgjör miðast við hannað fullfrágengið burðarlag.

Mælieining: m³

63 Malbik – Almenn lýsing

a) Verksvið

Verksviðið er gerð malbiks, þar með talið allt efni og vinna við útvegum þess og framleiðsla, flutningur, sópun, líming, útlögn, og þjöppun malbiks.

b) Efniskröfur

Niðurstöður varðandi eiginleika steinefna og malbiks sem taldir eru upp í lið d) hér að neðan skulu liggja fyrir í upphafi verks. Þær skulu uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í einstökum verkliðum.

Stífmalbik (AC) skal framleitt í samræmi við staðal ÍST EN 13108-1 og fylgistaðal ÍST 75, sem er í samræmi við ÍST EN 13108-20 og 13108-21.

Steinríkt malbik (SMA) skal framleitt í samræmi við staðal ÍST EN 13108-5 og fylgistaðal ÍST 75, sem er í samræmi við ÍST EN 13108-20 og 13108-21.

Steinefnakröfur í malbiki eru í samræmi við ÍST EN 13043 og fylgistaðal ÍST 76, sem er í samræmi við ÍST EN 16236, auk þess sem hér kemur fram og miðast kröfur við malað efni í lagerhaug.

Steinefni skulu ekki vera fínefnasmurð.

Efnið skal vera laust við lífræn óhreinindi og má ekki flokkast sem þjálta efni.

Kornadreifing: Hannaður sáldurferill hvernar malbiksgerðar skal liggja innan markalína, sem sett er fram í einstökum verkliðum og samsíða markalínunum.

Viðloðun: Pakning skal vera að lágmarki 25% eftir 48 klst. (rúlluflöskupróf). Viðloðunarefni skal vera í öllu malbiki og hlutfall þess af bindiefnismagni skal vera að lágmarki 0,3%.

Límefni skal vera bikþeyta.

c) Vinnugæði

Framleiðslueftirlit malbiks

Gerð er krafa um að framleiðslan sé í samræmi við gæðakerfi verktaka og að hún sé gæðavottuð. Mæla skal og halda skrá yfir sáldurferil, bindiefnisinnihald, holrýmd, bikfyllta holrýmd og hitastig við blöndun, samkvæmt íslenskum fylgistaðli ÍST 75.

Útlögn

Leggja skal malbik með útlagnarvél þar sem því verður við komið. Brúnir lagsins skulu vera beinar línur eða jafnir bogar án frávika frá hönnunarlínu.

Á meðan á útlögn stendur er verktaka ekki heimilt að loka síló, til að tryggja að kalt malbik berist ekki í útlögn.

Ef verktaki hyggst ekki nota matara við útlagnir má útlögn ekki stöðvast lengur en 15 mínútur. Ef hún varir lengur skal verktaki tæma úr vél og búa til lás áður en útlögn hefst að nýju.

Þegar malbik er lagt á möl skal undirlagið vera rakt, en ekki mettað.

Þegar malbik er lagt yfir bundið undirlag skal undirlagið vera tilbúið til yfirlagnar, viðgerðum lokið og yfirborðið þurrt og hreint, áður en líming fer fram.

Þegar malbik er lagt yfir sérstakt undirlag, t.d. þéttidúk, vatnsvarnarlag á brú eða önnur sérhæfð efni, skal hlíta fyrirmælum framleiðanda undirlagsins við útlögn.

Aðskilnaður má ekki verða í malbikinu á neinu stigi frá framleiðslu til útlagnar.

Við útlögn skal nota hitamyndavél með GPS-staðsetningarbúnaði sem mælir allt útlagnarþversniðið. Frumgögn úr hitamyndavélum skulu afhent verkkaupa.

Líming. Til límingar skal nota 0,3 kg/m² af C50B3 bikþeytu og skal hún hafa brotnað áður en malbikið er lagt yfir. Þá skal bikleif vera 0,15 kg/m². Notkun annarra límingarefna er háð samþykki verkkaupa. Þegar lagt er yfir bundið undirlag skal dreifa límeefni yfir allan flötinn.

Þar sem nýlögn mætir eldra slitlagi skal saga kanta sem lagt er að og skal kantlínan vera bein og óbrotin eða jafnir bogar án frávika frá hönnunarlínu.

Límbera skal alla kalda kanta sem lagt er að með heitu bindiefni (PG 160/220). Víkja má frá því að límbera ef skrið kantsins hefur ekki verið mikið og ef verkkaupi heimilar að nota kanthitara til þess að hita upp kant á fyrri færðu. Yfirborðshiti kants skal vera a.m.k. 140°C, u.þ.b. 0,4 m fyrir aftan hitarann.

Samskeyti. Malbikið skal vera án kaldra samskeyta.

Heit samskeyti skulu hafa sömu holrýmd og gerð er krafa um fyrir lagið í heild sinni.

Þversamskeyti skulu vera bein í hæð og plani.

Langsamskeyti skulu vera á álagsminnsta hluta þversniðsins og vera samsíða hönnunarlínu.

Ef lögð eru fleiri lög skal hliðra langsamskeytum um 200 til 300 mm, milli efra og neðra lags.

Ef axlir eru úr ólíku efni skal saga slitlagsbrún áður en lagt er á axlir.

Völtun. Strax eftir útlögn skal valta þannig að sem best og jöfnust þjöppun náist. Þjöppunarhlutfall, þ.e. rúmpyngd eftir þjöppun, skal vera a.m.k. 96% af hæstu hannaðri rúmpyngd kjarna, sem steipt var úr efninu og mæld á rannsóknarstofu (þjöppun með Marshall-hamri).

Sé bikið með stungudýpt PG 160/220 skal völtun hefjast áður en hitastig malbiksins fer niður fyrir 130°C og 140°C fyrir gerð PG 70/100.

Umferð. Umferð má hleypa á nýlagt malbik þegar hitastig þess er orðið lægra en 40°C.

Skemmdir á nýju malbiki. Gera skal við allar skemmdir er kunna að hafa orðið, áður en skemmdu svæðin eru orðin óhrein af völdum umferðar.

Hemlunarviðnám. Hemlunarviðnám útlagðs malbiks skal vera að lágmarki 0,55. Verkkaupi framkvæmir mælingar á hemlunarviðnámi á öllum útlögðum köflum.

Ef hemlunarviðnám mælist t.d. undir 0,40 skal fara fram á tafarlaugar aðgerðir til að auka hemlunarviðnámið (ný yfirlögn). Ef viðnámið er á bilinu 0,40-0,55 skal mæla kafla aftur á tveggja vikna fresti til að meta ástand vegarins.

Verktaki skal fylgjast stöðugt með ástandi vegar á þessu tímabili og tilkynna verkkaupa ef breytingar verða á yfirborði. Ef ástandið er óbreytt eftir tvo mánuði frá útlögn á malbiki skal fara í nauðsynlegar aðgerðir til að auka hemlunarviðnámið í samráði við verkkaupa. Ef kafla mælist yfir 0,55 í hemlunarviðnámi er óhætt að fjarlægja viðvörunarskilti.

Ef einhver frávik verða frá kröfum um hemlunarviðnám skal tafarlaust rannsaka kjarna úr malbikinu með tilliti til holrýmdar til að ákvarða viðeigandi aðgerðir. Kjarnar skulu rannsakaðir á prófunarstofu.

Mæling miðast við staðlaða mælingu með veggripsmæli Vegagerðarinnar af gerðinni BV-11. Mælingin skal gerð miðað við hraðann 60 km/klst og yfirborð vegar skal vera rakt, þ.e.a.s. ásprautað með stöðluðu vatnsmagni mælitækis.

Vinnusvæði. Vinnusvæði skal skilað snyrtilegu. Verktaki skal fjarlægja –efnaúrkast og alla aukahluti og ílát sem hann kann að hafa haft með sér á vinnusvæðið, strax þegar yfirlögn er lokið á hverjum kafla fyrir sig. Verki telst ekki lokið fyrir en endanlegur frágangur hefur farið fram. Verktaki skal gæta þess að búnaður vegarins og nágrenni verði ekki fyrir hnjaski eða sóðist út og lagfæra það sem með þarf.

Viðgerð. Við viðgerð með nýju malbiki skal ekki verða aðskilnaður í malbikinu á neinu stigi frá framleiðslu til útlagnar. Malbik skal leggja út og þjappa á þann hátt að uppfylltar séu kröfur um þjöppun.

Viðgerðin skal ná a.m.k. 300 mm út fyrir sjálfa skemmdina. Kröfum um slitlag skal fullnægt, óháð því hvaða viðgerðaraðferð er notuð. Bráðaviðgerðir skal fjarlægja þegar endanleg viðgerð fer fram.

Ílögn með hitun (bræðingur): Skemmda svæðið skal hitað með óbeinni hitun og svæðið jafnað undir viðbót af nýju malbiki. Nýtt malbik skal jafnað yfir svæðið með nauðsynlegri yfirhæð, bótin verði eftir völtun í fleti við slitlagið umhverfis. Völtun og frágangur á að vera eins og fyrir malbiksslitlag.

Fræsun og ílögn: Fræst skal fyrir ílögn með malbiki. Skal fræsisdýpt vera að minnsta kosti þreföld miðað við stærstu steinastærð malbiksins, sem lögð verður í fræsisfarið. Líma skal botn og kanta og leggja bótina í og valta. Til límingar skal nota 0,3 kg/m² af BP50B3 bikþeytu, og skal hún hafa brotnað áður en malbikið er lagt yfir. Þá skal bikleif vera 0,15 kg/m².

Uppúrtekt og ílögn: Saga skal í gegnum malbikslagið og fjarlægja það. Líma skal kanta og leggja bótina í og valta. Lélegt burðarlag skal fjarlægja og setja hæft í. Hreinsa skal burt allt frostnæmt efni. Fylla skal aftur með burðarlagsefni er fullnægir kröfum viðkomandi burðarlags og þjappa það í rétta hæð undir viðgerðarmalbikslagið. Ef svæði, sem á að gera við, er blautt skal laga afvötnunina þegar fullnaðarviðgerð hefur náðst.

Klæðing: Klæðing er gjarnan notuð til að þétta opin og sprungin svæði og fleiður (e. sealing). Blása skal úr skemmdinni með þrýstilofti og leggja svo klæðinguna út. Klæðingu í fleiðurskemmdir þarf að leggja í nægjanlega mörgum lögum til þess að koma bótinni í rétta hæð.

Húðun (e. slurry seal): Blása skal úr skemmdinni með þrýstilofti og húðun dregin yfir samkvæmt fyrirmælum. Klæða skal yfir húðunina 300 mm inn á óskemmt svæði umhverfis skemmdina áður en umferð hefst.

d) **Prófanir og mælingar**

Efnisvinnsla steinefna

Steinefni sem nota á í malbik skal gerðarprófað og skulu niðurstöður liggja fyrir í upphafi verks. Leiki vafi á hæfi efnisins skal það prófað sérstaklega. Komi í ljós að steinefni, sem verkkaupi eða verktaki leggja til, uppfylli ekki kröfur skal verktaki stöðva notkun þess og tilkynna verkkaupa það þegar í stað.

Við gerðarprófun og framleiðslueftirlit skal prófa, skv. eftirfarandi aðferðum sem eru í samræmi við fylgistaðal ÍST 76:

Próf	Prófunaraðferð /mæling
Húmus	Sjónmat/ ÍST EN 1744-1
Þjálni	Sjónmat/ ASTM D4318
Kornadreifing	ÍST EN 933-1
Viðloðun	ÍST EN 12697-11
Berggreining	ÍST EN 932-3 og flokkunarkerfi Efnisgæðaritsins (viðauka 10)
Frostþol*	ÍST EN 1367-6
Styrkleiki	ÍST EN 1097-2
Brothlutfall**	ÍST EN 933-5
Kornalögun	ÍST EN 933-3
Slitþol	ÍST EN 1097-9
Slípigildi PSV	ÍST EN 1097-8

* Einungis framkvæmt ef steinefni stenst ekki leiðbeinandi kröfur til gæðaflokkunar, samkvæmt berggreiningu.

**Gildir ekki fyrir malað berg.

Endurskin steinefna skal mæla, eins og lýst er í riti norsku vegagerðarinnar, Håndbok R210 Laboratorieundersøkelser, kafla 115.

Við framleiðslueftirlit framleiðanda steinefna skal lágmarkstíðni prófana vera í samræmi við töflu 1 í ÍST 76.

Endurskin steinefna skal mæla að lágmarki einu sinni á ári.

Framleiðsla malbiks

Gerðarprófanir (e. type testing) fyrir viðkomandi malbiksgerð skulu liggja fyrir, samkvæmt íslenskum fylgistaðli ÍST 75 í upphafi verks. En samkvæmt staðlinum er um að ræða mælingu á sáldurferli, bindiefnisinnihaldi, holrýmd, bikfylltri holrýmd og hitastigi við blöndun. Að auki skulu liggja fyrir prófanir með hjólfaraprófi, Prall-slitþolsprófi og vatnsnæmisprófi.

Lágmarkstíðni prófana við eftirlit með framleiðslu malbiks skal ákvarða með tilliti til viðauka A í staðli ÍST EN 13108-21, sbr. fylgistaðal ÍST 75.

Verkkaupi getur ávallt óskað eftir gögnum um og úr innra eftirliti framleiðanda og sett fram kröfur um frekara eftirlit.

Útlagt malbik

Rúmpýngd (holrýmd) malbiks í vegi eftir völtun skal staðfesta með viðurkenndum aðferðum sem samþykktar eru af verkkaupa. Mælingar skal gera svo oft að tryggt sé að kröfur hafi verið uppfylltar.

Verktaki skal taka sýni úr frágengnu malbiki (borkjarna) til staðfestingar á að kröfur hafi verið uppfylltar. Sýnataka skal vera í samræmi við ÍST EN 12697-27.

Gera skal verktaka viðvart hyggist verkkaupi taka sýni úr frágengnu slitlagi í samræmi við ÍST EN 12697-27. Og er verktaka heimilt að krefjast þess að sýnið sé svo stórt að það nægi til þrefaldrar prófunar: ein sem verktaki gerir, önnur sem verkkaupi lætur gera og þriðja er til prófunar, ef ágreiningur kemur upp á verkábyrgðartíma.

Tíðni mælinga, varðandi hæðarlegu yfirborðs og sléttleika, er eftirfarandi:

Mæling	Tíðni mælinga
Hæðarlega	200 m mældir af hverjum km
Þverhalli	Minnst 10 snið innan 200 m kafla, á hverjum km
Ýfi (sléttleiki)	Minnst 40 m á 200 m kafla (réttsskeið) eða samfelld mæling með veggreiðni

e) Nákvæmniskröfur – Frávik

Efnisvinnsla

Um frávik á kröfum um efnisgæði steinefna gildir að eitt sýni af fimm má víkja frá gildandi kröfu en þó má ekkert frávik vera meira en 10% af tölugildi kröfuflokksins í átt til lakari efnisgæða.

Hámarksfrávik frá uppgefnu bikinnihaldi er samkvæmt ÍST EN 13108-21, Annex A, $\pm 0,3\%$ af gildinu miðað við meðaltal fjögurra sýna.

Útlögn

Leyfð frávik í láréttum fleti frá hannaðri slitlagsbrún er $+30/-0$ mm.

Leyfð frávik fyrir hverja þykktarmælingu á kjarna úr útlögðu malbiki er $+10/-0$ mm.

Leyfð frávik í hæðarlegu og sléttleika yfirborðs eru samkvæmt töflunni hér að neðan.

Mælingar	Kröfur
Mestu ójöfnur á akrein mældar með 3 m réttsskeið (mm)	6
Hámarkshrýfi, IRI (international Roughness Index),	2,0
Hámarksfrávik frá hönnuðu yfirborði (mm)	± 30
Hámarkshæðarbreytingar á 20 m (mm)	± 10
Hámarksfrávik frá hönnuðum þverhalla (%)	$\pm 4,0$

Mishæð á þversamskeyti milli útlagnar og eldra slitlags skal aldrei vera meira en 10 mm, mælt með 3 m réttsskeið á yfirborði og skal jafnast út á 10 m bili.

Frávik frá þjöppunargildi: Rúmpýngd malbiks eftir þjöppun skal vera a.m.k. 96% af rúmpýngd sem fengin er með Marshall-þjöppun.

Þykkt fræsingar er mæld þannig að réttsskeið (eða strengd snúra) er lögð yfir fræsinguna og mælt undir með þykktarfleyg. Þau svæði sem ekki standast mál skulu fræst aftur. Meðalþykkt malbiks eftir útlögn skal vera a.m.k. tveimur mm þykkari en uppgefin þykkt fræsingarinnar. Malbiksþykktin er reiknuð út frá rúmpýngd og magni malbiks, ásamt flatarmáli. Leyft frávik frá hannaðri þykkt fræsingar er $+10/-0$ mm.

Í fræstum vegöxlum eru ekki sérstakar nákvæmniskröfur gerðar til fræsingarinnar en meðalþykkt malbiks skal a.m.k. vera uppgefin þykkt fræsingar.

Ef feitir blettir á yfirborði útlagnar á bundnu slitlagi eru samtals stærri en 5 m² skal verktaki tafarlaust stöðva útlögn, kalla eftir framleiðsluskýrslum og afhenda eftirliti. Verktaki skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir, sem Vegagerðin samþykkir, til að umferð stafi ekki hætta af framkvæmdinni.

Takist ekki að leiðrétta galla á verkinu til samræmis við útboðslýsingu strax, skal verktaki stöðva verkið í heild og gera viðeigandi öryggisráðstafanir. Boða skal til verkfundar og er verktaka skylt að sýna fram á að fullnægjandi breytingar hafi verið gerðar á framleiðslu.

f) Frádráttarákvæði:

Dregið verður af greiðslum til verktaka ef frávik í hæð, þverhalla, sléttleika og lagþykktum er meira en þolvik, sbr. e) lið hér að ofan, leyfa. Verktaki annast allar úttektarmælingar sbr. liði 1–6 hér á eftir. Óski verkkaupi eftir frekari mælingum ber hann kostnað af þeim en ekki af hugsanlegum tölum verktaka. Einnig verður dregið af greiðslum ef bindiefnisinnihald slitlaga, sem blönduð eru í stöð og þjöppun malbiks fer niður fyrir leyfileg mörk.

1. Hæð:

Reynist frávik í hæð á yfirborði efra burðarlags eða slitlags meira en leyft er skulu bætur til verkkaupa vera:

$$A = 0,004 \times EV \times L \times \Sigma p^2 \text{ þar sem}$$

A er bætur í kr. fyrir hvern mældan kafla.

EV er einingarverð verktaka ásamt verðbótum fyrir liðinn efra burðarlag eða jöfnun efra burðarlags ef sérstakt einingarverð er fyrir þann lið. Einingarverð í kr/m³ eða kr/m².

L er lengd milli mældra sniða (m).

p er mælt frávik frá hönnuðu yfirborði umfram leyfilegt hámark, mælt í mm.

Við úttekt skal verktaki hallamæla að minnsta kosti 200 m af hverjum 1 km og skal þá reikna með sambærilegum frávikum á ómældum hluta og mældum.

Hallamæla skal snið með mest 20 m millibili og þrjú punkta í hverju sniði, þ.e. miðju og akbrautarbrúnir. Reikna skal í miðju frávik í mm frá hannaðri hæð eða viðmiðunarhæð. Ef frávik er meira en leyfilegt hámark, skal hefja það sem umfram er í mm í annað veldi og leggja síðan saman slík gildi áviðkomandi kafla.

2. Þverhalli:

Reynist frávik frá hönnuðum þverhalla á yfirborði efra burðarlags eða slitlags meira en það sem leyft er skulu bætur til verkkaupa vera:

$$A = 0,004 \times EV \times L \times \Sigma p^2 \text{ þar sem:}$$

A er bætur í kr. fyrir hvern mældan kafla.

EV er einingarverð verktaka ásamt verðbótum fyrir liðinn efra burðarlag eða jöfnun efra burðarlags ef sérstakt einingarverð er fyrir þann lið. Einingarverð í kr/m³ eða kr/m².

L er lengd milli mældra sniða (m).

p er mælt frávik frá hönnuðum þverhalla umfram leyfilegt hámark mælt í mm.

Notuð eru þau snið, sem hallamæld eru við úttekt á hæð sbr. lið 1 hér að ofan. Mæla skal frávik í mm í báðum akbrautarbrúnum út frá raunverulegri miðjuhæð og hönnuðum þverhalla. Ákvæði eru að öðru leyti eins og við ákvörðun bóta fyrir frávik í hæð.

3. Sléttleiki:

Reynist frávik mæld á fullgerðu slitlagi með þriggja eða fjögurra m réttsskeið meiri en leyfilegt hámark skulu bætur til verkkaupa vera:

A = 0,4 x EV x B x Σp^2 þar sem:

A er bætur í kr.

EV er einingarverð verktaka ásamt verðbótum í kr/ m².

B er breidd þeirrar akbrautar, í m, sem svarar til mælingarstaðar.

p er mælt frávik umfram leyfilegt hámark, mælt í mm.

Mæling með réttsskeið skal fara fram í miðju hverrar akreinar fyrir sig, þannig að mældir eru 40 m af hverjum 200 m kafla. Niðurstöður þessara mælinga skulu gilda fyrir allan veginn. (Ef mældir eru 40 m skal þannig margfalda A með fimm til að fá bætur fyrir 200 m langa akrein).

4. Þykkt:

Reynist frávik frá hannaðri þykkt malbiks meira en það sem leyft er skulu bætur til verkkaupa vera:

A = $p^2/100$ x 0,3 x EV x F þar sem:

A er bætur í kr.

p er frávik mældrar þykktar undir lágmarksþykkt í %

EV er einingarverð verktaka fyrir fullgert slitlag eða burðarlag ásamt verðbótum í kr/m².

F er flötur sá, í m², sem svarar til sýna með of litla þykkt.

Auk ofangreindra bóta skal sá hluti einingarverðs slitlags eða burðarlags, sem stafar af efniskostnaði, lækka í réttu hlutfalli við minnkun þykktar eða þyngdar miðað við þá þykkt eða þyngd sem krafist er. Slík lækun einingarverðs verður einnig þótt mæld þykkt sé yfir lágmarksþykkt.

Bætur skal reikna út miðað við meðaltöl fyrir hvern 500 m kafla og fyrir einstök mæld gildi með tilheyrandi undirköflum innan 500 m kaflans. Skal hefja einstök frávik í annað

veldi, leggja saman og reikna þannig bætur skv. ofangreindri jöfnu. Sú reikningsaðferð, sem leiðir til hærri bóta skal gilda.

5. Bindiefnismagn:

Ef bindiefnismagn er lægra en áskilið er skv. viðkomandi kafla í verklýsingu þessari skulu bætur vera:

A = p^2 x EV x F þar sem:

A er bætur í kr.

p er frávik bindiefnismagns undir lágmarki í þyngdar % samkvæmt viðkomandi kafla.

EV er einingarverð verktaka fyrir fullgert slitlag ásamt verðbótum, í kr/m² eða kr/tonn.

F er flötur sá, í m², sem svarar til sýna með of lágu bindiefnismagni, eða þyngd tilsvareandi slitlagsefni í tonnum. Bætur skal reikna miðað við meðaltöl fyrir hvern 500 m kafla.

6. Þjöppun:

Þjöppun slitlags er mæld annaðhvort með könnun á holrýmd borkjarna eða sem hlutfall af Marshall rúmþyngd. Ef þjöppun mælist minni en áskilið er samkvæmt viðkomandi kafla í þessari verklýsingu, skulu bætur vera:

A = $p^2/100$ x 4,5 x EV x F þar sem:

A er bætur í kr.

p er frávik holrýmdar í % umfram hámark samkvæmt viðkomandi kafla.

EV er einingarverð verktaka ásamt verðbótum, í kr/ m².

F er flötur sá, í m², sem svarar til sýna með of mikla holrýmd.

Eða: **A = p²/100 x 3 x EV x F** þar sem:

A er bætur í kr.

P er frávik rúmþyngdar sem hlutfall af Marshallrúmþyngd í %, undir því sem áskilið er.

EV er einingarverð verktaka ásamt verðbótum, í kr/m².

F er flötur sá, í m², sem svarar til sýna með of litla rúmþyngd.

Bætur skal reikna út miðað við meðaltöl fyrir hvern 500 m kafla.


Liður 14. 63.42 Burðarlagismalbik á mól, BRL16

- a) Verkpátturinn innifelur gerð burðarlagismalbiks í vegi. Um er að ræða allan kostnað við efni, flutning malbiks úr blöndunarstöð, útlögn malbiksundirlags á mól og völtun.
- b) Stærðarflokkur og gerð steinefnis í malbik skal vera BRL16. Nota skal bindiefni af gerðinni PG 70/100.

Kröfur til biks eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

Eiginleiki	Eining	Prófunaraðferð	Kröfur
			PG 70/100
Stungudýpt við 25°C	0,1 mm	ÍST EN 1426	70-100
Mýkingarmark	°C	ÍST EN 1427	43-51
Blossamark, Coc, min	°C	EN ISO 2592	230
Uppleysanleiki, min	%	ÍST EN 12592	99,0
Dýnamísk seigja við 60°C, min	Pa s	ÍST EN 12596	90
Kinematísk seigja við 135°C, min	mm ² /s	ÍST EN 12595	230
Fraas brotpunktur, max	°C	ÍST EN 12593	-10

Kornadreifing skal vera í samræmi við myndina hér að neðan.



Hannaður sáldurferill skal liggja á milli markalínanna og heppilegast er að hann liggji sem næst mitt á milli markalínanna og samsíða þeim.

Auk þess skulu kröfur til steinefna vera í samræmi við eftirfarandi töflu:

Frostþölgildi	LA gildi	Brothlutfall	Kornalögun
Fec8	LA20	C50/10	FI20
ÍST EN 1367-6	ÍST EN 1097-2	ÍST EN 933-5	ÍST EN 933-3

*Hér er að auki gerð krafa um að 30 til 100% þess efnis sem flokkast brotið sé albrotið.

Slitþol (kvarnagildi) skal vera AN 14

Hönnuð Marshall holrýmd (V) skal vera skv. eftirfarandi töflu:

Malbiksgerð	V _{min}	V _{max}
BRL16	2%	6%

Stífniaukandi fjölliður/vax mega vera 3% af bikinnihaldi.

Gerð er krafa um notkun viðloðunarefnis í malbikið sem nemur 0,3% af bindiefnis-innihaldi. Hönnuð Marshall holrýmd skal liggja á bilinu 2,0% til 6,0%.

- c) Lagþykkt malbiks skal vera 60 mm.
- d) Lágmarkstíðni prófa úr frágengnu malbiki (í borkjörnum) til staðfestingar á þykkt og holrýmd er:

	Tíðni prófa
Þykkt	Eitt próf fyrir hverja byrjaða 6.000 m ²
Holrýmd	Eitt próf fyrir hverja byrjaða 6.000 m ² , þó minnst 2 sýni fyrir hvert verk
Bikinnihald	Eitt próf fyrir hverja byrjaða 6.000 m ² , þó minnst 2 sýni fyrir hvert verk

Val á staðsetningu skal gerð í samráði við eftirlit.

- e) Leyfð frávik frá hönnuðum sáldurferli (e. target) er samkvæmt fylgistaðli ÍST 75 sem er í samræmi við ÍST EN 13108-21, Annex A, töflu A.1.

- f) Uppgjör miðast við hannaðan útlagðan flöt malbiks.

Mælieining: m²

Liður 15. 63.43 Slitlagsmalbik, stífmalbik AC16 (fjölliðubætt)

- a) Verkþátturinn innifelur gerð slitlagsmalbiks í vegi. Um er að ræða allan kostnað við efni, flutning malbiks úr blöndunarstöð, útlögn malbiks og völtun. Slitlagsmalbik er lagt á burðarlagmalbik.


Allur kostnaður við límtengingu útlagðs malbiks við áður útlagt malbik skal vera innifalinn í einingarverði.

- b) Stærðarflokkur og gerð steinefnis í malbik skal vera AC16. Nota skal bindiefni af gerðinni PG 70/100.

Kröfur til biks eru samkvæmt eftirfarandi töflu:

Eiginleiki	Eining	Prófunaraðferð	Kröfur
			PG 70/100
Stungudýpt við 25°C	0,1 mm	ÍST EN 1426	70-100
Mýkingarmark	°C	ÍST EN 1427	43-51
Blossamark, Coc, min	°C	EN ISO 2592	230
Uppleysanleiki, min	%	ÍST EN 12592	99,0
Dýnamísk seigja við 60°C, min	Pa s	ÍST EN 12596	90
Kinematísk seigja við 135°C, min	mm ² /s	ÍST EN 12595	230
Fraas brotpunktur, max	°C	ÍST EN 12593	-10

Kornadreifing skal vera í samræmi við eftirfarandi mynd:



Hannaður sáldurferill skal liggja á milli markalínanna og heppilegast er að hann liggji sem næst mitt á milli markalínanna og samsíða þeim.

Auk þess skulu kröfur til steinefna vera í samræmi við eftirfarandi töflu:

Frostpols-gildi	LA gildi	Brothlutfall	Kornalögun	Slitpól	Slípigildi	Endurskin
F _{ec} 4	LA ₁₅	C90/1*	FI ₁₅	A _N 7	PSV ≥ 52	L ≥ 20
ÍST EN 1367-6	ÍST EN 1097-2	ÍST EN 933-5	ÍST EN 933-3	ÍST EN 1097-9	ÍST EN 1097-8	Håndbok R210

*Hér er að auki gerð krafa um að 30–100% þess efnis sem flokkast brotið sé albrotið.

Hönnuð Marshall holrýmd (V) skal vera skv. eftirfarandi töflu:

Malbiksgerð	V _{min}	V _{max}
AC16	1,5%	3,5%

Gerð er krafa um notkun viðloðunarefnis í malbikið sem nemur 0,3% af bindiefnisinnihaldi.

Bikfyllt holrýmd (VFB) skal vera á bilinu 70% til 90%. Malbikið skal uppfylla eftirfarandi kröfur við gerðarprófun:

Gerðarpróf	Kröfur
Hjólfarapróf, RDair	≤ 4,0 mm
Slitpolspróf, AbrA	≤ 24 ml
Vatnsnæmipróf, ITSR	> 70%

Stífniaukandi fjölliður (SBS) skulu vera 3% af bikinnihaldi.

- c) Lagþykkt malbiks skal vera 50 mm.

Hemlunarviðnám útlagðs malbiks skal vera að lágmarki 0,5.

- d) Lágmarkstíðni prófa úr frágengnu malbiki (í borkjörnum) til staðfestingar á þykkt og holrýmd er:

	Tíðni prófa
Þykkt	Eitt próf fyrir hverja byrjaða 6.000 m ²
Holrýmd	Eitt próf fyrir hverja byrjaða 6.000 m ² , þó minnst 2 sýni fyrir hvert verk
Bikinnihald	Eitt próf fyrir hverja byrjaða 6.000 m ² , þó minnst 2 sýni fyrir hvert verk

Val á staðsetningu skal gerð í samráði við eftirlit.

- f) Uppgjör miðast við hannaðan útlagðan flöt malbiks.

Mælieining: m²

Liður 16. 65.51 Kantskurður malbiks

- a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við kantskurð malbiks í verkinu. Kantskera skal malbik þar sem grafið er undan núverandi malbiki og þar sem malbikað er að eldra malbiki.

Komi til kantskurðar malbiks vegna endafrágangs vegriða og/eða vegna umferðareyja fellur það undir þennan lið.

- c) Þykkt malbiks sem skorið er getur legið á bilinu 50–200 mm. Ef malbikskantur, sem skorinn er og verður hluti af endanlegu mannvirki, skemmist áður en gengið hefur verið frá aðliggjandi efni skal verktaki skera hann að nýju á sinn kostnað.

- f) Uppgjör miðast við lengd kants sem skorinn er samkvæmt fyrirmælum.

Mælieining: m

66 Fræsun slitlags – Almenn lýsing

a) Verksvið

Verksviðið innifelur allan kostnað við fræsun slitlags, upptekt og flutning á fræstu efni á lager eða við hlið vegar og hreinsun vegyfirborðs ásamt uppsetningu og niðurtekt á umferðamerkjum. Einnig er innifalið lokun vega og beining umferðar í samráði við verkkaupa og viðkomandi yfirvöld ásamt tilkynningum um slíkar aðgerðir til aðila sem málið varðar (sjúkra- og slökkviliðs, almenningsvagna, fjölmiðla o.fl.).

b) Efniskröfur

Efni til breytinga á hæð niðurfalla og brunna skal vera í samræmi við það sem fyrir er í veginum.

c) Vinnugæði

Fræsa skal slitlag í samræmi við fyrirmæli, í þeirri dýpt eða hæð, og með þeim þverhalla sem kveðið er á um.

Fræsimumstur skal vera reglulegt án hlykkja og samsíða akbraut. Þar sem fræst er á gatnamótum skal hlíta fyrirmælum um samskeyti á fræsimumstri hliðargötu og aðalvegar. Hreinsa skal vegyfirborðið strax að lokinni fræsun.

Fræstir fletir sem nota á sem slitlag skulu fullnægja kröfum um sléttleika. Þess skal gætt að ganga frá köntum og skeytum í samræmi við fyrirmæli.

Verktaki skal gæta þess að hann valdi ekki óþarfa ryk- og hávaðamengun. Verkkaupi getur takmarkað vinnutíma þegar unnið er við fræsun í byggð.

Fræsiför til ílagar nýs malbiks skulu vera samkvæmt fyrirmælum.

d) Prófanir og mælingar

Verktaki skal sannreyna dýpt og/eða hæð fræsunar og þverhalla á fræstu yfirborði með réttsskeið eða öðrum jafngóðum mælingum, um leið og fræst er. Gera skal þessar mælingar á 20 m fresti, skrá allar niðurstöður og afhenda verkkaupa.

e) Nákvæmniskröfur – Frávik

Leyfð frávik í láréttum fleti frá hönnuðum axlarbrúnum akbrautar er +10/-0 mm.

Leyfð frávik í dýpt fræsingar eru að sérhver mæling skal ná minnst 90 % af dýpt og mest 110% og meðaltal allra mælinga skal ná 100% af hannaðri dýpt.

Þegar yfirborð er fræst samkvæmt hannaðri hæðarlegu eru leyfð frávik í hæðarlegu yfirborðs og sléttleika samkvæmt neðangreindu:

	Mæling
Mestu ójöfnu á akrein mældar með 3 m réttsskeið (mm)	6
Mesta frávik frá hönnuðu yfirborði (mm)	± 30
Mesta hæðarbreyting á 20 m (mm)	± 15
Mest frávik frá hönnuðum þverhalla (%)	± 3,5

Þversamskeyti milli fræsts yfirborðs og eldra slitlags skal aldrei vera meira en 10 mm mælt með á 3 m réttsskeið á yfirborði og skal jafnast út á 10 m bili.

Liður 17. 66.14 Fræsun lása

a) Verkpátturinn innifelur fræsun á samskeytum og lásam.

c) Almennt skal fræsa 300 mm breiðan og 40 mm djúpan lás við samskeyti nýs malbiks við eldra malbik, sjá teikningu F-XXX. Mörk á fræstu svæði skulu miðast við að fullnægjandi líming náist á öllum samskeytum núverandi malbiks og nýs malbiks. Fræst efni má nota í vegfyllingu.

f) Uppgjör miðast við flöt slitlags sem fræstur er.

Mælieining: m²

68 Gang- og hjólastígar

a) Verksvið

Verksviðið er yfirborðsfrágangur gang- og hjólastíga. Um er að ræða malbikaða og hellulagða stíga ásamt hellulögðum strætóstöðvum. Innifalið skal allt efni og öll vinna sem þarf til að klára verkið.

Liður 18. 68.23 Stígar með stungumalbiksslitlagi

a) Verkpátturinn innifelur gerð malbikaðra stíga. Um er að ræða allan kostnað við efni, flutning malbiks úr blöndunarstöð, útlögn malbiksundirlags á mól og völtun. Þetta lag er lagt út á óbundið burðarlag.

Allur kostnaður við límtengingu útlagðs malbiks við áður útlagt malbik skal vera innifalinn í einingarverði.

b-e) Gerðar eru sömu kröfur til malbiks á gangstíga og í kaflanum „Malbik – almenn lýsing“.

f) Uppgjör miðast við hannaðan flöt malbiks.

Mælieining: m²

Liður 19. 68.25 Hellu- og steinlögn

a) Verkpátturinn innifelur gerð hellu- og steinlagnar á strætóstöðvum og stígum eins og fram kemur á teikningum. Um er að ræða allan kostnað við efni, flutning hellna og steina á verkstað, vinnu við hellu- og steinlögn og söndun undir hellur og steina.

b) Hellustærðir og litir eru gefnar upp á teikningum.

Fyrir nýjar hellur sem verktaki leggur til skal uppfylla gæðakröfur ÍST EN 1338:2003 / ÍST EN 1339:2003 og kröfur eins og nánar er tilgreint hér á eftir. Framleiðsla og gæðaeftirlit (virkt innra eftirlit) skal vera í samræmi við ÍST EN 1338:2003 / ÍST EN 1339:2003. Einnig er gerð krafa um að óháður aðili fylgist með innra gæðaeftirlitinu og geti staðfest framkvæmd og niðurstöður þess. Þessi krafa fellur þó niður ef innra eftirlitið hefur fengið vottun skr. ISO 9001 staðalaröðinni.

Með tilboði skulu fylgja gögn um framleiðslueftirlit og ytra eftirlit, hráefni og gæði framleiddrar vöru undanfarna mánuði ef verkkaupi óskar eftir því. Gögnin skulu m.a. ná yfir tíðni prófana, beygjutogstyrk, þrýstistyrk, slitstyrk, frostþol og mál hellna og steina eftir því sem við á. Verktaki skal í tæka tíð leggja fram fullnægjandi gögn til sönnunar á að hráefni til framleiðslunnar uppfylli allar gæðakröfur (þ.m.t. kröfur byggingareglugerðar um m.a. alkalívirgni). Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna þeim bjóðendum sem ekki geta lagt fram ofangreind umbeðin gögn.

Leggja skal fram gögn um eftirlit og prófanir á framleiðslunni á því tímabili sem vörur fyrir verkið eru framleiddar. Verkkaupi mun á eigin kostnað taka sýni, gera prófanir og kanna samræmi við gæðakröfur. Ef í ljós kemur að ekki er samræmi við gæðakröfur skal verktaki bera kostnað af viðkomandi prófunum og endurgera verk sem framkvæmt var með gölluðum vörum.

Hver pakkning sem kemur á verkstað skal merkt framleiðanda og auk þess m.a. auðkennd með framleiðslunúmeri, framleiðsludegi, tegund, stærð og gæðaflokk (styrkleika- og frostþolsflokkur).

Hellur og steinar skulu vera gegnheilar og án lagskiptingar og yfirborð þeirra skal vera þétt og gallalaust. Þar sem krafist er ákveðins litar skal nota það mikið litarefni að liturinn verði þéttur og jafn allt í gegn. Verktaki skal sýna eftirliti/landslagsarkitekt sýni af lituðum hellum/steinum fyrir notkun efnis. Verktaki skal taka tillit til hugsanlegra óska landslagsarkitekts um lagfæringar á lit hellna/steina.

Frávik frá málum

Uppgefnar stærðir á hellum og steinum eru nafnmál (work dimensions).

Steinar: Mesta frávik frá fyrirskrifaðri lengd eða breidd skal vera minna en 2mm. Mesta frávik frá fyrirskrifaðri þykkt skal vera minna en 3mm (sbr. ÍST EN 1338:2003, tafla 1.) og mesti þykktarmunur hvers prófstykkis skal vera innan við 3mm

Hellur: Mesta frávik frá fyrirskrifaðri lengd eða breidd skal vera minna en 2mm. (sbr. ÍST EN 1339:2003, tafla 1, flokkur 3)

Mesta frávik frá fyrirskrifaðri meðalþykkt skal vera minna en 2mm. (sbr. ÍST EN 1339:2003, tafla 1, flokkur 3)

Mesta frávik frá hornalínu skal vera minna en 2mm. (sbr. ÍST EN 1339:2003, tafla 2, flokkur 3)

Mesta frávik frá réttskeið, sem lögð er á flöt eða kant prófstykkis skal vera minna en 1,5mm (sbr. ÍST EN 1339:2003, tafla 3)

Beygjutogþol - hellur

Beygjutogþol skal á einstökum sýnum ekki mælast lægra en 4MPa og skal kennistyrkur ekki vera lægri en 5MPa (sbr. ÍST EN 1339:2003, tafla 5, flokkur 3) Kröfur miðast við afhendingu á hellum.

Frostþol

Frostþol skal prófað samkvæmt ÍST EN 1338:2003 og ÍST EN 1339:2003, Annex D, þar sem prófað er í 3% NaCl upplausn

Sýni skulu prófuð 28-35 daga gömul. Meðalgildi flögnunar eftir 28 frost-þýðu umferðir skal vera undir 0,75 km/m² og ekkert sýni hafi meiri flögnun en 1,5kg/m²

Kleyfniþol

Kleyfniþol steina ("Tensile splitting strength") skal prófað samkvæmt ÍST EN 1338:2003, Annex F. Kennistyrkur skal ekki vera lægri en 3,5MPa og lægsta gildi má ekki mælast með lægri styrk en 2,9MPa (sbr. ÍST EN 1338:2003 – 5.3.3). Kröfur miðaðst við afhendingu.

Sérstakar kröfur varðandi slitsterka steina:

Hellur og steinar skulu vera gegnheilar og án lagskiptingar.

Gerð er sú krafa til fylliefnanna > 4mm, að þyngdartap steinefnanna við prófun skv. ÍST EN 1097-9:1998 (kúlnakvarnarpróf) sé undir 7%. Framleiðandi skal leggja fram vottorð þar að lútandi.


Þessi krafa leiðir til steinefna sem eru með því slitsterkara sem finnst á Íslandi. Varað er við notkun gropinna, léttra fylliefna með lágri kornarúmþyngd. Seljanda ber að leggja fram slitþolsmælingar á steinum þar sem krafist er hás slitþols. Mælinguna skal gera í samræmi við ÍST EN 1338:2003 Annex G – wide wheel abrasion test. Framleiðslan uppfylli þær kröfur að lengd raufar eftir próf sé að meðaltali undir 19mm og hvergi yfir 20mm. Slitsterka steina skal auðkenna sérstaklega.

Kleyfniþol slitsterkra steina ("Tensile splitting strength" mælt skv. ÍST EN 1338:2003 Annex F) skal, á einstöku sýnum, ekki mælist lægri en 3,8MPa og skal kennisstyrkur ekki vera lægra en 4,5MPa (sbr. ÍST EN 1338:2003 - 5.3.3). Nefnda kröfur eru miðaðar við kleyfniþol við afhendingu.

Frostþol skal prófað samkvæmt ÍST EN 1338:2003 Annex D, þar sem prófað er í 3% NaCl upplausn. Sýni skulu prófuð 4-5 vikna gömul. Meðalgildi flögnunar eftir 28 frost-þýðu umferðir skal vera undir 0.50kg/m² og ekkert sýnanna hafi meiri flögnun en 1.0kg/m².

Sandur undir hellur

Sandur skal vera þjöppunarhæfur, frostþolinn og hafa nægilegan styrkleika til að hann molni ekki niður við þjöppun eða umferðarálag og verði frostnæmur. Styrkleiki telst nægur ef a.m.k. 85% korna eru úr fersku eða lítið ummynduðu basalti. Kornakúrfur fyrir sand skulu vera innan þeirra marka sem sýnd eru á meðfylgjandi kornakúrfu.



Líklegt er að eftirtalin efni muni uppfylla kröfur verkkaupa: Steypusandur frá Rauðamel, 0-10 sandur frá Lambafelli og Vatnsskarðssandur frá Vatnsskarði.

Verktaki skal engu að síður sýna fram á að sandur sá er hann hyggst nota við verkið uppfylli þessar kröfur. Ef ekki liggja fyrir nýlegar rannsóknir á sandinum skal verktaki í viðurvist eftirlitsmanns taka prufur af því efni, er hann hyggst nota og láta rannsaka það hjá viðurkenndri rannsóknarstofu til að sýna fram á að kröfum, verklýsingar sé fullnægt

- c) Við þjöppun skal raki sandsins vera sem næst hagstæðasta raka samkvæmt Standard Proctor. Verktaki skal vökva sandinn ef eftirlitsmaður fer fram á það. Jafna skal sandinn út og þjappa í endanlega þykkt með tromluvaltara, þar sem því verður við komið, annars staðar skal nota 200kg jarðvegsþjöppu. Þjappa skal minnst 3 umferðir. Þess skal gætt að sandurinn tapist ekki niður í neðri efnislög.

Hellur skal leggja ofan á vel þjappað sandlag sem sett hefur verið í réttar hæðir fullþjappað. Gæta skal vel að rakastigi sandsins þegar þjappað er. Hellulögnin skal vera með beinum lengdar- og þverfúgum.

Að lokinni hellulögn skal fylla í fúgur með 0 - 3mm sandi og vökva vel niður. Nota skal t.d. þússningasand frá Sandi Ímúr hf. Eftirlitsmaður getur leyft notkun annarra sambærilegra sandgerða ef framlögð gögn sýna fram á nothæfi þeirra. Eftirlitsmaður skal samþykkja fúgufyllingu áður en hellulögnin er þjöppuð.

Fúgusandurinn skal kústaður eða vökvaður niður í raufarnar um leið og $\leq 200\text{kg}$ plötubjappa, með þar til gerðri hlífðarmottu, er látin ganga á hellunum. Þessi aðgerð skal endurtekin þar til fúgur eru fullar.

Hellur skal að jafnaði leggja frá lágpunkti á viðkomandi svæði og upp á móti halla. Gildir þetta t.d. um lengdarhalla að byrjað er í lægstu hæð og lagt móti halla og sama er um þverhalla. Um þjöppun hellulagnar eftir lagningu gildir hið sama að byrja skal í lágpunkti og þjappað móti halla. Hellulögnin skal vera áferðarfalleg, bil milli hella jafnt og samskeyti standast á.

Leggja skal hellur með yfirhæð í samráði við eftirlitsmann.

- e) Þykkt þjappaðs sandlags skal vera 50mm. Þegar þjöppun er lokið má ekki muna meiru en $\pm 10\text{mm}$ á yfirborði sandsins frá því sem sýnt er á teikningum og meðalfrávik $\pm 5\text{mm}$. Frávik með 3m réttскеið skal vera $\pm 5\text{mm}$.

Hellurnar skal leggja þannig að þær liggja á öllum fletinum og ekki komi fram mishæðir við brúnir. Millibil milli hellna skal vera sem minnst. Bil milli hellna getur þó verið mismikið til að fúgulínan verði bein. Þetta bil má þó aldrei verða meira en 5mm og aldrei minna en 1mm.

Endanleg hæð má ekki víkja meira en 10mm frá hönnunarhæð og frávik frá 3metra réttскеið skal vera $\pm 5\text{mm}$.

- f) Uppgjör miðast við hannaðan flöt hellulagnar.

Mælieining: m^2

Liður 20. 68.25 Hellulögn (upphækkuð gönguleið)

- a) Verkpátturinn innifelur endurgerð upphækkaðrar gönguleiðar í Suðurhlíð. Um er að ræða allan kostnað við geymslu hellna á verkstað, vinnu við hellulögn og söndun undir hellur.

Endurnýta skal hellur úr núverandi upphækkaðri gönguleið í Suðurhlíð við verkið, upprif á núverandi upphækkaðri gönguleið er innifalið í lið 3.

- b-e) Sjá verklýsingu í lið 19.

- f) Uppgjör miðast við hannaðan flöt hellulagnar.

Mælieining: m^2

Liður 21. 68.25 Stefnugefandi leiðarlínur og viðvörunarfletir

- a) Verkpátturinn innifelur gerð stefnugefandi leiðarlína og viðvörunarflata í stíga. Um er að ræða allan kostnað við efni, flutning hellna á verkstað, vinnu við hellulögn og söndun undir hellur.

- b-e) Hellur stefnugefandi leiðarlína og viðvörunarflata eru 300x300x60 mm. Litur þeirra skal vera rauðleitur, viðmiðunarlitur er Rauður Magma frá fyrirtækinu Huntsmann. Heildarþykkt á hellum er 65mm en þar af eru riffur/doppur ofan á þeim 5mm. Yfirborð á rifflum eða doppum skal vera ofan yfirborðs aðliggjandi hellulagnar eða malbiks.

Setja skal stefnugefandi leiðarlínur og viðvörunarfleti þar sem teikningar sýna eða samkvæmt fyrirsögn eftirlitsmanns. Um er að ræða sérstakar forsteyptar hellur sem mynda leiðarlínur fyrir sjónskerta að gönguþverunum o.fl. og varúðarsvæði þar sem gönguleiðir liggja að akbraut og víðar.

Að öðru leyti eru gerðar sömu kröfur til stefnugefandi leiðarlína og viðvörunarflata og til hellna í lið 19.

- f) Uppgjör miðast við hannaðan flöt hellulagnar.

Mælieining: m^2

75 Kantsteinar

a) Verksvið

Verksviðið er gerð kantsteina. Innifalið er allt efni og öll vinna við gerð kantsteina, þ.m.t. útsetningar, undirbúningur, útlögn, aðhlúun og allur frágangur.

b) Efniskröfur

Steinsteypa sem steypst er á staðnum skal uppfylla kröfur skv. staðli ÍST EN 206-1:2000, og skal samsetning hennar vera eftirfarandi:

Grunnkröfur skv. grein 6.2.2 :

Þrýstistyrksflokkur	C35/45
Áreitistyrksflokkur	XF4
Mesta nafnstærð fylliefnis	Dmax32
Klóríðinnihaldsflokkur	Cl 0,10

Markagildi skv. grein 5.3.2 :

Hámarks vatns/semestölu	v/s 0,40
Lágmarks semestinnihald	400 kg/m ³
Lágmarks styrkleikaflokkur	C35
Lágmarks loftinnihald	4,5 %

Auk þess, skal loftdreifing steypunnar uppfylla eftirtalin skilyrði:

Yfirborð loftbóla	≥ 25 mm-1
Fjarlægðarstuðull	< 0,20

Veðrunarþol: Flögnun < 0,5 kg/m² eftir 28 umf. og < 1,0 kg/m² eftir 56 umf. (skv. SS137244/3% NaCl).

Allt steypustyrktarjárn skal vera kambstál B500NB samkvæmt ÍST EN 10080:2005 og ÍST NS 3576-2:2005.

Flotstyrkur fyk ≥ 500 N/mm²

Seigla: Brotspenna/Flotspenna ≥ 1,08

Brotlenging: ≥ 5,0 %.

Járnbenta kantsteina sem steypst eru á staðnum, skal járna með minnst einu langjárninu með 8 mm þvermáli, er sé bundið við lóðréttu teina með 12 mm þvermáli c/c 900 mm, l=250 mm, sem reknir eru niður í undirlag.

c) Vinnugæði

Framkvæmd steypuvinnu á byggingarstað skal vera skv. ÍST EN 13670:2009. Kantsteinn skal vera af þeirri stærð sem fram kemur á uppdráttum í útboðslýsingu þessari og skal fylgja hæð slitlags.

Kantsteini úr forsteyptum einingum skal komið fyrir áður en slitlag er sett á veginn. Þjappa skal vel undir og að kantsteini. Undirlag, sem kantsteinn kemur á, skal vera slétt, í réttum hæðum og rækilega þjappað til þess að tryggja rétta hæðarlegu.

Kantstein, sem settur er ofan á slitlag, skal ávallt járna. Slitlagið skal sópað vandlega áður en kantsteinninn er settur á það.

Forsteyptar einingar skulu varðar fyrir þornun á hörðunartíma.

Við niðurtekt á gönguleiðum og innkeyrslum skal gera fláa í kantstein og skal efri brún kantsteins fylgi niðurtektinni. Við niðurtekt á gagnstígg skal hæðarmunur kantsteins og slitlags vera 15 mm í lægsta punkti. Við niðurtekt á innkeyrslu skal hæðarmunur kantsteins og slitlags vera 25 mm í lægsta punkti. Lágmarkslengd fláa skal vera 1,5 m.

d) Prófanir og mælingar

Prófanir á þrýstistyrk steypu skal gera samkvæmt ÍST 12350 og skulu kröfur standast Viðmiðun 1 í staðlinum.

Niðurstöður prófana á veðrunarþoli skulu standast kröfur og gera skal 2 próf.

Samhliða frost/þýðuprófi skal gera mælingu á loftinnihaldi ferskrar steypu og mælingu á fjarlægðarstuðli og yfirborði loftbóla í harðnaðri steypu fyrir hvert sýni.

Liður 22. 75.1 Kantsteinar

a) Þessi liður skal innifela gerð allra kantsteina við vegbrúnir nema við strætóstöð. Innifalinn er einnig kostnaður, efni og vinna við hugsanlega malarundirstöðu og bakfyllingu að kantsteinum.

Staðsetning kantsteins er auðkennd á teikningum XXX.

c) Snið í kantstein er sýnt á teikningum XXX. Kantsteypuvél skal ganga eftir snúru. Vanda skal útsetningu og festingar snúra, einkum í beygjum, til þess að endanlegt verk verði áferðarfallegt og uppfylli kröfur verklýsingar um nákvæmni.

Þar sem mold kemur á svæðið utan kantsteina, sáning eða þökur, skal fylla með ófrostræmu malarefni næst kantsteinum, þannig að bak við þá myndist þrístrendur fleygur með a.m.k. 300 mm þykkt við neðri brún þeirra og jafnhár kantsteinum.

e) Mesta frávik kantsteins (mælt hornrétt frá miðlínu) er ± 20 mm

Nákvæmni í hæð og sléttleika skal vera sú sama og fyrir yfirborð slitlags.

f) Uppgjör miðast við hannaða lengd á fullgerðum kantsteinum.

Mælieining: m

Liður 23. 75.1x Strétókantsteinar

a) Þessi liður skal innifela gerð kantsteina við strætóstöðvar. Nota skal forsteyptan kantstein strætóstoppistöðvar, svokallaðan strétókantsteinn, við hellulagða strætóstöð að götu. Kantsteinninn er steyptur og járnþentur, 100 cm langur, 20 cm breiður og 30 cm djúpur. Hæð 17 cm yfir yfirborð götu. Innifalinn er einnig kostnaður, efni og vinna við undirstöðu með þurrsteypu og bakfyllingu að kantsteinum.

Staðsetning kantsteins er auðkennd á teikningum XXX.

b) Kantsteinarnir skulu steyptir í vönduðum steypumótum og vera áferðarfallegir og einsleitir.

Blautsteypa:

- Styrkleikaflokkur : C35/45
- Áreitistflokkur : XF4
- V/S tala < 0,40
- Sementsmagn > 400 kg/m³
- Loft > 5%

Veðrunarþol: Flögnun < 0,5kg/m² eftir 28 umferðir og < 1,0 kg/m² eftir 56 umferðir (skv. SS137244/3% NaCl).

Járnþending: K10 eða K12, hula á járnum 50 mm.

Bendijárn skal vera kambstál B500NC samkvæmt ÍST EN 10080:2005 og ÍST NS 3576-2:2012.

c) Snið í kantstein er sýnt á teikningum XXX. Allar sýnilegar hliðar skulu vera sléttar.

Styrkja skal kantinn með baksteypu og K8 langjárni. Langjárnið skal fest við K12 teina sem slegnir eru niður í undirbygginguna með a.m.k. 1,2 m millibili.

Þar sem malbik leggst að kantsteini skal verktaki sjá um að steinn sé nægjanlega vel afstífaður til að þola þá áraun sem malbikun fylgir. Við malbikun skal verja kantsteininn sérstaklega þannig að hann litist ekki af malbiki eða bikþeytu

Undirlag undir steininn skal þjappa vandlega áður en hann er lagður.

Þar sem mold kemur á svæðið utan kantsteina, sáning eða þökur, skal fylla með ófrostræmu malarefni næst kantsteinum, þannig að bak við þá myndist þrístrendur fleygur með a.m.k. 300 mm þykkt við neðri brún þeirra og jafnhár kantsteinum.

- e) Kantsteininn skal leggja þétt saman á þurrsteypu og skal endanleg hæð hans vera í samræmi við teikningar. Planlega skal ekki víkja meira en 10 mm frá hönnunarlegu og frávik efri brúnar frá 3ja m réttkeið skal vera innan við 3 mm í hæð og innan við 3 mm í plani.

Nákvæmni í hæð og sléttleika skal vera sú sama og fyrir yfirborð slitlags.

- f) Uppgjör miðast við hannaða lengd á fullgerðum kantsteinum.

Mælieining: m

75 Vegrið - Almenn lýsing

a) Verksvið

Verksviðið er vegrið við veg. Innfalið er allt efni og öll vinna við vegriðið þ.m.t. jarðvinna og endafrágangur vegriðsins.

b) Efniskröfur

Allt efni í vegrið og endafrágang þess skal vera prófað í samræmi við viðeigandi hluta staðalsins ÍST EN 1317 og uppfylla þær kröfur sem þar koma fram.

Efni í verksmiðjuframlétt vegrið skal vera CE vottað og merkt. Leggja skal fram staðfestingu viðurkenndrar vottunarstofu (notified body) þess efnis.

Ekki er gerð krafa um CE vottun fyrir t.d. staðsteypt vegrið eða vegrið sem hannað er sem hluti af burðarvirki mannvirkis.

Vegriðsbíti í bitavegrið skal vera af gerð A og framleiddur í samræmi við þýskar reglur TL - SP/1972 og RAL-RG 620. Stoðir fyrir bitavegrið skulu vera Σ -lagaðar eða stoðir með sambærilegum ávölum brúnum, $R \geq 9$ mm. Lengd vegriðsstoða skal vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og/eða ákvörðuð eftir átaksmælingar á niðurreknum stoðum á verkstað.

Steypa í steypur vegriðseiningar og staðsteypt vegrið skal vera veðrunarþolin, í styrkleikaflokki \geq C35/45 og uppfylla kröfur fyrir áreitisslokk F4.

Allir stálhlutar vegriðs skulu vera heitgalvanhúðaðir með sinkhúð í samræmi við ÍST EN ISO 1461. Kröfur um þykkt sinkhúðar koma fram í viðkomandi verkþætti.

Boltar og rær skulu vera heitgalvanhúðaðir með sinkhúð í samræmi við ÍST EN ISO 10684. Kröfur um þykkt sinkhúðar koma fram í viðkomandi verkþætti. Allir boltar sem snúa að umferð skulu vera með ávölum haus (mushroom head nib bolt) í samræmi við ÍST EN ISO 1891.

c) Vinnugæði

Uppsetning vegriða og endafrágangur skal vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og/eða verkeikningar. Vegriðið skal sett þannig upp að það verði samfellt og fylgi þeirri legu sem mælt er fyrir um.

Vegriðsstoðir skal setja upp í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og/eða verkeikningar / átaksmælingar. Þar sem stoðir eru reknar niður skal gæta þess að stoðirnar verði ekki fyrir skemmdum.

Hæð vegriðs við veg skal vera 750 mm nema annað sé tekið fram.

Hæð vegriðs á brú skal vera a.m.k. 1200 mm nema annað sé tekið fram.

Hæð steyptra vegriða, bæði einingar og staðsteyppt, skal að lágmarki vera 800 mm.

Víravegrið skal strekkja í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Endabúnað skal setja upp í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Endurskinsmerki (glitmerki) skal setja á vegrið með því millibili sem tiltekið er.

d) Prófanir og mælingar

Leggja skal fram staðfestingu á því að vegriðið standist viðeigandi kröfur staðalsins ÍST EN 1317.

Verktaki skal mæla inn vegrið (innstu brún) með að hámarki 4 m millibili og þéttar til endanna. Mæla skal inn öll 4 horn á steypnum endafestum.

e) Nákvæmnikröfur - Þolvik

Vegrið skulu fylgja útsetningarlínunum og ekki vera hlykkjótt, hvorki í láréttu né lóðréttu plani. Útsetningarlína vegriða miðast við innstu brún (næst vegi) vegriðs.

Leyfð frávik við nýbyggingar (hér tákna „ – „ að vegi og niður, „ + „ frá vegi og upp)

Leyfð frávik í hæð vegriða eru +/- 20 mm.

Við uppsetningu vegriðs við fyrirliggjandi veg eru leyfð frávik í hæð +/- 50 mm.

Leyfð frávik í staðsetningu vegriða í plani eru + 30 mm, óháð vegtegund.

Á hverjum 5 m kafla skal hámarksfrávik í hæð ekki vera meira en +/- 15 mm og í plani + 10 mm

Vegriðsstoðir skulu ekki vika meira en 3° frá lóðréttri stöðu.

Liður 24. 75.611 Bitavegrið, uppsetning

- a) Verkbátturinn innifelur alla vinnu við uppsetningu á bitavegriði í meðfram Kringlumýrarbraut, þar með talið jarðvinnu, flutning, uppsetningu með þeim hætti og á þeim stað sem fyrir er mælt um.

Vegrið eru sýnd á teikningum XXX. Innifalinn er kostnaður við niðurrekstur stoða og annað sem nauðsynlegt er til uppsetningar og frágangs vegriðs.

Verkkaupi leggur til efni í vegrið sbr. kafla 6.4.

- c) Uppsetning og frágangur bitavegriðs skal vera í samræmi við ÍST 1317, leiðbeiningar framleiðanda og veghönnunarreglur Vegagerðarinnar.

Glitmerki skal setja á vegrið með 25 m millibili.

- f) Uppgjör miðast við hannaða lengd á uppsettu vegriði.

Mælieining: m

Liður 25. 75.664 Endafrágangur með öryggisenda (eftirgefandi vegriðsendi)

- a) Verkbátturinn innifelur allan kostnað við uppsetningu eftirgefandi vegriðsenda (öryggisenda) á bitavegrið þ.m.t. jarðvinnu, flutning, efni, uppsetningu og lokafrágang.

Vegrið eru sýnd á teikningu XXX.

Verkkaupi leggur til efni í vegriðsenda sbr. kafla 6.4.

f) Uppgjör miðast við frágenginn vegriðsenda.

Mælieining: stk.

76 Almenn umferðarmerki - Almenn lýsing

a) Verksvið

Verksviðið er uppsetning umferðarmerkja og skilta. Innifalið er allt efni og öll vinna við uppsetningu merkja og skilta.

b) Efniskröfur

Umferðarmerki skulu uppfylla er fram koma í reglugerð nr. 289/1995 með síðari breytingum.

Umferðarmerki skulu uppfylla kröfur um gæði og endingu sem fram koma í Handbók um umferðarmerki sem er aðgengileg á heimasíðu Vegagerðarinnar,

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/umferdarmerki/>

Lágmarksendurskin umferðarmerkja skal vera:

Litur	Hvítur	Gulur	Rauður	Blár
Ný skilti (cd/lx/ m ²)	50	35	10	2
Lágmarksgildi eldri skilta (cd/lx/ m ²)	35	25	7	1

Rör skulu almenn vera 76,1 x 3,62 mm heitgalvanhúðuð með a.m.k. 0,05 mm þykkri galvanhúð og þeim lokað að ofan með áskrúfaðri hettu eða plasthettu.

c) Vinnugæði

Við uppsetningu umferðarmerkja skal taka mið af Handbók um umferðarmerki sem aðgengileg er á áðurnefndri vefslóð og handbók um uppsetningu umferðarmerkja sem aðgengileg er á vefslóðinni: <http://www.vegagerdin.is/framkvaemdir-og-vidhald/vinnustadamerkingar>

Umferðarmerki skulu standa lóðrétt og hornrétt út frá vegi nema í beygjum, en þá skal snúa þeim svo þau sjáist fyrir.

Umferðarmerki skal fest á rör. Rörið skal festa niður á þar til gerða undirstöðu þannig að hægt sé að taka upp eða skipta um það án þess að raska jarðvegi. Undirstaðan skal að jafnaði ná 1,0 - 1,2 m niður í jörð, þar sem því verður við komið. Ef ekki er unnt að grafa eða reka reka undirstöðu svo langt niður skal undirstaða steipt niður. Í lausum jarðvegi skal undirstaða vera steipt og grafa fyrir henni a.m.k. 0,8 m niður fyrir jarðvegsyfirborð. Tryggja skal að rör geti ekki snúist í festingu eftir uppsetningu.

e) Nákvæmniskröfur

Stólpar skulu ekki hallast meira en 5 gráður.

Frávik frá lágmarkshæð undir umferðarmerki er +0,1/-0,0 m.

Liður 26. 76.12 Uppsetning umferðarmerkja, merki á einn stólpa

a) Verkbátturinn innifelur alla vinnu við uppsetningu á föstum umferðarmerkjum sem fest eru á eitt rör.

Um er að ræða endanleg umferðarmerki. Varúðar- og umferðarmerkingar á verktíma falla undir annan greiðslulið (Liður 4)

Staðsetning og gerð umferðarmerkja er gefin á teikningum XXX.

Verkkaupi leggur til umferðarmerki og festingar sbr. grein 6.4.

f) Uppgjör miðast við fjölda frágenginna merkja.

Mælieining: stk.

Liður 27. 76.12 Uppsetning umferðarmerkja, merki á tvo stólpa

- a) Verkpátturinn innifelur alla vinnu við uppsetningu á föstum umferðarmerkjum sem fest eru á tvo stólpa.

Um er að ræða endanleg umferðarmerki. Varúðar- og umferðarmerkingar á verktíma falla undir annan greiðslulið (Liður 4)

Staðsetning og gerð umferðarmerkja er gefin á teikningum XXX.

Verkkaupi leggur til umferðarmerki og festingar sbr. grein 6.4.

- f) Uppgjör miðast við fjölda frágenginna merkja.

Mælieining: stk.

Liður 28. 76.121 Uppsetning undirstöðuröra merkja

- a) Verkpátturinn innifelur alla vinnu og efni við uppsetningu á undirstöðurörum fyrir umferðarmerki sem lýst er í Liður 26 og Liður 27, þ.m.t. gröft fyrir undirstöðum, fyllingu að undirstöðum og rörum, uppsetningu og frágang undirstaða og röra.

Verkkaupi leggur til undirstöður og rör sbr. grein 6.4.

- c) Staðsetning röra sem festa skal umferðarmerki á er gefin á teikningum XXX.

- f) Uppgjör miðast við fjölda frágenginna merkja.

Mælieining: stk.

Liður 29. 76.15 Færsla umferðarmerkja

- a) Verkpátturinn innifelur alla vinnu við upptekt, færslu og enduruppsetningu á föstum umferðarmerkjum

Um er að ræða endanleg umferðarmerki. Varúðar- og umferðarmerkingar á verktíma falla undir annan greiðslulið (Liður 4)

- c) Staðsetning umferðarmerkja er gefin á teikningum XXX.

Verktaki er ábyrgur fyrir merkjum ásamt undirstöðum, milli þess sem hann tekur þau niður og setur upp aftur.

- f) Uppgjör miðast við fjölda frágenginna merkja.

Mælieining: stk.

Liður 30. 76.27 Færsla vegvísa, tvær undirstöður

- a) Verkpátturinn innifelur alla vinnu við upptekt, færslu og enduruppsetningu vegvísa á tveim gitterstólpum og forsteyptum undirstöðum.

Um er að ræða endanleg umferðarmerki. Varúðar- og umferðarmerkingar á verktíma falla undir annan greiðslulið (Liður 4)

- c) Staðsetning umferðarmerkja er gefin á teikningum XXX.

Verktaki er ábyrgur fyrir vegvísnum ásamt undirstöðum, milli þess sem hann tekur þá niður og setur upp aftur.

- f) Uppgjör miðast við fjölda frágenginna vegvísa.

Mælieining: stk.

76 Götulýsing – Almenn lýsing

a) Verksvið

Verksviðið er uppsetning ljósastaura. Innifalið er öll jarðvinna, ídráttarrör, strenglög, uppsetning staura og ljósbúnaðar, tengingar og allur frágangur.

b) Efniskröfur

Fyrir ljósastaura gilda eftirfarandi staðlar:

ÍST EN 1991, Eurocode 1: Actions on structures

ÍST EN 1991 / NA:2010 (The Icelandic National Annex to ÍST EN 1991)

ÍST EN 40, Lighting columns

Staurar skulu vera CE vottaðir og þeim fylgja framleiðsluvottorð.

Staurar skulu standast vindálag í samræmi við ÍST EN 1991 / NA:2010, sem er $V_{b,0} = 36$ m/s.

Reikna skal með flatarmáli ljósbúnaðar, $0,15$ m².

Reikna skal með þyngd ljósbúnaðar, 15 kg.

Reikna skal með álagsstuði úr flokki B í ÍST EN 40-3-3:2013, part 5.4, table 1, sem er 1.2 fyrir vindálag og 1.2 fyrir eigið álag.

Reikna skal með að mesta lárétta útbeygja verði \leq flokkur 2 í samræmi við ÍST EN 40-3-3:2013, part 6.5.1, table 4, sem er $0,06$ (h + w).

Leggja skal fram gögn til staðfestingar á því að staurar með hannaða ákeyrslusvörun standist kröfur í ÍST EN 12676 (prEN 12767rev).

Allir stálhlutar ljósastaura skulu vera heitgalvanhúðaðir með sinkhúð í samræmi við ÍST EN ISO 1461. Í samræmi við töflu 3 í ÍST EN ISO 1461 miðast meðalþykkt sinkhúðarinnar við efnisþykkt þess stálhlutar sem á að húða og skal að lágmarki vera:

Efnisþykkt (mm)	Lágmarks meðalþykkt sindhúðar (μ m)
>6 mm	85
>3 mm til \leq 6 mm	70
\geq 1,5 mm til \leq 3 mm	55
<1,5 mm	45

Ídráttarrör skulu vera framleidd í samræmi við ÍST EN 13476. PE rör eru prófuð í samræmi við ÍST EN 1401. PVC rör eru prófuð í samræmi við ÍST EN 12201. Efnisgæði skal staðfesta með efnisvottorði framleiðanda.

Rafstrengirnir skulu vera framleiddir í samræmi við gildandi CENELEC og IEC staðla (IEC 60502-2, IEC 60228). Strengirnir skulu vera óskermaðir og vera hannaðir til að liggja í jörð. Einangrunarefni skal vera XLPE og ytra byrði LLDPE. Efnisgæði skal staðfesta með efnisvottorði framleiðanda.

Tengibúnaður skal vera framleiddur og samræmi við gildandi reglur og staðla. Efnisgæði skal staðfesta með efnisvottorði framleiðanda.

Tengiskápar skal vera framleiddur og samræmi við gildandi reglur og staðla. Efnisgæði skal staðfesta með efnisvottorði framleiðanda.

Ljósbúnaður skal vera framleiddur og samræmi við gildandi reglur og staðla. Efnisgæði skal staðfesta með efnisvottorði framleiðanda.

Jarðstrengir skulu lagðir í sand með flokkunarstærð 0/8 mm. Ekki skal nota leirkenndan sand og í sandinum mega heldur ekki vera steinar með hvössum brúnum. Undir jarðstreng skal ganga frá a.m.k. 150 mm þykku sandlagi og síðan a.m.k. 150 mm sandlagi ofan á strenginn. Sömu lágmarkskröfur gilda um söndun að ídráttarrörum.

Strenghlífum og viðvörunarborðum skal koma fyrir í samræmi við verkeikningar.

Fyllingarefni að stauraundirstöðu skal vera unnið efni með kornadreifingu 0/63 mm eða 0/100 mm.

Fylling í lagnaskurð skal eftir atvikum vera uppgrafið efni úr skurðinum eða sama efni og notað er í veginn ef lagnaskurður er í vegstæði.

c) Vinnugæði

Lagning jarðstrengja skal vera á ábyrgð löggilts rafverktaka og skal hann hafa umsjón með lagningu þeirra. Við útdrátt strengja skal fara eftir leiðbeiningum OR „Vönduð meðferð lagnaefnis“.

Utan vega skal þjappa fyllingarefnið í skurði þannig að ekki verði missig.

Fyllingarefni í skurði í vegstæði skal þjappa í samræmi við þjöppunarkröfur vegarins.

Fyllingarefni að stauraundirstöðum skal þjöppuð rækilega með vélþjöppu, t.d. 80 kg einfæti að lágmarki 4 umferðir, í 0.2 m þykkum lögum.

Strenghlífum og viðvörunarborðum skal koma fyrir í samræmi við verkeikningar.

Uppsetning lýsingarbúnaðar og annars rafbúnaðar skal vera í samræmi við verkeikningar og/eða leiðbeiningar framleiðanda.

d) Prófanir og mælingar

Verktaki skal sannreyna að raflögn vinni rétt í samræmi við kröfur og reglugerðir. Þegar verktaki hefur lokið uppsetningu veglýsingar þá skal hann tilkynna verkið til Mannvirkjastofnunar og viðkomandi orkuveitu.

Verktaki skal skila mælingum af legu allra strengja, ídráttarröra, brunna, stólpa og tengikassa.

e) Nákvæmniskröfur - Þolvik

Fyrir ljósastaura með undirstöðu gildir að mesta frávik í hæð undirstaðna er ± 40 mm. Topplata undirstöðu skal vera því sem næst lárétt þ.a. staurinn standi lóðrétt.

Fyrir heila staura gildir að mesta frávik í hæð stauris er ± 40 mm.

Staurar skulu ekki halla meira en $0,5^\circ$ frá lóðréttu.

Leyft frávik frá útsetningarlínu ljósastaura $-0/+50$ mm, óháð vegtegund.

Liður 31. 76.4 Götulýsing, ídráttarrör

a) Verktaki skal leggja ídráttarrör eins og sýnt er á teikningum. Hnit á rörendum eru gefin upp til viðmiðunar. Frágangur röra skal vera í samræmi við almenn þversnið rafmagns.

Undir neðsta lag röra skal leggja 50 mm þykkt sandlag, sem rétta skal af og þjappa áður en rörin eru lögð. Rörin skulu liggja í beinum línunum bæði í hæð og í plani. Bil á milli röra skal vera a.m.k. 50 mm. Leggja skal gular plasthlífar ofan við rör þegar búið er að sanda og leggja skal aðvörunarborða 300 mm yfir plasthlífum. Verktaki leggur til plasthlífar og aðvörunarborða.

Vanda skal samsetningu röra og gæta þess að hafa 2-10 mm bil milli rörenda og botns á múffu, hægt er að tryggja eðlilegt þenslubil með því að reka pípu í botn á múffu og draga það síðan örlítið til baka. Þessa skal sérstaklega gæta ef verið er að leggja rör í frosti.

Verktaki skal vanda lagningu röra og gæta þess vel að sandur eða óhreinindi fari ekki inn í rörin. Verktaki skal strax hreinsa sand og önnur óhreinindi úr rörum ef að þau hafa borist inn í þau og loka skal öllum ónotuðum endum sem fyllt er yfir með plastlokum.

Öll ídráttarrör skulu vera heildregin plaströr.

Fageftirlitsmaður Vegagerðarinnar skal taka út frágang áður en sandað er yfir rör og tryggt skal að innmælingum á rörum og rörendum sé lokið.

- f) Greitt er ákveðið einingarverð á hvern lengdarmetra af röri sem lagt er í skurð. Einingarverð innifelur í sér m.a. flutning efnis á staðinn, lagningu röra, útsetningu skv. gögnum, samsetningu á rörum, frágang á beygjum ásamt lokun röra og smurningu í múffur ef til þarf. Öll jarðvinna, söndun, frágangur á aðvörunarborðum o.fl. er ekki innifalið í einingarverði en greiðist skv. greiðslulið jarðvinnu.

Mælieining: m

Liður 32. 76.441 Götulýsing, lögn rafstrengs

- a) Verktaki skal draga út og leggja jarðstrengi í skurði og draga í rör í samræmi við það sem kemur fram á verkeikningum.

Lega strengja í skurði skal vera í samræmi við almenn þversnið rafmagns og skal sérstaklega gætt að bili á milli strengja s.s. bil skal vera almennt jafnt þvermáli strengja.

Við útdrátt jarðstrengja skal strengur vera heildreginn og samsetningar skulu vera í staurum og skápum.

Þegar strengir eru dregnir í rör skal tryggja að þau séu hrein og laus við steinefni og öðru sem getur skaðað strengi og torveldað útdrátt.

Verktaki skal sjá til þess að jarðstrengir verði aldrei fyrir meira togi við útlögn eða ídrátt í rör en framleiðandi strengja heimilar. Fara skal einnig eftir tilmælum framleiðanda varðandi minnsta leyfilegi beygjuradíus og leyfilegt lægsta hitastig þegar unnið er við útdrátt strengja og tengingar. Ef strengir eru beygðir við of lágt hitastig er hætta á að skemmdir verði á hlífðarkápu.

Skemmdir og smá áverkar á hlífðarkápu jarðstrengs getur valdið því að vatn komist inn í strenginn. Vatnið veldur niðurbroti á einangrun strengsins, sem leiðir síðar til bilunar svo og rýrnunar á endingartíma hans. Valdi verktaki skemmdum eða áverkum á streng við útlögn skal það tafarlaust tilkynnt og fageftirlitsmaður Vegagerðarinnar mun meta hvað gera skal.

Leggja skal aðvörunarborða ca. 300 mm yfir strengi.

Loka skal öllum strengendum með herpihólk þannig að ekki komist vatn inn í streng.

Lagning jarðstrengja skal vera í umsjá og á ábyrgð löggilts rafverktaka. Verktaki skal, eftir því sem við á, nota útdráttarhjól og útdráttarvagna. Strengur inni í ljósastaurum skal vera 2,5mm2 NYM strengur.

Verktaki skal einnig leggja 25mm² Cu jarðskautsvír frá PEN skinnu og að stafskauti. Verktaki skal reka niður 1500mm jarðskautstein u.þ.b. 2m frá götuskáp og tengja.

Fageftirlitsmaður Vegagerðarinnar skal taka út strenglagnir áður en sandað er yfir þær og tryggt skal að innmælingum á strengjum sé lokið.

- f) Uppgjör miðast við ákveðið einingarverð á lengdarmetra strengja sem lagðir eru í skurði, dregnir í ídráttarrör, samkvæmt mælingu á staðnum. Innifalið í einingarverði skal vera m.a.

merking á strengjum, frágangur á aðvörunarborðum ásamt frágang á herpihólkum. Einingarverð fyrir stafskaut er stykki innifalið er allt efni og vinna við að koma fyrir skauti og tengja.

Mælieining: m

Liður 33. 76.442 Götulýsing, skurðgröftur og frágangur

- a) Allir strengir skulu þannig frágengnir ýmist í sandi eða plaströrum að þeir verði ekki fyrir skemmdum. Verktaki skal sjá um allan skurðgröft fyrir ljósastaura-lýsingu sem og endanleg frágang á skurði og jarðvegsyfirborði. Vinna við lagningu varúðaborða og lagningu strengs í skurð er magntekin í Liður 32 „76.441 Götulýsing, lög rafstrengs“.

Sanda skal skurðbotn áður en strengir eru lagðir. Hafa skal aðgát á að lagnir verði ekki fyrir skörpum brúnum og séu ekki færðir á sandi eða jarðvegi.

Verktaki skal auðkenna vel vinnusvæði svo öryggi vegfarenda sé tryggt.

- f) Uppgjör miðast við ákveðið einingarverð á lengdarmetra fyrir skurðgröft. Innifalið í einingarverði skal öll vinna og efni sem til þarf við skurðgröft og frágangi á skurði eftir að lagnir eru komnar í skurð. Þ.m.t. útvegum efnis í skurð.

Mælieining: m

Liður 34. 76.451 Götulýsing, ljósastaurar, uppsetning

- a) Verkpátturinn felur í sér uppsetningu á götuljósastaurum vegna götu-og stigalýsingu og alla vinnu við frágang þeirra. Verkkaupi leggur til staura og verða þeir afhentir á lager Vegagerðarinnar í Reykjavík. Staðsetning staura kemur fram á teikningum. Hnit eru gefin upp fyrir miðju staur. Verktaki skal grafa fyrir ljósastaurum eins og mælt er fyrir um á teikningum. Vidd útgraftrar skal vera þannig að hægt sé að vélþjappa fyllingu að staur í lögum á fullnægjandi hátt. Fylla skal að undirstöðu með aðkeyrðu viðurkenndu fyllingarefni og skal vélþjappa fyllingu í mest 300mm lögum. Ekki má nota svokallaða hoppara nema þjappað sé í minna en 200mm lögum með stólpanum. Undir og ofan á strengi að stólpum skal ganga frá sandlagi samkvæmt teikningum. Þjónustuop staura skal snúa frá akstursstefnu.

Við uppsetningu á staurum skal gæta þess að staurarnir verða ekki fyrir skemmdum og skal verktaki lagfæra þær í samráði við Vegagerðina. Hafa þarf fullt samráð við eftirlit við reisingu, s.s um val á búnuðum sem notaðir verða til að reisa staurinn.

Sérstök áhersla er lögð á að staurar verði reistir lóðréttir og í réttri hæð miðað við endanlegt yfirborð og að þeir halli ekki meira en 0.5° frá lóðréttu eftir uppsetningu.

Við uppsetningu staura skal verktaki þræða jarðstrengi inn um ídráttaop og út um tengiop staura og skulu strengir ná 300mm upp fyrir efri brún á tengiopi. Mynda skal 1 hring á streng utan við ídráttaop staura eins og sýnt er á sniðmynd N-105. Strengir skulu allir þræddir inn í sama strenggat á staurunum. Verktaka er bent á að gera ráð fyrir í lengd tengienda að strengir sem komnir eru inn í staura dragast oft niður við þjöppun í kringum staurinn. Í ídráttaropi skulu strengir vafðir með plasthlíf.

Við uppsetningu skal huga að öryggi og nota skal viðurkenndan búnað við vinnu. Fara skal eftir leiðbeiningum framleiðanda við uppsetningu á staurum og festingu ljósbúnaðs og gæta þarf þess að boltar og skrúfur séu vel hert.

- d) Hafi verktaki gert einhverjar breytingar á verkinu skal það vera samþykkt af fageftirlitsmanni Vegagerðinnar, og afhenda Vegagerðinni teikningar ásamt breytingum sem hafa verið gerðar á teikningum kerfisins.
- f) Uppgjör miðast við ákveðið einingarverð fyrir hvert stykki. Innifalið í einingarverði staura skal vera öll vinna, sem þarf til að grafa fyrir staur, reisa, ganga frá honum tilbúnum til tengivinnu

og uppsetningar á rafbúnaði. Ídráttur strengja í staura og flutningur á staðinn skal vera innifalinn í einingarverði.

Mælieining: stk.

Liður 35. 76.452 Götuljósker, ljósabúnaður, uppsetning

- a) Um er að ræða LED ljósker frá Vizulo ásamt ljósker í staurum sem færa þarf samkvæmt teikningu. Verktaki skal festa ljóskerin í samræmi við kröfur framleiðanda á stauratoppa. Verkkaupi leggur til ljósker og verða þeir afhentir á lager Vegagerðarinnar í Reykjavík

Verktaki skal setja í hvern staur tengibox með vartappa til að verja strenglöggn í ljósaastólpa. Tengiboxið skal uppfylla eftirfarandi:

Stauraboxið skal vera ætlað fyrir stólpa, velja skal vartappa til samræmis við ljósker.

Tengiklemmur: skrúfaðar

Varbúnaður: 2 varhöldur E14 D01, hámm. 16A

Plast: Höggþolið

Litur: Grár/glær

Þéttleiki: IP44

Staðall: IEC60439-1 DIN 43628

Svampur neðan: 9-17mm, 3 stk.

Túður ofan: 7-10,5mm, 1 stk.

Kapall upp í ljós: 3x1,5mm² - 5x2,5mm²

Stærð u.þ.b. h x b x d: 232x69x69mm



- f) Uppgjör miðast við ákveðið einingarverð fyrir hvert stykki. Innifalið er öll vinna og efni við uppsetningu og tengingu ljóskers og varbúnaðar. Þ.m.t. varbox, tappar, tengihólkar, slaufutengi og annað smáefni sem til þarf.

Mælieining: stk.

76 Yfirborðsmerkingar vega – Almenn lýsing

a) Verksvið

Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við yfirborðsmerkingar vega með vegmálningu eða hitadeigum massa. Einnig skal innifalið allt efni, öll vinna og annar kostnaður við uppsetningu og niðurtekt umferðarmerkja í samráði við lögreglu og eftirlitið.

b) Efniskröfur

Yfirborðsmerkingar skulu uppfylla kröfur um efnisgæði, stærðir útlit, endurskin, tákn, stafastærðir í samræmi við „Handbók um yfirborðsmerkingar“, útgefinni af Vegagerðinni og Gatnamálastofnun og kveðið er á um í reglugerð nr. 289/1995 með síðari breytingum

Efni til yfirborðsmerkinga skulu uppfylla eftirfarandi staðla sem um þau fjalla:

ÍST EN 1871: 2000 Eiginleikar vegmerkingarefna

ÍST EN 1436: 2007 Virkni yfirborðsmerkinga ÍST EN 1424: 1997 Íblandaðar (premix) glerperlur til vegmerkinga

ÍST EN 1423: 1997 Sálurselfni til vegmerkinga - Glerperlur, viðnámsaukandi korn og blöndur af hvoru tveggja

Nýjar yfirborðsmerkingar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði um endurskin, ljómastig, núningsviðnám:

Eiginleiki	Kröfur
Ljómastig (Qd)	≥ 130 mcd/m ² lux
Endurskin akreinalína á þurrum vegi utan þéttbýlis (RL)	200 mcd/m ² lux
Endurskin stakra merkinga á þurrum vegi utan þéttbýlis (RL)	100 mcd/m ² lux
Endurskin á blautum vegi (RL) (ef krafa er gerð um slíkt)	25 mcd/m ² lux
Núningsviðnám (mælt skv. BS 3262)	STR ≥ 45

Perlur skulu rakavarðar með silikoni og hafa stærðardreifingu skv. eftirfarandi:

Sigti (mm)	Perlur sem verða eftir á sigti (% massa)
0,710	0 - 2
0,600	0 - 10
0,355	30 - 70
0,212	70 - 100
0,125	95 - 100

Vegmálning. Vegmálningin skal ætluð til yfirborðsmerkinga á vegfleti úr steinsteypu, malbiki, olíumöl og klæðingu.

Málningin skal vera í flokki LF6 (ljómastuðull 0,80) og uppfylla kröfur sem fram koma í töflu 2 um litarhnit hvíttra vegmerkingaefna í staðli ÍST EN1871:2000.

Þornunartími málningar skal vera sem skemmstur en þó ekki svo að vandkvæðum valdi við sprautun.

Rúmmál þurrefnis í málningu skal ekki vera undir 40% af heildarrúmmáli.

Flæðiseigja (viscosity) málningar skal við 23 °C liggja á bilinu 8-12 „poise“ mælt með “Brookfield Synchro-Lectric Viscometer“ RV, spindli nr. 3 við 50 snún./mín. (um það bil 70-75 KU).

Upplausnarefni (eða önnur efni) í málningunni mega ekki hafa þau áhrif á vegflötinn að úr honum „blæði“ í gegnum málningarfilmuna og liti hana, mýki eða skaði á annan hátt.

Geymsluþol málningar skal vera a.m.k. eitt ár frá afhendingardegi. Auðvelt skal vera að hræra upp í málningunni (botnfall má ekki verða „hart“).

Hreinsivökvi fyrir áhöld og tæki til málunar skal vera eins mildur, þ.e. lágmengandi og skaðlítill mönnum, og kostur er á, án þess að gengið sé á hreinsihæfni.

Vegmassi. Vegmassi er ætlaður til yfirborðsmerkinga á vegfleti úr steinsteypu, malbiki, olíumöl og klæðingu.

Massinn skal uppfylla eftirfarandi kröfur ÍST EN1871:

flokks LF4, ljómastuðull β ≥ 0,70

töflu 2 í um litarhnit hvíttra vegmerkingaefna

flokks SP2, mýkingarmark ≥ 80

flokks IN1, sigtími 5s - 45 s
flokks TW1 Tröger slit < 2,5 cm³)
flokks TWU2, Tröger sliti 0,5 til 2,5 cm³.

Massinn skal innihalda að lágmarki 25% glerperlur.

Massinn skal vera þannig að 1,5 mm þykkur massi skal þorna innan 5 mínútna þegar veg- og lofthiti er innan 10 °C. Þá gildir jafnframt að aka megi yfir hann 5 mín. eftir útlögn án þess að marki í hann þegar þykktin er 3 mm og hiti vegyfirborðs er innan við 20 °C.

Frávik bindiefnismagns massans má ekki vera meira en 1 prósentustig frá því sem upp er gefið í vörulýsingu.

Viðloðun við slitlag skal vera minnst jafn mikil og innri samloðun massans.

Massinn skal þola eins árs geymslu án þess að glata þeim eiginleikum sem nýr massi hefur.

c) Vinnugæði

Yfirborð skal vera hreint áður en merkt er. Ekki skal vinna við merkingar í röku eða of vindasömu veðri. Vindhraði skal vera undir 10 m/s.

Utan þéttbýlis skal ekki vinna við yfirborðsmerkingar fyrr en veg- og lofthiti hefur náð 5°C og er vaxandi eða stöðugur. Innan þéttbýlis er heimilt að vinna við merkingar þegar veg- og lofthiti hefur náð 1°C.

Nota skal sjálfvirkt eftirlitskerfi sem skynjar perludreifingu og magn. Þær skulu festast vel í merkingarefnunum og sitja þannig í þeim, að endurskin ljóss verði í hámarki.

Glerperlurnar skulu varðveittar þannig að ekki komist vatn að þeim. Pallettur og sekkir sem geyma perlur skulu varðir með þykku plasti sem er hitastrekktt yfir.

Verktaki skal útfylla dagskýrslu á eyðublað sem verkkaupi samþykkir.

Línur sem eru utan þolmarka skal laga eða endurmerkja.

Vegmálning: Verktaki skal í hvert skipti sem hann byrjar málun, ganga úr skugga um að tæki hans vinni rétt. Gerð er krafa um að sprautubúnaður vegna miðlínu verði 2 – 1 gerð (Compact kerfi) þ. e. hann skal útbúinn tveim sprautum fyrir tvöfaldar línur og einni sprautu fyrir einfaldar línur.

Hræra skal málninguna í birgðatunnum (tanki), áður en fyllt er á tanka málningarvélar, þannig að hún verði jafnblönduð. Málningartæki skal vera með hraðamæli, lengdarmæli og magnmæli.

Verktaki skal mála eftir skipti- og formerkingum sem hann sjálfur gerir, sé þess þörf. Ef mála á tvær línur skal máluð formerkingarlína vera sem næst mitt á milli þeirra. Línur skulu vera áferðafallegar og án hlykkja þannig að ekki brjóti í bága við þolvik. Verktaki skal gæta þess að mála ávallt ofan í gamlar akreina- og markalínur (í lengd og breidd) svo framarlega sem þær séu rétt staðsettar. Leitast skal við að mála ávallt í sömu átt á sömu vegum á milli ára. Sé notuð vatnsmálning til málunar skal sérstaklega gætt að því að stoppa tímanlega ef útlit er fyrir þöku eða rigningu. Verktaka ber að koma í veg fyrir að keyrt sé ofan í nýmálaða línu.

Útsprautuð þykkt málningarfilmu eftir þornun skal vera eftirfarandi:

Yfirborð vegflatar	Þurrfilmuþykkt mm
Fínt	0,20
Gróft	0,25
Mjög gróft	0,30

Plastþurrfilma telst þornuð þegar hún þolir yfirakstur (almennrar umferðar) án þess að hún rifni upp og óhrainindi setjist föst í yfirborði hennar við 5 °C hitastig filmunnar í kyrrstæðu lofti og þurrviðri

Stilla skal saman hraða málningartækis og halla sprautu við málun þannig að málningarfilman veðri jafndreifð á málningarflötinn.

Mála skal með loftknúnum sprautum við þrýsting 400-600 kPa. Sprautuopspvermál (fluid tip open-íng diameter) skal vera um 4-8 mm og fjarlægð ops frá vegfletinum 150-200 mm. Hula (hiding power) skal minnst vera slík að þurrfilma, sem er 0,150 mm á þykkt, hylji fullkomlega svarthvítan, sléttan og lokaðan (þ.e. ekki sjúgandi) flöt.

Glerperlum skal stráð í blauta málninguna, um leið og henni er sprautað. Dreifa skal 0,4 kg af glerperlum í hvern lítra útsprautaðrar vegmálningar.

Vegmassi. Vinnubrögð skulu vera í samræmi við það sem kemur fram í vörulýsingu. Við útlögn skal massinn vera jafn (homogen) og vel hrærður.

Ekki skal leggja massa nema lofthiti sé minnst +5 °C og yfirborðshiti slitlags sé minnst +10 °C .

Við handlögn eða extrúderingu massa skal yfirborðshiti slitlags vera a.m.k. 5 °C.

Lagþykkt massaðar línu skal vera minnst 2,5 mm. Línur mega ekki standa meira en 4,0 mm upp fyrir slitlagið.

Við útlögn skal massi vera a.m.k. 180 °C heitur. Ef gamall massi er á meira en 30 % yfirborðsins, og hann bráðnar við hitun með kosangasi, skal hiti massa við útlögn vera a.m.k. 200 °C heitur. Bráðni gamli massinn ekki skal hann hreinsaður af fyrir mössun.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í vörulýsingu massans:

Gerð massans:

- kornadreifing steinefnisins
- magn og gerð litarefnis
- bindiefnismagn, IR-rannsókn á bindiefninu
- þurr rúmþyngd massans
- þrýstiálagsstuðull massans við 20 °C og 30 °C
- Tröger slitþolstala
- þungaprósent af glerperlum í massanum
- tegund perlanna og brotstuðull

Meðhöndlun massans:

- fyrirmæli um geymslu
- geymsluþol við þá geymsluaðferð
- aðferð við blöndun lauskorna massa
- hentugur útlagnarhiti
- hæsta leyft hitastig
- aðferð við yfirlögn massa á gamla merkingu
- aðferð við að fjarlægja massaða merkingu
- aðferð við merkingu steyptra slitlaga með massanum
- athugasemd vegna vinnuverndar
- annað sem hefur þýðingu við meðferð og útlögn massans.

d) Prófanir og mælingar

Eftirliti með magni vegmálningar og glerperla, línubreidd og þurrfilmupykkt skal haga samkvæmt eftirfarandi töflu.

Prófun	Tíðni mælinga
--------	---------------

Útsprautað magn vegmálningar og dreift magn glerperla	Á hverjum degi áður en byrjað er að mála Alltaf þegar breytt er þurrfilmubýkkt Í lok hvers vinnudags
Línubreidd	Alltaf þegar byrjað er að mála og minnst með 10 km milli bili miðað við málaða lengd línu

Skýrleika skal meta með samanburði við staðlaðar ljósmyndir sbr. nánari ákvæði í útboðslýsingu þessari.

e) Nákvæmisfrávik, þolmörk

Eftirfarandi þolvik gilda við gerða lína:

Gerð	Þolvik
Staðsetning línu	±75 mm
Línulengd	±100 mm
Bil milli lína	±100 mm
Lengd línu + línubils	±100 mm
Línubreidd	+15% / -0%
Þurrfilmubýkkt	+15% / -5%
Dreift magn glerperla	+15% / -0%

Liður 36. 76.513 Stakar merkingar

- a) Um er að ræða stakar málaðar gangbrautarmarkningar á hjólastíg, stærð 0,3 m x 3,0 m. Verkpátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við málun slitlaga, meðal annars öflun efna, formerkingu fyrir málun, uppsetningu og niðurtekt á umferðarmarkjum í samráði við lögreglu og eftirlit á þann hátt sem sýnt er í gildandi reglugerð um umferðarmarki og notkun þeirra og/eða samkvæmt fyrirmælum, hrærslu á málningu ef þarf, áfyllingu málningar og glerperla á málningavél (bíl), málun og hreinsun tækja að verki loknu. Staðsetning sést á teikningum XXX.
- f) Uppgjör miðast við fjölda merkinga.

Mælieining: stk.

Liður 37. 76.522 Vegmössun, örvar

- a) Um er að ræða mössun örva. Verkpátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við yfirborðsmerkingar með hitadeigum massa, þ.m.t. öflun efnisins og grunns fyrir steypt yfirborð, formerkingu, hreinsun yfirborðs fyrir mössun, grunnun ef með þarf, upphitun, hrærslu og útlögn massans og þrif tækja og búnaðar. Staðsetning og gerð merkja sést á teikningum XXX.
- b) Efni fyrir vélmössun (vegmössun) skal uppfylla yfirkeyrsluflokk P3.

Nánari skýringar má sjá í töflu 4 í kafla 7.5 í eftirfarandi skýrslu:

<http://www.nordiccert.com/wp-content/uploads/2019/08/Nordic-certification-system-for-road-marking-materials-version-6-2019.pdf>

Vegmassi skal standast kröfur í kafla 7.4 í ofangreindri skýrslu.

Íslenskt heiti	Enskt heiti	Eining
----------------	-------------	--------

Sýnileiki í dagsbirtu	Luminance coefficient under diffuse illumination	Qd (mcd/m ² lux)
Endurskin vegmassa, þurrt	Coefficient of retroreflected luminance, dry	RLdry (mcd/m ² lux)
Endurskin vegmassa, blautt	Coefficient of retroreflected luminance, wet	RLwet (mcd/m ² lux)
Núningsviðnám	Friction	PFT (0–1)

Sjá má lista yfir þann vegmassa sem stenst íslenskar kröfur í töflum 4.1.4.1 og 4.1.6.1 í eftirfarandi skýrslu VTI (Nordic certification of road marking materials. Results of initial performance measurements at the Icelandic-Norwegian-Swedish test site) frá 30. okt. 2019 á slóðinni <https://nmfv.dk/wp-content/uploads/2019/11/Initial-measurements-Ice-Nor-Swe-test-site-Haslemoen-2019.pdf>

Verktaki skal framvísa fullgildum uppruna- og gæðavottorðum með vegmassa og glerperlum, sem hann hyggst nota, til samþykktar hjá verkkaupa.

- c) Verktaki ber ábyrgð á að ekki sé ekið yfir nýmerktan flöt og ber einnig að hindra að slíkt geti átt sér stað.
- f) Uppgjör miðast við massaðan flöt.

Mælieining: m²

Liður 38. 76.5234 Vegmössun, b=200 mm, þ=3,0 mm, deililínur 2-2

- a) Um er að ræða 200 mm breiða deililínur (2-2) við að- og fráreinar, þykkt 3,0 mm.
Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við yfirborðsmerkingar með hitadeigum massa, þ.m.t. öflun efnisins og grunns fyrir steipt yfirborð, formerkingu, hreinsun yfirborðs fyrir mössun, grunnun ef með þarf, upphitun, hrærslu og útlögn massans og þrif tækja og búnaðar. Yfirborðsmerkingar má sjá á teikningum XXX.
- b-c) Sjá verklýsingu hér á undan (**Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**).
- f) Uppgjör miðast við lengd vegmassaðrar línu.

Mælieining: m

Liður 39. 76.5234 Vegmössun, b=200 mm, þ=3,0 mm, deililínur óbr.

- a) Um er að ræða 200 mm breiðar óbrotnar deililínur við strætóreinar, þykkt 3,0 mm.
Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við yfirborðsmerkingar með hitadeigum massa, þ.m.t. öflun efnisins og grunns fyrir steipt yfirborð, formerkingu, hreinsun yfirborðs fyrir mössun, grunnun ef með þarf, upphitun, hrærslu og útlögn massans og þrif tækja og búnaðar. Yfirborðsmerkingar má sjá á teikningum XXX.
- b-c) Sjá verklýsingu hér á undan (**Villa! Uppruni tilvísunar finnst ekki.**).
- f) Uppgjör miðast við lengd vegmassaðrar línu.

Mælieining: m

Liður 40. 76.54 Tilbúnar vegmerkingar (Strætó)

- a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við stakar tilbúnar vegmerkingar, þar með talin formerking fyrir niðursetningu, uppsetningu og niðurtækt á umferðarmannvirkjum.
Um er að ræða strætómerkingar á sérreinar strætó og við strætóstöðvar á Kringlumýrarbraut. Staðsetning merkja sést á teikningum XXX.

- f) Uppgjör miðast við massaðan flöt.

Mælieining: m²

Liður 41. 76.551 Fjarlæging yfirborðsmerkinga, fræsun

- a) Um er að ræða að afmá yfirborðsmerkingar með fræsun. Um er að ræða deililínur og örvar á núverandi frárein Kringlumýrarbrautar.

- f) Uppgjör miðast við fræstan flöt.

Mælieining: m²

77 Frágangur og græðsla - Almenn lýsing

- a) **Verksvið**

Verksviðið innifelur alla hreinsun, jöfnun og frágang fláa, bæði skeringa og fyllinga, svæða við hlið vega og þar sem land er mótað.

- c) **Vinnugæði**

Allar ójöfnur skulu jafnaðar eins vel og unnt er. Gæta skal þess að gengið sé þannig frá öllum veggögnum, s.s. umferðarmerkjum, vegvísun, vegriðum og brunnum, þannig að ekki stafi hætta af þeim t.d. við útafakstur eða bílveltur. Óheimilt er að vinna við frágang fláa með vinnutækjum á vegyfirborði eftir að útlögn efra burðarlags hefst.

Vinnusvæði skulu jöfnuð og frágengin. Svæðin skulu hreinsuð, jöfnuð og afvötnuð þannig að yfirborð þeirra verði jafnt og snyrtilegt og án hauga, hryggja og stalla.

Þökur skal leggja þannig að þær hylji allt það yfirborð, sem þekja skal. Þó skal forðast að þrýsta þökum þétt saman.

- e) **Nákvæmnikröfur - Þolvik**

Halli fláa (vegfláa, fyllingarfláa eða skeringarfláa) má ekki vera brattari en fram kemur á uppráttum, en allt að 15% flatari (hlutfall af gráðum mældum milli láréttar línu og fláalínu), þó þannig að lega og breidd skurða breytist ekki. Einstakir staðir fláa skulu ekki víkja meira en ± 100 mm frá fláalínu, mælt með 3 m réttsskeið sem lögð er á frágenginn fláa, og slík frávik eru einungis heimil ef þau hafa ekki áhrif til hins verra á útlit vegarins. Ef mælingar sýna frávik umfram leyfileg mörk skal verktaki bæta úr því.

Þar sem breyting verður á halla vegfláa skal hún framkvæmd þannig, að hornið milli fláalínunnar og láréttar línu breytist jafnt á 20 m lengd vegarins. Mesta leyfilega frávik frá 3 m réttsskeið sem lögð er á frágenginn fláa er 100 mm.

Liður 42. 77.1 Frágangur fláa

- a) Verkbátturinn innifelur alla hreinsun, jöfnun og frágang fláa frá öxl vegar niður að fláafæti, á hljóðmön og annarri landmótun í verkinu samkvæmt fyrirmælum. Halli fláa er sýndur á teikningu XXX og landmótun á teikningu XXX.

- b) Fjarlægja skal alla steina, stærri en 150 mm, úr yfirborði vegfláa innan öryggissvæðis

- c) Óheimilt er að vinna við frágang fláa með vinnutækjum á yfirborði burðarlags.

- e) Leyfilega frávik frá 3 m réttsskeið sem lögð er á frágengið yfirborð er 100 mm.

- f) Uppgjör miðast við hannaðan frágenginn flöt mældan eftir yfirborði (ekki lárétt).

Mælieining: m²

Liður 43. 77.11 Fláar þaktir túnþökum

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við þökulagningu fláa, hljóðmana og annarrar landmótunar. Innifalinn er allur kostnaður við flutning moldar, losun, ámokstur, áburð, jöfnun eins og hæðarsetning gefur til kynna, þökur, flutning á túnþökum, lögn þeirra, grasslátt og allan frágang. Ýmist er um samfellda fleti að ræða eða að þökulögnin er notuð sem jaðar með gangstígum. Halli fláa er sýndur á teikningu XXX og landmótun á teikningu XXX.

b) Verktaki skal útvega gróðurmold, Moltublöndu eða gróðurmold með sambærilega eiginleika að mati eftirlits verkkaupa. Gróðurmoldin skal vera loftrík og létt og með pH-gildi (sýrustig) á bilinu 5 – 6,5. Í yfirborð moldarinnar skal bera tilbúinn þrígildan áburð helst nokkrum dögum fyrir tyrfingu, þannig að magn næringarefnanna köfnunarefnis (N), fosfors (P) og kalí (K) verði innan neðan-greindra marka. Það ræðst síðan af áburðargerðinni sem valin er hversu mikið áburðarmagnið þarf að vera til þess að uppfylla kröfurnar, þ.e. hversu mörg grömm neðantalinna hlutdeildarefna eru í hverju kg valinnar áburðargerðar:

N 7 - 9 g/m²

P 5 - 6 g/m²

K 4 - 6 g/m²

Þar sem þökulagt er næst kantsteini eða gangstétt skal nota moldarblandaða grús (0-25 mm) 50/50%.

Þökur skulu vera af túni þar sem túnvingull er ráðandi. Þær þurfa að vera án snarrótar og húsapunts. Annað illgresi má ekki vera yfir 5% af flatarmáli. Þökurnar skulu ekki innihalda vallarfoxgras meira en 2% af flatarmáli.

Eftirlitsmaður þarf að samþykkja þær þökur sem verktaki hyggst nota

c) Þykkt moldarlags skal vera minnst 50 mm undir túnþökum. Þegar gróðurmold er finjöfnuð undir þökum skal þess vandlega gætt að hallar séu réttir samkvæmt teikningum þannig að vatn geti hvergi sest í polla á grassvæðinu. Verktakinn skal reikna með að nota þurfi handverkfæri við finjöfnun undir þökurnar. Valta skal vel með venjulegum túnvaltara, fylla mold í dældir sem þá myndast og endurtaka völtunina. Hæð grúsar- og moldarfyllingar, þar sem setja skal þökur, skal miðast við það að þegar jöfnun og þjöppun hefur farið fram, skal hæð á moldaryfirborði vera þannig að hæð á þökum verði í hæð við gangstíg.

Síðan er þakið með túnþökum þegar samþykki eftirlitsmanns liggur fyrir. Leggja skal þökurnar þétt saman og skera til eftir þörfum. Þökur skal leggja í hæð við malbik eða kantsteini og valta síðan yfir með túnvaltara. Þar sem grasþakning leggst að eldra grasi skal gæta þess að hvergi verði eftir skarpar brúnir, þ.e. að nýtt og gamalt gras sé vel skorið saman. Valta skal yfir þökur með túnvaltara eftir að þakningu er lokið.

Á túnþökurnar skal bera þrígildan áburð í sömu hlutföllum og að ofan greinir, en um þriðjung magnsins.

Verktaki skal annast vökvun og aðra umhirðu grasflata meðan þökurnar eru að festa rætur og slá gras eftir þörfum og í samráði við eftirlitsmann, allt að tvisvar sinnum. Sláttuhæð skal vera 40-50 mm. Þá skal laga gallaða bletti áður en verkið er afhent verkkaupa. Grasþakning sem framkvæmd er að hausti eftir að gras-vexti líkur verður ekki tekin út fyrr en að vori.

Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að þökur skriði ekki þar sem þær liggja í halla.

f) Uppgjör miðast við hannaðan frágenginn grasflöt mældan eftir yfirborði (ekki lárétt).

Mælieining: m²

R 9 Götugögn

Almennar kröfur

Almennt

Hér á eftir er fjallað um mannvirki og búnað úr steinsteypu, timbri og stáli. Fyrst er lýst almennum kröfum um gæði og framkvæmd ásamt yfirborðsmeðhöndlun eftir því sem við á, en síðan einstökum mannvirkjum og búnaði.

Nákvæmni í staðsetningu

Almennt skulu öll mannvirki í yfirborði vera staðsett með 20mm nákvæmni miðað við hönnunarlegu. Auk þess er sett það skilyrði að mannvirki sem falla inn í hellumunstur séu með 5mm nákvæmni miðað við hellumynstrið.

Steypt mannvirki

Mótasmíði

Staðlar og uppdrættir: Um steypumót gilda ákvæði ÍST 10 nema annars sé getið. Framkvæmdaflokkur B. Við uppslátt skal fylgja uppdráttum arkitekta og verkfræðinga.

Mótaefni: Efni í mót skal fullnægja þeim styrkleikakröfum, sem settar eru í ÍST 10, að viðbættum þeim kröfum, sem settar eru í lýsingu þessari. Mót skal klæða svo þétt að finefni steypunnar leki ekki út að heitið geti, eða aðrir áferðargallar komi af völdum mótauppsláttar.

Mótaolía: Þess er ekki krafist að notuð sé mótaolía. Sé mótaolía notuð skal borið á klæðninguna og hún látin þorna vel áður en hún er sett á sinn stað í mótin. Það er algjörlega bannað að vera með mótaolíu þar sem hún getur borist á steypu eða steypustyrktarstál.

Mótatengi: Nota skal mótatengi af viðurkenndri gerð, sem gera kleift að slíta teina minnst 20mm innan við steypuyfirborð.

Bleyting móta: Sé mótaolía ekki notuð skal bleyta öll mót rækilega, áður en steipt er í þau. Einnig skal halda þeim rökum fyrstu sólarhringana eftir að steipt hefur verið í þau, því að ella kunna þau að draga of mikinn raka úr steypunni og rýra þar með styrkleika hennar.

Hreinsun móta: Áður en steypuvinna hefst, skal hreinsa öll mót. Fjarlægja skal alla timburkubba, spæni og sag, sem safnast hafa í mótin við smíðina. Oft nægir rækileg útskolun um leið og mót eru bleytt fyrir steypu, en eftirlitsmaður getur krafist þess að mót séu hreinsuð með þrýstilofti. Til þess að auðvelda þessa hreinsun skal gera sérstök göt neðst í mót skv. ÍST 10.

Nákvæmniskröfur: Kröfur um nákvæmni í stærð og staðsetningu steinsteyptra hluta eru sem hér segir:

Stærð steyptra hluta	± 5mm
Staðsetning steyptra hluta	± 5mm
Kótar	± 5mm
Misgengi veggja í steypuskilum	± 2mm
Frávik frá 3m réttisheið, sem lögð er á steiptan flöt, má mest vera sem hér segir:	
Bitar, veggir og súlur	3mm
Gólf og plötur undir ílögn	10mm

Mótarif: Hér gilda ákvæði IST 10.

Göt og stokkar: Verktaki skal setja í mót, stokka fyrir hvers konar göt og raufar sem nauðsynlegar eru fyrir leiðslukerfi, sem þvera mannvirkið. Í þessu skyni skal verktaki kynna sé

rækilega uppdrætti fyrirhugaðra pípukerfa. Láti verktaki undir höfuð leggjast að setja raufar eða göt þar sem slíkt er sýnt á teikningum, sem hann hefur undir höndum, eða verið skilmerkilega skýrt frá af eftirlitsmanni, skal hann á sinn kostnað höggva eða bora slík göt eða raufar eftir fyrirsögn eftirlitsmanns. Slíkt múrbrot má þó ekki gera, fyrr en steypa hefur náð tilskildu brotþoli.

Bendistál

Staðlar og uppdrættir: Um bendistál og bendingu gilda ákvæði ÍST 10 sé ekki annars getið. Bendingu skal framkvæma samkvæmt séruppdráttum.

Efni: Þess skal vandlega gætt, að notuð sé sú tegund bendistáls sem uppdrættir (og/eða lýsing) segja til um. Áður en framkvæmdir hefjast skal verktaki leggja fram gögn, sem staðfesta gæði þess stáls, sem notað verður við framkvæmdina. Leiki vafi á gæðum bendistáls, sem verktaki hyggst nota, skal framkvæma prófun á eiginleikum stálsins. Prófanir skulu gerðar af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og skal verktaki greiða allan kostnað við prófunina. Á vinnustað skal geyma allt bendistál á trjám eða öðru undirlagi til að verja það óhreinindum og skemmdum.

Vinna við járnalögn: Hér gilda ákvæði ÍST 10 kafli 6. Járnalögn skal vel af hendi leyst og uppdráttum fylgt nákvæmlega. Skeyting járna sé í samræmi við fyrirmæli uppdráttu og staðla. Sérstök athygli skal vakin á því, að járn má ekki beygja í krappari beygjur en fyrirskrifaðar eru. Kambstál má ekki beygja krappar en um ás að þvermáli 20 x D (D = þvermál stangarinnar). Þar sem járn liggja saman í kross, skulu þau bundin saman með bindivír eða á annan viðurkenndan hátt.

Þegar stál í gjörðum er beygt skal ás, sem beygt er um vera minnst 3 x D í þvermál. Í gjarðir skal nota suðuhæft kambstál KS50s (eða slétt stál St. 37 R).

Í plötum skal ekki skeyta meira en þriðja hvert járn í sama þversniði. Fjarlægð milli skeytaþversniða sé ekki minni en 500mm.

Staðsetning járna í mótum: Fjarlægð járna frá steypufirborði skal vera sem hér segir, nema uppdrættir kveði á um annað:

Fjarlægð járna frá steypufirborði:

Byggingahlutar	Plötur [mm]	Bitar, veggir [mm]	Stoðir, [mm]
Innanhúss, þar sem raki er lítill	20	20	30
Utanhúss og annars staðar þar sem raki er mikill	30	30	30
Þar sem steyp er beint að jarðvegi	50	50	50

Í öllum tilvikum er miðað við þau járn, sem næst eru steypufirborði. Þannig skal gengið frá bindivír að vafningsvöndull sé ekki utar en járn eiga að vera.

Þess skal vandlega gætt, að fjarlægð járna frá steypubrún sé rétt, og þannig frá járnalögn gengið að þau haggist ekki, þegar steyp er. Í þessu skyni skal skorða veggja- og plötugrindur með steypum kubbum eða á annan viðurkenndan hátt, þannig að hæfilegt steypulag verði á járnnum. Mesta fjarlægð milli fjarlægðarklossa má vera 1m í báðar áttir. Eftir því sem við á skal festa járngrindum í mótatengi. Setja skal stóla úr steypustyrktarstáli undir efribrúnar grindur í plötum. Stólarnir skulu hvíla á plasttöppum. Afstífangarjárn skulu sett milli járngrinda í veggjum.

Steinsteypa

Staðlar: Um steypugerð, steypuvinnu og alla meðferð steypu gilda ákvæði íslensks staðals ÍST 10 að viðbættum neðantöldum ákvæðum. Framkvæmdum skal haga samkvæmt framkvæmdaflokki B í ÍST 10.

Steypuefni: Sement: Nota skal kísilrykblandað portlandsement, sem uppfyllir kröfur ÍST 9 og ÍST 10 eftir því sem við á. Í alla steypu skal nota fylliefni, sem uppfylla kröfur ÍST 10 og kröfur byggingaryfirvalda um alkalívirgni. Stærsta kornastærð fylliefna sé 25mm. Allt vatn til steypugerðar skal uppfylla kröfur ÍST 10. Setja skal loftblendi í alla steypu. Loftmagn skal vera 5.0-6.5% mælt í niðurlagðri steypu. Notkun annarra íblöndunarefna er háð samþykki verkkaupa.

Tækjakostur á vinnustað: Tækjakostur á vinnustað skal miðast við það, að unnt sé að koma steypu með réttu sigmáli á sinn stað í mannvirkinu og vinna hana saman í eina heild með vinnuaðferðum, sem samræmast fyrirmælum og leiðbeiningum í lýsingu þessari. Ennfremur skal vera á vinnustað tæki til vara eða á annan hátt tiltæk með stuttum fyrirvara, svo að ekki þurfi að koma til ótímabær vinnustöðvun vegna bilunar.

Niðurlögn steypu: Hér gilda ákvæði ÍST 10, kafla 7.5 og 7.6. Alla steypu skal titra, nema þrifa-lög. Óski verktaki eftir íblöndun flotefna til aukinnar þjálni steypunnar skal kostnaður af því innifalinn í verði. Mesta leyfilegt frítt fall steypunnar er 2,5m. Sé steipt í mót, sem eru hærri en 2,5m skal eftir þörfum nota trektar með röri, eða annan útbúnað sem verkkaupi samþykkir. Steypunni skal dreifa í mótin eins jafnt og frekast er kostur, í því sem næst láréttum lögum.

Meðferð niðurlagðrar steypu: Hér gilda ákvæði ÍST-10, kafla 7.8. Verja skal yfirborð steypu gegn ofþornun með götöttum plastslöngum eða jafngóðum búnaði til að halda steypunni stöðugt með jöfnum raka.

Frágangur steypuflata: Efri brúnir tappa upp úr plötu skal slétta með brettum um leið og steipt er og skal þess gætt að kantar verði beinir. Gólfplötur skulu jafnaðar undir ílögn (sladdaðar). Verktaki skal skila öllum steypuflötum hreinum, sléttum og galla lausum og höggva enda af móta-tengjum, sem standa út úr steypunni. Mótatengi skal höggva 20mm innan við útbrún veggja. Steypuklepra og minniháttar misbrúnir skal höggva af. Minni steypusár skal höggva upp og fylla með Thorite eða sambærilegu efni og ennfremur holur eftir mótatengi. Ef að meiriháttar steypugallar koma í ljós skal verktaki hlíta fyrirmælum eftirlitsmanns og/eða hönnuða um viðgerðir á þeim. Verktaki fær ekki greitt sérstaklega fyrir ofantalda vinnu og skal innifela þann kostnað í einingarverðum steypunnar.

Steypa C 25 / 30

Undir þennan lið fellur öll steypa nema annað sé tekið fram í verklýsingu eða komi fram á teikningum.

Brotþolsflokkur	C25/30
Lágmarks sementsmagn	300kg/m³
Vatns/sementstala	< 0.55
Sigmálsflokkur	S4 (160-210mm sbr. ÍST EN 206-1:2000)

Hámarks kornastærð	22mm
Loftinnihald	5-8% (mælt rétt fyrir niðurlögn og eftir dælingu ef dælt er)
Fylliefni skal vera alkalióvirkt.	
Fjarlægðarstuðull	< 0,20mm (skv. ASTM C457), > 25mm²/mm³ (skv. ASTM C457)
Virkt yfirborð	

Reikna skal með því að steypan sé lögð niður með sigmáli 15 - 20cm og að því sigmáli verði náð með sérvirkum þjálnefnum.

Þar sem um er að ræða steypar undirstöður og kodda verður greitt fyrir stk., en ekki mótaflöt, járn og steypu sérstaklega

Trévirki

Ef ekki er gerða krafa um notkun á lerki skal allt timbur skal vera gagnvarið skv. ÍST INSTA 140:1990 og skal hafa flokkunarkerki NTR Gerðar eru kröfur um að efni í klæðningu sé í gagnvarnarflokki AB en stólpár í snertingu við jörðu í flokki A. Timbur skal vera beint húspurtt og laust við stóra kvisti eða aðra vankanta og viðargalla. Viðarefni skal vera að styrkleika miðað við íslenskan staðal ÍST 12 og byggingarreglugerð. Öll mál skulu athuguð á staðnum áður en smíði hefst til þess að staðfesta mál og hæðir. Athugið að þússa þarf vel alla enda, kanta, á öllu tréverki þar sem hér er um leiksvæði barna / unglunga að ræða

Öll festijárn, skrúfur, naglar, boltar, lamir eða annað sem notað er til festinga skal vera úr heitgalvaniseruðu stáli, ryðfríu stáli eða öðru betra. Frágangur allur á festingum og festistykkjum skal þannig háttað að hvergi stafi hætta af. Boltarær skulu varðar með plasthettu.

Yfirborðsfrágangur

Borið skal fúavarnarefni á allt tréverk svo og enda og samskeyti. Borið skal tvær yfirferðir og látið þorna á milli yfirferða. Ekki má bera fúavarnarefni á blautan við en að öðru leyti skal fara eftir leiðbeiningum framleiðenda. Allt timbrið skal vera í sama lit. Litur timbursins skal vera í samráði við landslagsarkitekt. Krossviður skal vera vatnsvarinn.

Ekki skal yfirborðsmeðhöndla mannvirki úr lerki

Stálvirki

Yfirborð stangarefnis, formstáls og plötustáls skal vera slétt, órispað og sprungulaust. Þykktir skulu vera eins og sýnt er á teikningum með 3% málviki, þó skal frávik ekki vera meira en $\pm 2\text{mm}$. Leyfilegt málvik á plötubýkktum undir 12,5mm og stangarefni undir 25mm er 0,5mm.

Efni skal vera St 37 (DIN 17100) nema annað sé tekið fram.

Efnrör skulu vera úr St 52.

Boltar eru í gæðaflokki 4.6 nema annað sé tekið fram. Allir boltar, rær og skrúfur skulu vera heitgalvanhúðuð.

Öll málmsmíði, sem tök eru á, skal unnin á verkstæði. Fulltrúa verkkaupa skal heimill aðgangur að verkstæðum verktaka til eftirlits með smíði hvenær sem hann telur nauðsynlegt. Allar vinnu- og uppsetningaraðferðir eru háðar samþykki eftirlitsmanns verkkaupa.

Rafsuður skulu unnar af suðumönnum í með fullgild réttindi í flokki E-B2 frá Iðntæknistofnun Íslands. Verktaki skal leggja fyrir eftirlitsmann verkkaupa vottorð um hæfi suðumanna. Aðeins

skal nota suðuvír með lágu vetnisinnihaldi. Yfirborð á öllum suðum skal vera hnökralaust og hafa jafna áferð.

Nákvæmni í smíðamálum skal vera samkvæmt DIN 7198 flokki "m" (General tolerances class "mittel")

Allar meginsuður svo sem á efnisrörum skulu vera prófaðar af Iðntæknistofnun Íslands með viðeigandi prófunaraðferðum. Þær skulu uppfylla kröfur um flokk 3, grænn skv. IIW (International Institute of Welding).

Verkkaupi greiðir þessar prófanir, nema um endurtekna prófun sé að ræða sem er á kostnað verktaka.

Allt stálvirki sem lýst er í þessum kafla skal vera heitgalvanhúðað með minnst 120 μ (0,120mm) lagþykkt.

Galvanhúðunin fari fram eftir að allri smíði, borun og beygingu stálhlutanna er lokið.

Þykkt galvanhúðunar skal sannreynd áður en uppsetning hefst.

Þess er krafist að fagmenn viðkomandi fagsviðs hafi yfirumsjón með verkliðum í þessum kafla. Allur kostnaður við útsetningar, mælingar og málun skal vera innifalinn í viðkomandi tilboðsliðum.

Yfirborðsfrágangur (málun)

Yfirborðsfrágangur hér á eftir á við um þá hluti sem mála á samkvæmt skilgreiningu í sérkafla hvers hlutar.

Hreinsa skal burt allar ójöfnur og lús í zinkinu. Loka skal götum sem gerð hafa verið fyrir zinkrennsli með viðurkenndu kítu. Síðan skal fituhreinsa t.d. með "Skoli nr. 6", háþrýstipvo með heitu vatni og mála á eftirfarandi hátt, eða annan sambærilegan með samþykki verkkaupa. Við málun eldri stálhluta skal hreinsa burt allla lausa málningu, slípa niður brúnir, rryðhreinsa og skola með fituhreinsi ef þörf er talin á samkvæmt ákvörðun eftirlitsmanns :

Grunnmálning	Epoxy grunnur fyrir zink	50 μ m	
Milliyfirferð	Epoxy þykk-málning	100 μ m	
Lokayfirferð	Pólyúreþanmálning	50 μ m	Gljástig 70%

Á hjólaboga er gerð krafa umr viðbótarumferð af graffitíþolinni glærri húð eftir málningu.

Málningarkerfi skal leggja fyrir verkkaupa til samþykktar.

Málningarvinna skal unnin með sprautu og við æskilegt hitastig. Verði suðuslípun og zink-/ryðhreinsun ábótavant, má sparsla í með viðurkenndu efni sem þolir skilgreinda málningu. Spørslun og eftirslípun skal gerð af vönum málara.

Litur skal vera **hönnuður skráir lit og litanúmer t.d. svargrænn RAL 6009** nema annað komi fram á teikningum. Sýna þarf verkkaupa litarprufu og fá samþykki hans, áður en málað er með yfirmálningunni.

Steyptar undirstöður

Almennt

Verktaki skal útvega eða framleiða steypdar undirstöður fyrir götugögn og búnað og setja niður í fyllingu samkvæmt teikningum.

Undirstöður eru steinsteyptar og járnbentar. Undirstöður skal forsteypa og er verktaka ekki heimilt að nota vinnuvæði eða aðstöðu á verkstað til að forsteypa undirstöður. Verktaka er heimilt að innsteypa króka til hífingar í samráði við eftirlitsmann.

Varðandi steypu, mót og járnabendingu vísast í almennar kröfur fyrir í grein R 9.

Graftrarmörk fyrir undirstöðum eru sýnd á teikningum.

Undirstöður skulu settar á fullþjappað grúsaryfirborð. Lágmarks þykkt grúsarfyllingar undir undirstöðu er 300mm.

Dýpt niður á undirstöðu ræðst af því sem kemur á undirstöðuna eins og sýnt er á teikningum

Liður 44. R9.1.1 Undirstaða ruslastamps

Verktaki skal leggja til forsteypta undirstöðu fyrir ruslastamp, stærð **XX×XX×XXm**, í samræmi við teikningu og koma henni fyrir á þjappaða fyllingu eins og fram kemur á teikningu. Kröfur um steinsteypu, steypustyrktarstál, hífingarbúnað o.fl. kemur fram á teikningu.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fyrir stk. af niðurkominni steinsteyptri undirstöðu fyrir ruslastamp. Innifalið í einingaverði skal m.a. vera framleiðsla undirstöðu, flutningur, jöfnun undirlags, þunnt sandlag undir undirstöðu og að koma undirstöðunni fyrir.

Mælieining: stk.

Liður 45. R9.1.2 Undirstaða hjólaboga

Verktaki skal leggja til forsteypta undirstöðu fyrir hjólaboga, stærð **XX×XX×XXm**, í samræmi við teikningu og koma henni fyrir á þjappaða fyllingu eins og fram kemur á teikningu. Kröfur um steinsteypu, steypustyrktarstál, hífingarbúnað o.fl. kemur fram á teikningu.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fyrir stk. af niðurkominni steinsteyptri undirstöðu fyrir hjólaboga. Innifalið í einingaverði skal m.a. vera framleiðsla undirstöðu, flutningur, jöfnun undirlags, þunnt sandlag undir undirstöðu og að koma undirstöðunni fyrir.

Mælieining: stk.

Liður 46. R9.1.4 Undirstaða strætóskýlis

Verktaki skal leggja til forsteyptar undirstöður fyrir strætóskýli, stærð **XX×XX×XXm**, í samræmi við teikningu og koma henni fyrir á þjappaða fyllingu eins og fram kemur á teikningu. Kröfur um steinsteypu, steypustyrktarstál, hífingarbúnað o.fl. kemur fram á teikningu.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er fyrir stk. af niðurkominni steinsteyptri undirstöðu fyrir strætóskýli. Innifalið í einingaverði skal m.a. vera framleiðsla undirstöðu, flutningur, jöfnustrætóskýli, þunnt sandlag undir undirstöðu og að koma undirstöðunni fyrir.

Mælieining: stk.

Liður 47. R9.10.1 Trébekkur með steypujárnsgöflum

Bekkur skal vera hefðbundinn borgarbekkir með Reykjavíkurmerki. Bekkurinn er trébekkur með þekjandi viðarhúð. Í fótstykki bekkjarins eru göt fyrir festibolta. Þar sem bekkur er settur upp á steinlögn úr smáum kubbasteinum sem veita ekki næga festu skal leggja undirlagshellu 400x400 þétt undir steinlögnina og bekkurinn festur með múrbolta sem nær gegnum

kubbasteinana og festist í undirlagshelluna. Þar sem bekkur kemur ekki á steinlögn skal undirstöðuhellan lögð í malarfyllingu á 300mm dýpi og bekkurinn festur við hana með teini.



Magntölur og uppgjör:

Greitt er ákveðið verð á stykki. Innifalinn skal allur kostnaður, efni og vinna við bekkinn sjálfan og annað efni, flutninga, samsetningar og uppsetningu ásamt festingum.


Mælieining: stk.

Liður 48. R9.12 Hjólabogar

Hjólaboga skal smíða í samræmi við mynd hér að neðan. Smíða skal úr svörtu smíðastáli, pípum og flatstáli. Pípur má ekki fletja út í ávalning við völsun. Hjólaboga skal heitzinkhúða og mála eftir smíði.

Litur RAL 6009 dökkgrænn

Hjólabogar festast með 12mm múrboltum á steypar undirstöður. Hæð hjólaboga skal vera 100cm yfir yfirborði.



Bogi útlit/snið mkv 1:20

Magntölur og uppgjör:

Greitt er ákveðið verð fyrir framleiðslu og uppsetningu á hjólaboga. Innifalið öll vinna og efni þ.m.t. heitzinkhúðun og málun skv. verklýsingu ásamt flutningi á verkstað

Mælieining: stk.

Liður 49. R9.13 Ruslafata / ruslastampur

Verktaki skal útvega ruslafötu ásamt skiltasteini og röri til uppsetningar. Uppsett ruslafata skal vera sambærileg þeirri sjá má að meðfylgjandi mynd. Tunnan skal vera græn á litin nánari litur er RAL-6005



Magntölur og uppgjör:

Magntala er stk. Einingarverð skal innifela allt efni, flutninga og vinnu við uppsetningu.

Mælieining: stk.

Liður 50. R9.16 Upplýsingastaur Strætó

Verktaki skal setja upp upplýsingastaur Strætó á undirstöðu. Staðsetning er sýnd á teikningu **xxx**.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er ákveðið verð fyrir uppsetningu á upplýsingastaur Strætó. Innifalið er öll vinna og efni við uppsetningu á staur. Reykjavíkurborg útvegar Strætómerki sem setja skal á staurinn.

Mælieining: stk.

9 Fylgiskjöl

Reykjavíkurborg

Skipulagsfulltrúi

b.t. Ingvars Jóns Bates Gíslasonar

Efni: Umsögn um tillögu að framkvæmdaleyfi vegna strætisvagnstöðva beggja vegna Kringlumýrarbrautar í Fossvogi

Undirrituð vilja byrja á því að fagna þeirri viðleitni að efla frekar almenningssamgöngur á þessum stað í Reykjavík. Engu að síður er að okkar mati eðlilegt að umsækjanda verði ekki heimilar framkvæmdir á þessum stað nema að áður gegnum rannsóknum á núverandi hljóðvist við byggðina sem næst er Kringlumýrarbraut í Fossvogsdal. Þær niðurstöður verði nýttar til samanburðar við eldri rannsóknir og einnig rannsóknir sem gera þarf síðar, ef af þessum breytingum verður.

I. Hávaði

Í reglugerð um hávaða númer 724/2008 í 5.grein kemur fram í annarri málsgrein:

„Við hönnun samgöngumannvirkja skal miðað við að hljóðstig verði undir mörkum í töflum I og II í viðauka. Við breytingu á umferðaræð í byggð sem fyrir er, sem leitt getur til aukins hávaða skal grípa til mótvægisáðgerða til þess að koma í veg fyrir að hljóðstig hækki“

Ekki er að sjá á þeim gögnum sem fylgja erindinu að gert sé ráð fyrir því að gerðar verði ráðstafanir austan Kringlumýrarbrautar til að koma í veg fyrir aukin hávaða frá fyrirhugaðri strætisvagnstöð í þeirri akstursstefnu.

Samkvæmt þeim hljóðmælingarkortum sem við höfum fundið hjá Umhverfisstofnun. Það nýjasta frá mælingum fyrir Reykjavíkurborg og Vegagerðina, unnið árið 2016, þar sem kemur fram að þau hús sem standa vestast við Lautarveg mælast samkvæmt fyrrnefndu korti með hávaða sem nemur 65-75 db. En samkvæmt heilsuverndarmörkum í fyrrnefndri reglugerð er viðmið íbúðarhúsnæðis á íbúðarsvæðum 55 db.

Hér þarf því að okkar mati að láta gera nýjar mælingar og fá fram stöðuna eins og hún er núna á árinu 2022 áður en lengra er haldið. Einnig er ljóst að bæta þarf hljóðmön austan við Kringlumýrarbraut, bæði að hækka hana þar sem hún hefur sígið talsvert og einnig þarf að finna lausn á því að minnka hávaða frá þeim stað sem fyrirhugað stopp er staðsett þar sem það mun standa við einn af fáum stöðum sem ekki er hljóðmön á milli byggðar og akvegjar. Hljóð frá vögnum á því auðvelt með að berast beina leið inn í íbúðarhverfið, bæði þegar vagnar stöðva og taka af stað.

Jafnframt þarf að hafa í huga að frá þeim stað sem fyrirhugað stopp er staðsett, er ekið upp brekku sem gerir það að verkum að hávaði frá strætisvögnum er hærri en ella. Þetta þarf einnig að taka með í útreikninga á hljóðvist.

Við leggjum jafnframt til að til viðbótar við hljóðmælingar verði erindi þessu vísað til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til umsagnar.

// Umferðarhraði

Umferðarhraði er mikill á þessum kafla Kringlumýrarbrautar og þrátt fyrir að hámarkshraði sé 80 km er umferðin oft á tíðum mun hraðari en það.

Samhliða uppsetningu á stoppistöðvum beggja vegna Kringlumýrarbrautar er að okkar mati nauðsynleg mótvægisaðgerð að lækka hámarkshraða á Kringlumýrarbraut á þessu svæði í a.m.k. 60 km eða minna.

Hávaði frá umferð eykst umtalsvert þegar ekið er yfir 50 km hraða og því er þetta bæði öryggisatriði fyrir vegfarendur og dregur úr hávaða frá umferðinni.

Fossvogi 6.10.2022

Sent með tölvupósti á skipulag@reykjavik.is

Virðingarfyllst,

Friðrik Sigurðsson

og

Magnea S. Magnúsdóttir

Lautarvegi 16

103 Reykjavík

Reykjavíkurborg

Skipulagsfulltrúi

b.t. Ingvars Jóns Bates Gíslasonar

9. október 2022

Efni: Umsögn um tillögu að framkvæmdaleyfi vegna strætisvagnstöðva beggja vegna Kringlumýrarbrautar í Fossvogi

Undirrituð vilja byrja á því að fagna þeirri viðleitni að efla frekar almenningssamgöngur á þessum stað í Reykjavík. Engu að síður er að okkar mati eðlilegt að umsækjanda verði ekki heimilar framkvæmdir á þessum stað nema að áður gegnum rannsóknum á núverandi hljóðvist við byggðina sem næst er Kringlumýrarbraut í Fossvogsdal. Þær niðurstöður verði nýttar til samanburðar við eldri rannsóknir og einnig rannsóknir sem gera þarf síðar, ef af þessum breytingum verður.

1. Hávaði

Í reglugerð um hávaða númer 724/2008 í 5. grein kemur fram í annarri málsgrein:

„Við hönnun samgöngumannvirkja skal miðað við að hljóðstig verði undir mörkum í töflum I og II í viðauka. Við breytingu á umferðaræð í byggð sem fyrir er, sem leitt getur til aukins hávaða skal grípa til mótvægisáðgerða til þess að koma í veg fyrir að hljóðstig hækki“

Ekki er að sjá á þeim gögnum sem fylgja erindinu að gert sé ráð fyrir því að gerðar verði ráðstafanir austan Kringlumýrarbrautar til að koma í veg fyrir aukin hávaða frá fyrirhugaðri strætisvagnstöð í þeirri akstursstefnu.

Samkvæmt þeim hljóðmælingarkortum sem við höfum fundið hjá Umhverfisstofnun. Það nýjasta frá mælingum fyrir Reykjavíkurborg og Vegagerðina, unnið árið 2016, þar sem kemur fram að þau hús sem standa vestast við Lautarveg mælast samkvæmt fyrrnefndu korti með hávaða sem nemur 65-75 db. En samkvæmt heilsuverndarmörkum í fyrrnefndri reglugerð er viðmið íbúðarhúsnæðis á íbúðarsvæðum 55 db.

Hér þarf því að okkar mati að láta gera nýjar mælingar og fá fram stöðuna eins og hún er núna á árinu 2022 áður en lengra er haldið. Einnig er ljóst að bæta þarf hljóðmön austan við Kringlumýrarbraut, bæði að hækka hana þar sem hún hefur sígið talsvert og einnig þarf að finna lausn á því að minnka hávaða frá þeim stað sem fyrirhugað stopp er staðsett þar sem það mun standa við einn af fáum stöðum sem ekki er hljóðmön á milli byggðar og akvegjar. Hljóð frá vögnum á því auðvelt með að berast beina leið inn í íbúðarhverfið, bæði þegar vagnar stöðva og taka af stað.

Þegar sótt er um [byggingar-] leyfi í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi, skal skipulagsnefnd fjalla um málið og láta fara fram grenndarkynningu áður en það hlýtur afgreiðslu byggingarnefndar. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem hagsmuna eiga að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar niðurstaða skipulagsnefndar liggur fyrir skal byggingarnefnd taka málið til afgreiðslu. Þeim sem tjáðu sig um málið skal tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar. Heimilt er skipulagsnefnd að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir því með áritun á uppdrátt að þeir geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi, áður en fjórar vikur eru liðnar.”

Athugasemdir Sigríðar Svönu Pétursdóttur og Jóns Sigurðarsonar dags. 26. október 2022

2.

Undirrituð erum eigendur íbúðar í Suðurhlíð 38D í Reykjavík og viljum við með bréfi þessu koma á framfæri mótmælum gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi eins og boðað er með ofangreindu bréfi. Mótmæli okkar rökstyðjum við með eftirfarandi hætti:

2.1

Í breytingunni felst að umferð um Kringlumýrarbraut færist nær húsinu en nú er. Hávaði frá umferð um þessa fjölförnu samgönguæð er þegar mjög mikill og mun fyrirsjáanlega aukast umtalsvert í húsinu. Engin gögn fylgja hönnunargögnunum varðandi hávaðamengun sem breytingunni mun fylgja, en augljóslega felur framkvæmdin í sér að hljóðmön sem fyrir er mun að verulegu leyti þurfa að víkja. Í viðhengi er “hljóð-kort” frá Umhverfisstofnun. Samkvæmt því er hljóðmengun við D-blokk70-75 dB. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er einnig að finna svipað kort og sýnir það sömu niðurstöðu. Í reglugerð 724/2008 um hávaða eru sett efrimörk, 55dB.

Því er harðlega mótmælt að leyfið verði veitt án þess að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði metin og þá sérstaklega hvað varðar hljóðvist.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 að ofan. Ekki er um nýja hönnun vegar að ræða aðeins breytingu, og því á fyrri setning greinarinnar ekki við, þar sem kveðið er á um að hafa halda hljóðstigi undir 55dB. Samkvæmt 5gr. reglugerðar 724/2008 um hávaða stendur: „Við hönnun samgöngumannvirkja skal miðað við að hljóðstig verði undir mörkum í töflum I og II í viðauka. Við breytingu á umferðaræð í byggð sem fyrir er, sem leitt getur til aukins hávaða, skal grípa til mótvægisáðgerða til þess að koma í veg fyrir að hljóðstig hækki.“

2.2

Svifryksmengun er mikil frá þeirri fjölförnu umferðaræð sem Kringlumýrarbraut er. Eftir því sem umferðarþunginn færist nær húsinu mun hún að öllum líkindum aukast til muna.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.2 að ofan

2.3

Með því að færa afreininna inn í Suðurhlíð eins og hér stendur til er ljóst að ökuljós frá bifreiðum sem um hana fara munu lenda beint á húsvegnum á Suðurhlíð 38D. Þetta er mjög alvarlegur galli á tillögunni og mun fyrirsjáanlega valda verulegum óþægindum fyrir íbúana í húsinu. Með færslu afreinarinnar samkvæmt þessari tillögu er búið til nýtt vandamál fyrir íbúana – þessi vandi er ekki til staðar nú.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.3 að ofan.

2.4

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki með neinum hætti verið kynntar fyrir íbúum í hverfinu áður en framangreint bréf var sent út, en það var ekki sent íbúðareigendum beint heldur til húsfélags sem ekki er eigandi að neinum hluta fasteignarinnar. Umsagnarfrestur er mjög stuttur, internetslóð í bréfi Skipulags- og umhverfissviðs er röng, teikningar eru ruglingslegar og til þess fallnar að dylja aðalatriði. Þannig er málið allt afar illa undirbúið af hálfu borgaryfirvalda.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan.



Athugasemdir Eggerts Gunnarssonar dags. 24. október 2022,

3.

Við mótmælum því harðlega að þessi tillaga að breytingu á ríkjandi deiliskipulagi verði samþykkt og vísun til þeirra raka sem koma fram í bréfi okkar.

Undirritaður er íbúi í Suðurhlíð 38. Ég fagna því að loks skuli komnar fram tillögur um strætóstöðvar í göngufæri við blokkina. Íbúar hafa þó ýmislegt við framkomna framkvæmdatillögu að athuga. Aðal áhyggjuefnið er að í tillögunni er gert ráð fyrir að færa fráreinina frá Kringlumýrarbraut inn í Suðurhlíð til norðurs og nær blokkinni og ganga þar með á hljóðmönina sem ver okkur að hluta til fyrir umferðarhávaða frá Kringlumýrarbrautinni. Óttast íbúar að þar með muni hljóðmengun og jafnvel svifryksmengun aukast. Samkvæmt hljóðkorti Vegagerðarinnar er hljóðmengun nú þegar á bilinu 65-70 dB(A9) sem er yfir því sem talið er ásættanlegt (sjá viðhengi).

3.1


Farið er fram á að tekið verði til gaumgæfilegrar skoðunar hvort að ekki megi setja upp stoppistöðina sunnan við göngubrúna yfir Kringlumýrarbraut, nokkurn veginn til móts við stoppistöðina sem áætlað er að setja upp að austanverðu. Við það helst fráreinin inn í Suðurhlíð óbreytt sem og hljóðmönin.

Svar: Sunnan göngubrúar er til staðar frárein að bensínstöð en m.t.t. umferðaröryggissjónarmiða er ekki talið ásættanlegt að hröðunar- og blöndunarrein sé samnýtt frárein. Frárein í Suðurhlíðar var of stutt miðað við hönnunarreglur og því var þörf á því að lengja hana. Til þess að koma fyrir strætóstöð þurfti að hliðra staðsetningu fráreinar, og tryggja nægilegt rými fyrir strætisvagna til þess að hægja á sér sem og ná upp hraða. Skoðaðar verða mótvægisáðgerðir vegna hávaðamengunar eins og rakið er í svari 1.1.

3.2

Þess er vinsamlegast farið á leit að fulltrúar íbúa í Suðurhlíð 38 fái fund með skipulagsyfirvöldum þar sem farið verði yfir forsendur framkominnar framkvæmdatillögu og ræddir aðrir möguleikar á útfærslu sem skerði ekki lífsgæði íbúa blokkarinnar.

Svar: Ekki er talin ástæða til að boða fund, en tekið verður tillit til athugasemda.



Hljóðkort Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar frá júní 2012 fylgdi með athugasemdinni

Athugasemdir Þórarinn G. Pétursson og Kristín Þórðardóttir dags. 9. október 2022:

4.

Undirrituð vilja byrja á því að fagna þeirri viðleitni að efla frekar almenningsamgöngur á þessum stað í Reykjavík. Engu að síður er að okkar mati eðlilegt að umsækjanda verði ekki heimilar framkvæmdir á þessum stað nema að áður gegnum rannsóknum á núverandi hljóðvist við byggðina sem næst er Kringlumýrarbraut í Fossvogsdal. Þær niðurstöður verði nýttar til samanburðar við eldri rannsóknir og einnig rannsóknir sem gera þarf síðar, ef af þessum breytingum verður.

4.1

Hávaði

Í reglugerð um hávaða númer 724/2008 í 5.grein kemur fram í annarri málsgrein:

„Við hönnun samgöngumannvirkja skal miðað við að hljóðstig verði undir mörkum í töflum I og II í viðauka. Við breytingu á umferðaræð í byggð sem fyrir er, sem leitt getur til aukins hávaða skal grípa til mótvægisáðgerða til þess að koma í veg fyrir að hljóðstig hækki“

Ekki er að sjá á þeim gögnum sem fylgja erindinu að gert sé ráð fyrir því að gerðar verði ráðstafanir austan Kringlumýrarbrautar til að koma í veg fyrir aukin hávaða frá fyrirhugaðri strætisvagnstöð í þeirri akstursstefnu.

Samkvæmt þeim hljóðmælingarkortum sem við höfum fundið hjá Umhverfisstofnun. Það nýjasta frá mælingum fyrir Reykjavíkurborg og Vegagerðina, unnið árið 2016, þar sem kemur fram að þau hús sem standa vestast við Lautarveg mælast samkvæmt fyrrnefndu korti með hávaða sem nemur 65-75 db. En samkvæmt heilsuverndarmörkum í fyrrnefndri reglugerð er viðmið íbúðarhúsnæðis á íbúðarsvæðum 55 db.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 að ofan. Austan Kringlumýrarbrautar er ekki verið að breyta hljóðvörnum. Gerð verður strætórein austan megin vegarins, nær hljóðmön sem er til staðar í dag. Þar sem hljóðmöninni verður ekki breytt mun strætóreinin ekki hafa áhrif á hljóðstig.

4.2

Hávaði

Hér þarf því að okkar mati að láta gera nýjar mælingar og fá fram stöðuna eins og hún er núna á árinu 2022 áður en lengra er haldið. Einnig er ljóst að bæta þarf hljóðmön austan við Kringlumýrarbraut, bæði að hækka hana þar sem hún hefur sígið talsvert og einnig þarf að finna lausn á því að minnka hávaða frá þeim stað sem fyrirhugað stopp er staðsett þar sem það mun standa við einn af fáum stöðum sem ekki er hljóðmön á milli byggðar og akvegjar. Hljóð frá vögnum á því auðvelt með að berast beina leið inn í íbúðarhverfið, bæði þegar vagnar stöðva og taka af stað.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 og 4.1

4.3

Hávaði

Jafnframt þarf að hafa í huga að frá þeim stað sem fyrirhugað stopp er staðsett, er ekið upp brekku sem gerir það að verkum að hávaði frá strætisvögnum er hærri en ella. Þetta þarf einnig að taka með í útreikninga á hljóðvist.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1.

Hávaðamengun vegna strætisvagna er hverfandi í samanburði við hávaðamengun vegna bílaumferðar á þessu svæði.

4.4

Hávaði

Við leggjum jafnframt til að til viðbótar við hljóðmælingar verði erindi þessu vísað til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til umsagnar.

Svar: Ekki var talin ástæða til að vísa erindinu til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sbr. svör við athugasemdum nr. 2.1.

4.5

Umferðarhraði

Umferðarhraði er mikill á þessum kafla Kringlumýrarbrautar og þrátt fyrir að hámarkshraði sé 80 km er umferðin oft á tíðum mun hraðari en það.

Samhliða uppsetningu á stoppistöðvum beggja vegna Kringlumýrarbrautar er að okkar mati nauðsynleg mótvægisáðgerð að lækka hámarkshraða á Kringlumýrarbraut á þessu svæði í a.m.k. 60 km eða minna.

Hávaði frá umferð eykst umtalsvert þegar ekið er yfir 50 km hraða og því er þetta bæði öryggisatriði fyrir vegfarendur og dregur úr hávaða frá umferðinni.

Svar: Það er ekki í hlut þessa verkefnis að endurskoða umferðarhraða á Hafnarfjarðarvegi/Kringlumýrarbraut. Ekki verður séð að ástæða sé til að lækka umferðarhraða við (eða vegna) biðstöðvar strætisvagna á þessum stað.

Athugasemdir Friðriks Sigurðssonar og Magneu S. Magnúsdóttur dags. 6. október 2022

5.

Undirrituð vilja byrja á því að fagna þeirri viðleitni að efla frekar almenningsþingur á þessum stað Reykjavíkur. Engu að síður er að okkar mati eðlilegt að umsækjanda verði ekki heimil framkvæmdir á þessum stað nema að áður gegnum rannsóknum á núverandi hljóðvist við byggðina sem næst er Kringlumýrarbraut í Fossvogsdal. Þær niðurstöður verði nýttar til samanburðar við eldri rannsóknir og einnig rannsóknir sem gera þarf síðar, ef af þessum breytingum verður.

5.1

Hávaði

Í reglugerð um hávaða númer 724/2008 í 5. grein kemur fram í annarri málsgrein:

„Við hönnun samgöngumannvirkja skal miðað við að hljóðstig verði undir mörkum í töflum I og II í viðauka. Við breytingu á umferðaræð í byggð sem fyrir er, sem leitt getur til aukins hávaða skal grípa til mótvægisáðgerða til þess að koma í veg fyrir að hljóðstig hækki“

Ekki er að sjá á þeim gögnum sem fylgja erindinu að gert sé ráð fyrir því að gerðar verði ráðstafanir austan Kringlumýrarbrautar til að koma í veg fyrir aukin hávaða frá fyrirhugaðri strætisvagnastöð í þeirri akstursstefnu.

Samkvæmt þeim hljóðmælingarkortum sem við höfum fundið hjá Umhverfisstofnun. Það nýjasta frá mælingum fyrir Reykjavíkurborg og Vegagerðina, unnið árið 2016, þar sem kemur fram að þau hús sem standa vestast við Lautarveg mælast samkvæmt fyrrnefndu korti með hávaða sem nemur 65-75 db. En samkvæmt heilsuverndarmörkum í fyrrnefndri reglugerð er viðmið íbúðarhúsnæðis á íbúðarsvæðum 55 db.

Hér þarf því að okkar mati að láta gera nýjar mælingar og fá fram stöðuna eins og hún er núna á árinu 2022 áður en lengra er haldið. Einnig er ljóst að bæta þarf hljóðmön austan við Kringlumýrarbraut, bæði að hækka hana þar sem hún hefur sígið talsvert og einnig þarf að finna lausn á því að minnka hávaða frá þeim stað sem fyrirhugað stopp er staðsett þar sem það mun standa við einn af fáum stöðum sem ekki er hljóðmön á milli byggðar og akvegjar. Hljóð frá vögnum á því auðvelt með að berast beina leið inn í íbúðarhverfið, bæði þegar vagnar stöðva og taka af stað.

Jafnframt þarf að hafa í huga að frá þeim stað sem fyrirhugað stopp er staðsett, er ekið upp brekku sem gerir það að verkum að hávaði frá strætisvögnum er hærrí en ella. Þetta þarf einnig að taka með í útreikninga á hljóðvist.

Við leggjum jafnframt til að til viðbótar við hljóðmælingar verði erindi þessu vísað til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til umsagnar.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1, 4.1, 4.2, 4.3 og 4.4 að ofan.

5.2

Umferðarhraði

Umferðarhraði er mikill á þessum kafla Kringlumýrarbrautar og þrátt fyrir að hámarkshraði sé 80 km er umferðin oft á tíðum mun hraðari en það.

Samhliða uppsetningu á stoppistöðvum beggja vegna Kringlumýrarbrautar er að okkar mati nauðsynleg mótvægisaðgerð að lækka hámarkshraða á Kringlumýrarbraut á þessu svæði í a.m.k. 60 km eða minna.

Hávaði frá umferð eykst umtalsvert þegar ekið er yfir 50 km hraða og því er þetta bæði öryggisatriði fyrir vegfarendur og dregur úr hávaða frá umferðinni.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 4.5 að ofan.

Athugasemdir Þóru Sigríðar Jónsdóttur f.h. húseiganda að Suðuhlíð 36 dags. 26. október 2022,

6.

Það er gott mál að fá þarna biðstöð Strætó og lengingu á fráreininni þarna sem bætir aðkomu að skólanum.

6.1

Framkvæmdartíminn er þó ekki góður þar sem skólinn er í fullum gangi þá og þetta er ein af tveimur leiðum að skólanum og er mikið notuð.

Svo ef veðurfar verður ekki hagstætt fyrir verktakann þá getur þetta verið lokað í mjög langan tíma.

Við förum því fram á að þetta verði unnið eftir að skóla lýkur í júní á næsta ári en í fyrsta lagi eftir miðjan apríl þegar komin er dagsbirta á skólatíma.

Svar: Farið verður í framkvæmdir í fyrsta lagi með vorinu og ætti því að vera hægt að koma til móts við óskir Suðurhlíðaskóla.

6.2

Annað er hljóðið. Talað er um að hljóðmön verði aðlöguð að verkinu en hvergi kemur fram á teikningum hvernig sú útfærsla er hugsuð og þá hvort hún hafi áhrif til hækkunar eða lækkunar á hljóði við skólann.

Við spyrjum því um áhrif framkvæmdar á hljóðstig við skólann. Hætta er á að hávaði aukist til muna nema sérstaklega sé hugað að þessum hluta.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 að ofan. Ekki er talið að hljóðstig við skólann á lóð nr. 36 við Suðurhlíð eða íbúðahús á lóð nr. 38D muni breytast frá núverandi horfi eftir breytingar.

Athugasemdir Þorbjargar Jónsdóttur og Jóhannesar Kristinssonar dags. 28. október 2022

7.

Við sem eigendur íbúðar 401 Suðurhlíð 38 A, viljum hér með gera alvarlega athugasemd við ætlaðar framkvæmdir við hljóðmön og aðrein vegna staðsetningar á strætisvagna stoppistöð á Kringlumýrarbraut nálægt fjölbýlishúsi okkar.

7.1

Við leggjum til að staðsetningunni verði breytt og flutt nær bensinstöð N1 suður fyrir göngubrúna.

Við treystum því að hlustað verði á íbúanna og tekið tillit til athugasemda þeirra.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 3.1 að ofan.

Athugasemdir Maríu Friðjónsdóttur dags. 26. október 2022

8.

Undirritaður er eigandi íbúðar í Suðurhlíð 38D í Reykjavík og vill ég með bréfi þessu koma á framfæri mótmælum gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi eins og boðað er með ofangreindu bréfi. Mótmælin rökstyðjum ég með eftirfarandi hætti:

8.1

Í breytingunni felst að umferð um Kringlumýrarbraut færist nær húsinu en nú er. Hávaði frá umferð um þessa fjölförnu samgönguæð er þegar mjög mikill og mun fyrirsjáanlega aukast umtalsvert í húsinu. Engin gögn fylgja hönnunargögnunum varðandi hávaðamengun sem breytingunni mun fylgja, en augljóslega felur framkvæmdin í sér að hljóðmön sem fyrir er mun að verulegu leyti þurfa að víkja

Því er harðlega mótmælt að leyfið verði veitt án þess að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði metin og þá sérstaklega hvað varðar hljóðvist.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 að ofan.

8.2

Svifryksmengun er mikil fráþeirri fjölförnu umferðaræð sem Kringlumýrarbraut er. Eftir því sem umferðarþunginn færist nær húsinu mun hún að öllum líkindum aukast til muna.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.2 að ofan.

8.3

Með því að færa afreinina inn í Suðurhlíð eins og hér stendur til er ljóst að ökuljós frá bifreiðum sem um hana fara munu lenda beint á húsveggnum á Suðurhlíð 38D. Þetta er mjög alvarlegur galli á tillögunni og mun fyrirsjáanlega valda verulegum óþægindum fyrir íbúana í húsinu. Með færslu afreinarinnar samkvæmt þessari tillögu er búið til nýtt vandamál fyrir íbúana – þessi vandi er ekki til staðar nú.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.3 að ofan.

8.4

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki með neinum hætti verið kynntar fyrir íbúum í hverfinu áður en framangreint bréf var sent út, en það var ekki sent íbúðareigendum beint heldur til húsfélags sem ekki er eigandi að neinum hluta fasteignarinnar. Umsagnarfrestur er mjög stuttur, internetslóð í bréfi Skipulags- og umhverfissviðs er röng, teikningar eru ruglingslegar og til þess fallnar að dylja aðalatriði. Þannig er málið allt afar illa undirbúið af hálfu borgaryfirvalda.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan.

Athugasemdir Þóru Eyjólfsdóttur dags. 27. október 2022

9.

Undirrituð Þóra Eyjólfsdóttir kt 071158-2419 er eigandi íbúðar í Suðurhlíð 38A í Reykjavík og vil með bréfi þessu koma á framfæri mótmælum gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi eins og boðað er með ofangreindu bréfi. Mótmæli mín rökstyð ég með eftirfarandi hætti:

9.1

1. Í breytingunni felst að umferð um Kringlumýrarbraut færist nær húsinu en nú er. Hávaði frá umferð um þessa fjölförnu samgönguæð er þegar mjög mikill og mun fyrirsjáanlega aukast umtalsvert í húsinu. Engin gögn fylgja hönnunargögnunum varðandi hávaðamengun sem breytingunni mun augljóslega fylgja, en auðljóslega felur framkvæmdin í sér að hljóðmön sem fyrir er mun að verulegu leyti þurfa að víkja. Því er harðlega mótmælt að leyfið verði veitt án þess að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði metin.
Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 að ofan.

9.2

2. Svifryksmengun við fjölfarnar umferðaræðar í Reykjavík er mikil frá þeirri fjölförnu umferðaræð sem Kringlumýrarbraut er. Eftir því sem umferðarþunginn færist nær húsinu mun hún að öllum líkindum aukast til muna.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.2 að ofan.

9.3

3. Með því að færa afreinina inn í Suðurhlíð eins og hér stendur til er ljóst að ökuljós frá bifreiðum sem um hana fara munu lenda beint á húsveggnum á Suðurhlíð 38D. Þetta er mjög alvarlegur galli á tillögunni og mun fyrirsjáanlega valda verulegum óþægindum fyrir íbúana í húsinu. Með færslu afreinarinnar samkvæmt þessari tillögu er búið til nýtt vandamál fyrir íbúana – þessi vandi er ekki til staðar nú.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.3 að ofan.

9.4

4. Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki með neinum hætti verið kynntar fyrir íbúum í hverfinu áður en framangreint bréf var sent út, en það var ekki sent íbúðareigendum beint heldur til húsfélags sem ekki er eigandi að neinum hluta fasteignarinnar. Umsagnarfrestur er mjög stuttur og málið því afar illa undirbúið af hálfu borgaryfirvalda.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan.

Athugasemdir Árna Samúelssonar dags. 26. október 2022

10.

Undirritaður er eigandi íbúðar í Suðurhlíð 38D í Reykjavík og vil ég með bréfi þessu koma á framfæri mótmælum gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi eins og boðað er með ofangreindu bréfi. Mótmælin rökstyðjum ég með eftirfarandi hætti:

10.1

Í breytingunni felst að umferð um Kringlumýrarbraut færist nær húsinu en nú er. Hávaði frá umferð um þessa fjölförnu samgönguæð er þegar mjög mikill og mun fyrirsjáanlega aukast umtalsvert í húsinu. Engin gögn fylgja hönnunargögnunum varðandi hávaðamengun sem breytingunni mun fylgja, en augljóslega felur framkvæmdin í sér að hljóðmön sem fyrir er mun að verulegu leyti þurfa að vika. Í viðhengi er "hljóð-kort" frá Umhverfisstofnun. Samkvæmt því er hljóðmengun við D-blokk70-75 dB. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er einnig að finna svipað kort og sýnir það sömu niðurstöðu. Í reglugerð 724/2008 um hávaða eru sett efrimörk, 55dB.

Því er harðlega mótmælt að leyfið verði veitt án þess að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði metin og þá sérstaklega hvað varðar hljóðvist.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 að ofan.

10.2

Svifryksmengun er mikil fráþeirri fjölförnu umferðaræð sem Kringlumýrarbraut er. Eftir því sem umferðarþunginn færist nær húsinu mun hún að öllum líkindum aukast til muna.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.2 að ofan.

10.3

Með því að færa afreinina inn í Suðurhlíð eins og hér stendur til er ljóst að ökuljós frá bifreiðum sem um hana fara munu lenda beint á húsveggnum á Suðurhlíð 38D. Þetta er mjög alvarlegur galli á tillögunni og mun fyrirsjáanlega valda verulegum óþægindum fyrir íbúana í húsinu. Með færslu afreinarinnar samkvæmt þessari tillögu er búið til nýtt vandamál fyrir íbúana – þessi vandi er ekki til staðar nú.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.3 að ofan.

10.4

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki með neinum hætti verið kynntar fyrir íbúum í hverfinu áður en framangreint bréf var sent út, en það var ekki sent íbúðareigendum beint heldur til húsfélags sem ekki er eigandi að neinum hluta fasteignarinnar. Umsagnarfrestur er mjög stuttur, internetslóð í bréfi Skipulags- og umhverfissviðs er röng, teikningar eru ruglingslegar og til þess fallnar að dylja aðalatriði. Þannig er málið allt afar illa undirbúið af hálfu borgaryfirvalda.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan.

Athugasemdir Önnu Bjargar Halldórsdóttur dags. 26. október 2022

9.

Undirritaður er eigandi íbúðar í Suðurhlíð 38D í Reykjavík og vill ég með bréfi þessu koma á framfæri mótmælum gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi eins og boðað er með ofangreindu bréfi. Mótmælin rökstyðjum ég með eftirfarandi hætti:

9.1

Í breytingunni felst að umferð um Kringlumýrarbraut færist nær húsinu en nú er. Hávaði frá umferð um þessa fjölförnu samgönguæð er þegar mjög mikill og mun fyrirsjáanlega aukast umtalsvert í húsinu. Engin gögn fylgja hönnunargögnunum varðandi hávaðamengun sem breytingunni mun fylgja, en augljóslega felur framkvæmdin í sér að hljóðmön sem fyrir er mun að verulegu leyti þurfa að víkja

Því er harðlega mótmælt að leyfið verði veitt án þess að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði metin og þá sérstaklega hvað varðar hljóðvist.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 að ofan.

9.2

Svifryksmengun er mikil fráþeirri fjölförnu umferðaræð sem Kringlumýrarbraut er. Eftir því sem umferðarþunginn færist nær húsinu mun hún að öllum líkindum aukast til muna.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.2 að ofan.

9.3

Með því að færa afreinina inn í Suðurhlíð eins og hér stendur til er ljóst að ökuljós frá bifreiðum sem um hana fara munu lenda beint á húsveggnum á Suðurhlíð 38D. Þetta er mjög alvarlegur galli á tillögunni og mun fyrirsjáanlega valda verulegum óþægindum fyrir íbúana í húsinu. Með færslu afreinarinnar samkvæmt þessari tillögu er búið til nýtt vandamál fyrir íbúana – þessi vandi er ekki til staðar nú.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.3 að ofan.

9.4

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki með neinum hætti verið kynntar fyrir íbúum í hverfinu áður en framangreint bréf var sent út, en það var ekki sent íbúðareigendum beint heldur til húsfélags sem ekki er eigandi að neinum hluta fasteignarinnar. Umsagnarfrestur er mjög stuttur, internetslód í bréfi Skipulags- og umhverfissviðs er röng, teikningar eru ruglingslegar og til þess fallnar að dylja aðalatriði. Þannig er málið allt afar illa undirbúið af hálfu borgaryfirvalda.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan.

Athugasemdir Hrafnhildar Grace Ólafsdóttur dags. 26. október 2022

10.

Undirrituð er eigandi íbúðar í Suðurhlíð 38D í Reykjavík og vill ég með bréfi þessu koma á framfæri mótmælum gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi eins og boðað er með ofangreindu bréfi. Mótmælin rökstyðjum ég með eftirfarandi hætti:

10.1

Í breytingunni felst að umferð um Kringlumýrarbraut færist nær húsinu en nú er. Hávaði frá umferð um þessa fjölförnu samgönguæð er þegar mjög mikill og mun fyrirsjáanlega aukast umtalsvert í húsinu. Engin gögn fylgja hönnunargögnunum varðandi hávaðamengun sem breytingunni mun fylgja, en augljóslega felur framkvæmdin í sér að hljóðmön sem fyrir er mun að verulegu leyti þurfa að víkja

Því er harðlega mótmælt að leyfið verði veitt án þess að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði metin og þá sérstaklega hvað varðar hljóðvist.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 að ofan.

10.2

Svifryksmengun er mikil fráþeirri fjölförnu umferðaræð sem Kringlumýrarbraut er. Eftir því sem umferðarþunginn færist nær húsinu mun hún að öllum líkindum aukast til muna.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.2 að ofan.

10.3

Með því að færa afreinina inn í Suðurhlíð eins og hér stendur til er ljóst að ökuljós frá bifreiðum sem um hana fara munu lenda beint á húsveggnum á Suðurhlíð 38D. Þetta er mjög alvarlegur galli á tillögunni og mun fyrirsjáanlega valda verulegum óþægindum fyrir íbúana í húsinu. Með færslu afreinarinnar samkvæmt þessari tillögu er búið til nýtt vandamál fyrir íbúana – þessi vandi er ekki til staðar nú.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.3 að ofan.

10.4

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki með neinum hætti verið kynntar fyrir íbúum í hverfinu áður en framangreint bréf var sent út, en það var ekki sent íbúðareigendum beint heldur til húsfélags sem ekki er eigandi að neinum hluta fasteignarinnar. Umsagnarfrestur er mjög stuttur, internetslód í bréfi Skipulags- og umhverfissviðs er röng, teikningar eru ruglingslegar og til þess fallnar að dylja aðalatriði. Þannig er málið allt afar illa undirbúið af hálfu borgaryfirvalda.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan.

Athugasemdir Guðríðar Gísladóttur og Ragnars Halldórs Hall dags. 23. október 2022

11.

Undirrituð erum eigendur íbúðar í Suðurhlíð 38C í Reykjavík og viljum við með bréfi þessu koma á framfæri mótmælum gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi eins og boðað er með ofangreindu bréfi. Mótmæli okkar rökstyðjum við með eftirfarandi hætti:

11.1

Í breytingunni felst að umferð um Kringlumýrarbraut færist nær húsinu en nú er. Hávaði frá umferð um þessa fjölförnu samgönguæð er þegar mjög mikill og mun fyrirsjáanlega aukast umtalsvert í húsinu. Engin gögn fylgja hönnunargögnunum varðandi hávaðamengun sem breytingunni mun fylgja, en augljóslega felur framkvæmdin í sér að hljóðmön sem fyrir er mun að verulegu leyti þurfa að víkja. Bréfi þessu fylgir “hljóð-kort” frá Umhverfisstofnun. Samkvæmt því er hljóðmengun við húsið hér 70-75 dB. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er einnig að finna svipað kort og sýnir það sömu niðurstöðu. Í reglugerð 724/2008 um hávaða eru sett efrimörk, 55dB.

Því er harðlega mótmælt að leyfið verði veitt án þess að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði metin og þá sérstaklega hvað varðar hljóðvist.

Svar: á svör við athugasemd nr. 1.1 og 2.1 að ofan.

11.2

Svifryksmengun er mikil frá þeirri fjölförnu umferðaræð sem Kringlumýrarbraut er. Eftir því sem umferðarþunginn færist nær húsinu mun hún að öllum líkindum aukast til muna.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.2 að ofan.

11.3

Við teljum að eðlilegast hefði verið að setja stoppistöðina niður sunnan við göngubrúna sem er yfir Kringlumýrarbraut. Sé sá kostur ekki í boði teldum við heppilegri útfærslu að loka hreinlega afreininni inn í Suðurhlíð, þannig að innkeyrsla inn í götuna verði þá eingöngu frá Kapellutorgi.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 3.1 að ofan.

11.4

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki með neinum hætti verið kynntar fyrir íbúum í hverfinu áður en framangreint bréf var sent út, en það var ekki sent íbúðareigendum beint heldur til Eignaumsjónar ehf., sem veitir húsfélaginu hér ýmis konar þjónustu. Húsfélagið er ekki eigandi að neinum hluta fasteignanna í Suðurhlíð 38 A-D. Umsagnarfrestur er mjög stuttur, internetslód sem tilgreind var í bréfi Skipulags- og umhverfissviðs er röng, teikningar eru ruglingslegar og til þess fallnar að dylja aðalatriði. Þannig er málið allt afar illa undirbúið af hálfu borgaryfirvalda.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan. Húsfélögum er jafnan sent bréf sem koma því áfram til sinna félagsmanna. Skipulagsfulltrúi verður að geta treyst því að rétt heimilisfang sé skráð til að gögnin komist til réttra aðila. Húsfélagið Suðurhlíð 38 A-D er skráð opinberlega á heimilisfang með pósthólf 8940 í póstnúmerinu 128 Reykjavík og þangað var bréf varðandi grenndarkynningu framkvæmdaleyfisins sent.

Athugasemdir Sigríðar Kristínar Pálsdóttur og Snæbjarnar Þórs Ólafssonar dags. 19. október 2022

12.

Undirrituð eru eigendur íbúðar í Suðurhlíð 38B í Reykjavík og viljum með bréfi þessu koma á framfæri mótmælum gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi eins og boðað er með ofangreindu bréfi. Mótmæli mín rökstyð ég með eftirfarandi hætti:

12.1

Í breytingunni felst að umferð um Kringlumýrabraut færist nær húsinu en nú er. Hávaði frá umferð um þessa fjölförnu samgönguæð er þegar mjög mikill og mun fyrirsjáanlega aukast umtalsvert í húsinu. Engin gögn fylgja hönnunargögnunum varðandi hávaðamengun sem breytingunni mun augljóslega fylgja, en auðljóslega felur framkvæmdin í sér að hljóðmön sem fyrir er mun að verulegu leyti þurfa að víkja. Því er harðlega mótmælt að leyfið verði veitt án þess að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði metin.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 að ofan.

12.2

Svifryksmengun við fjölfarnar umferðaræðar í Reykjavík er mikil frá þeirri fjölförnu umferðaræð sem Kringlumýrabraut er. Eftir því sem umferðarþunginn færist nær húsinu mun hún að öllum líkindum aukast til muna.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.2 að ofan.

12.3

Með því að færa afreinina inn í Suðurhlíð eins og hér stendur til er ljóst að ökuljós frá bifreiðum sem um hana fara munu lenda beint á húsveggnum á Suðurhlíð 38D. Þetta er mjög alvarlegur galli á tillögunni og mun fyrirsjáanlega valda verulegum óþægindum fyrir íbúana í húsinu. Með færslu afreinarinnar samkvæmt þessari tillögu er búið til nýtt vandamál fyrir íbúana – þessi vandi er ekki til staðar nú.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.3 að ofan.

12.4

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki með neinum hætti verið kynntar fyrir íbúum í hverfinu áður en framangreint bréf var sent út, en það var ekki sent íbúðareigendum beint heldur til húsfélags sem ekki er eigandi að neinum hluta fasteignarinnar. Umsagnarfrestur er mjög stuttur og málið því afar illa undirbúið af hálfu borgaryfirvalda.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan.

Athugasemdir Guðna Sigfússonar og Önnu M. Björnsdóttur dags. 18. október 2022

13.

Undirrit _____ er eigandi íbúðar í Suðurhlíð 38D í Reykjavík og vil með bréfi þessu koma á framfæri mótmælum gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi eins og boðað er með ofangreindu bréfi. Mótmæli mín rökstyð ég með eftirfarandi hætti:

13.1

Í breytingunni felst að umferð um Kringlumýrarbraut færist nær húsinu en nú er. Hávaði frá umferð um þessa fjölförnu samgönguæð er þegar mjög mikill og mun fyrirsjáanlega aukast umtalsvert í húsinu. Engin gögn fylgja hönnunargögnunum varðandi hávaðamengun sem breytingunni mun augljóslega fylgja, en auljóslega felur framkvæmdin í sér að hljóðmön sem fyrir er mun að verulegu leyti þurfa að víkja. Því er harðlega mótmælt að leyfið verði veitt án þess að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði metin.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 að ofan.

13.2

Svifryksmengun við fjölfarnar umferðaræðar í Reykjavík er mikil frá þeirri fjölförnu umferðaræð sem Kringlumýrarbraut er. Eftir því sem umferðarþunginn færir nær húsinu mun hún að öllum líkindum aukast til muna.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.2 að ofan.

13.3

Með því að færa afreinina inn í Suðurhlíð eins og hér stendur til er ljóst að ökuljós frá bifreiðum sem um hana fara munu lenda beint á húsveggnum á Suðurhlíð 38D. Þetta er mjög alvarlegur galli á tillögunni og mun fyrirsjáanlega valda verulegum óþægindum fyrir íbúana í húsinu. Með færslu afreinarinnar samkvæmt þessari tillögu er búið til nýtt vandamál fyrir íbúana – þessi vandi er ekki til staðar nú.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.3 að ofan.

13.4

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki með neinum hætti verið kynntar fyrir íbúum í hverfinu áður en framangreint bréf var sent út, en það var ekki sent íbúðareigendum beint heldur til húsfélags sem ekki er eigandi að neinum hluta fasteignarinnar. Umsagnarfrestur er mjög stuttur og málið því afar illa undirbúið af hálfu borgaryfirvalda.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan.

Athugasemdir Viktoríu Valdimarsdóttur dags. 18. október 2022

14.

Undirrituð Viktoría Valdimarsdóttir er eigandi íbúðar í Suðurhlíð 38B í Reykjavík og **vil með bréfi þessu koma á framfæri mótmælum gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi** eins og boðað er með bréfi sem sent var til húsfélagsins í september sl. varðandi tillögu vegna gerð strætóstöðva í Fossvogi ásamt færslu og lengingarfráreinar af Kringlumýrarbraut að Suðurhlíð. Mótmæli mín rökstyð ég með eftirfarandi hætti:

14.1

Í breytingunni felst að umferð um Kringlumýrarbraut færist nær húsinu en nú er. Hávaði frá umferð um þessa fjölförnu samgönguæð er þegar mjög mikill og mun fyrirsjáanlega aukast umtalsvert í húsinu. Engin gögn fylgja hönnunargögnunum varðandi hávaðamengun sem breytingunni mun augljóslega fylgja, en auljóslega felur framkvæmdin í sér að hljóðmön sem fyrir er mun að verulegu leyti þurfa að víkja. **Því er harðlega mótmælt að leyfið verði veitt án þess að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði metin, þ.m.t. hljóð- og svifryksmengun.**
Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 og 1.2 að ofan.

14.2

Svifryksmengun við fjölfarnar umferðaræðar í Reykjavík er mikil frá þeirri fjölförnu umferðaræð sem Kringlumýrarbraut er. Eftir því sem umferðarþunginn færist nær húsinu mun hún að öllum líkindum aukast til muna.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.2 að ofan.

14.3

Með því að færa afreinina inn í Suðurhlíð eins og hér stendur til er ljóst að ökuljós frá bifreiðum sem um hana fara munu lenda beint á húsvegnum á Suðurhlíð. Þetta er mjög alvarlegur galli á tillögunni og mun fyrirsjáanlega valda verulegum óþægindum fyrir íbúana í húsinu. **Með færslu afreinarinnar samkvæmt þessari tillögu er búið til nýtt vandamál fyrir íbúana – þessi vandi er ekki til staðar nú.**

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.3 að ofan.

14.4

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki með neinum hætti verið kynntar fyrir íbúum í hverfinu áður en framangreint bréf var sent út, en það var ekki sent íbúðareigendum beint heldur til húsfélags sem ekki er eigandi að neinum hluta fasteignarinnar. Umsagnarfrestur er mjög stuttur og málið því afar illa undirbúið af hálfu borgaryfirvalda.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan.

15.5

Ég áskil mér allan rétt til að fylgja framangreindum athugasemdum eftir ef þær fá ekki málefnalega afgreiðslu hjá skipulagsyfirköldum borgarinnar. **Sem íbúðareigandi óska ég eftir að fá kynningu** og upplýsingar um framvindu og afgreiðslu þessa máls beint, tímanlega og á löglegan hátt.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan.

Athugasemdir Haraldar Sigþórssonar dags. 18. október 2022

16.

Undirritaður er eigandi íbúðar í Suðurhlíð 38D í Reykjavík og vil með bréfi þessu koma á framfæri mótmælum gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi, eins og boðað er með ofangreindu bréfi. Mótmæli mín rökstyð ég með eftirfarandi hætti:

16.1

Í breytingunni felst að umferð um Kringlumýrarbraut færist nær húsinu en nú er. Hávaði frá umferð um þessa fjölförnu samgönguæð er þegar mjög mikill og mun fyrirsjáanlega aukast umtalsvert í húsinu. Engin gögn fylgja hönnunargögnunum varðandi hávaðamengun, sem breytingunni mun augljóslega fylgja, en auðljóslega felur framkvæmdin í sér að hljóðmön, sem fyrir er, mun að verulegu leyti þurfa að víkja. Því er harðlega mótmælt að leyfið verði veitt án þess að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði metin. Ennfremur tel ég alls ekki ásættanlegt að hávaði aukist frá því að nú er.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 að ofan.

16.2

Svifryksmengun við fjölfarnar umferðaræðar í Reykjavík er víða mikil og þá ekki síst frá þeirri fjölförnu umferðaræð sem Kringlumýrarbraut er. Eftir því sem umferðarmagn færist nær húsinu mun hún að öllum líkindum aukast til muna.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.2 að ofan.

16.3

Með því að færa afreinina inn í Suðurhlíð eins og hér stendur til er ljóst að ökuljós frá bifreiðum sem um hana fara munu lenda beint á húsveggnum á Suðurhlíð 38D. Þetta er mjög alvarlegur galli á tillögunni og mun fyrirsjáanlega valda verulegum óþægindum fyrir íbúana í húsinu. Með færslu afreinarinnar samkvæmt þessari tillögu er búið til nýtt vandamál fyrir íbúana – þessi vandi er ekki til staðar nú.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.3 að ofan.

16.4

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki með neinum hætti verið kynntar fyrir íbúum í hverfinu áður en framangreint bréf var sent út, en það var ekki sent íbúðareigendum beint heldur til húsfélags sem ekki er eigandi að neinum hluta fasteignarinnar. Umsagnarfrestur er mjög stuttur og málið því afar illa undirbúið af hálfu borgaryfirvalda.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan.

Athugasemdir Auðar Pálsdóttur f.h. Jóhönnu Björnsdóttur dags. 26. október 2022

17.

Undirrituð er eigandi íbúðar í Suðurhlíð 38D í Reykjavík og vill ég með bréfi þessu koma á framfæri mótmælum gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi eins og boðað er með ofangreindu bréfi. Mótmælin rökstyðjum ég með eftirfarandi hætti:

17.1

Í breytingunni felst að umferð um Kringlumýrarbraut færist nær húsinu en nú er. Hávaði frá umferð um þessa fjölförnu samgönguæð er þegar mjög mikill og mun fyrirsjáanlega aukast umtalsvert í húsinu. Engin gögn fylgja hönnunargögnunum varðandi hávaðamengun sem breytingunni mun fylgja, en augljóslega felur framkvæmdin í sér að hljóðmön sem fyrir er mun að verulegu leyti þurfa að víkja

Því er harðlega mótmælt að leyfið verði veitt án þess að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði metin og þá sérstaklega hvað varðar hljóðvist.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 að ofan.

17.2

Svifryksmengun er mikil fráþeirri fjölförnu umferðaræð sem Kringlumýrarbraut er. Eftir því sem umferðarþunginn færist nær húsinu mun hún að öllum líkindum aukast til muna.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.2 að ofan.

17.3

Með því að færa afreinina inn í Suðurhlíð eins og hér stendur til er ljóst að ökuljós frá bifreiðum sem um hana fara munu lenda beint á húsveggnum á Suðurhlíð 38D. Þetta er mjög alvarlegur galli á tillögunni og mun fyrirsjáanlega valda verulegum óþægindum fyrir íbúana í húsinu. Með færslu afreinarinnar samkvæmt þessari tillögu er búið til nýtt vandamál fyrir íbúana – þessi vandi er ekki til staðar nú.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.3 að ofan.

17.4

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki með neinum hætti verið kynntar fyrir íbúum í hverfinu áður en framangreint bréf var sent út, en það var ekki sent íbúðareigendum beint heldur til húsfélags sem ekki er eigandi að neinum hluta fasteignarinnar. Umsagnarfrestur er mjög stuttur, internetslóð í bréfi Skipulags- og umhverfissviðs er röng, teikningar eru ruglingslegar og til þess fallnar að dylja aðalatriði. Þannig er málið allt afar illa undirbúið af hálfu borgaryfirvalda.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan.

Athugasemdir Önnu Pálsdóttur, Björns Sigurbjörnssonar og Jóhönnu Björnsdóttur dags. 18. október 2022

18.

Undirrit ___ er eigandi íbúðar í Suðurhlíð 38D í Reykjavík og vil með bréfi þessu koma á framfæri mótmælum gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi eins og boðað er með ofangreindu bréfi. Mótmæli mín rökstyð ég með eftirfarandi hætti:

18.1

Í breytingunni felst að umferð um Kringlumýrarbraut færist nær húsinu en nú er. Hávaði frá umferð um þessa fjölförnu samgönguæð er þegar mjög mikill og mun fyrirsjáanlega aukast umtalsvert í húsinu. Engin gögn fylgja hönnunargögnunum varðandi hávaðamengun sem breytingunni mun augljóslega fylgja, en auðljóslega felur framkvæmdin í sér að hljóðmön sem fyrir er mun að verulegu leyti þurfa að víkja. Því er harðlega mótmælt að leyfið verði veitt án þess að umhverfisáhrif af framkvæmdinni verði metin.
Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.1 að ofan.

18.2

Svifryksmengun við fjölfarnar umferðaræðar í Reykjavík er mikil frá þeirri fjölförnu umferðaræð sem Kringlumýrarbraut er. Eftir því sem umferðarþunginn færist nær húsinu mun hún að öllum líkindum aukast til muna.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.2 að ofan.

18.3

Með því að færa afreinina inn í Suðurhlíð eins og hér stendur til er ljóst að ökuljós frá bifreiðum sem um hana fara munu lenda beint á húsvegnum á Suðurhlíð 38D. Þetta er mjög alvarlegur galli á tillögunni og mun fyrirsjáanlega valda verulegum óþægindum fyrir íbúana í húsinu. Með færslu afreinarinnar samkvæmt þessari tillögu er búið til nýtt vandamál fyrir íbúana – þessi vandi er ekki til staðar nú.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.3 að ofan.

18.4

Fyrirhugaðar framkvæmdir hafa ekki með neinum hætti verið kynntar fyrir íbúum í hverfinu áður en framangreint bréf var sent út, en það var ekki sent íbúðareigendum beint heldur til húsfélags sem ekki er eigandi að neinum hluta fasteignarinnar. Umsagnarfrestur er mjög stuttur og málið því afar illa undirbúið af hálfu borgaryfirvalda.

Svar: Sjá svar við athugasemd nr. 1.4 að ofan.

Athugasemdir Ragnars Halldórs Hall dags. 18. október 2022

19.

Undirritaður er eigandi íbúðar í Suðurhlíð 38C í Reykjavík. Mér hefur, fyrir milligöngu Eignaumsjónar ehf., borist í hendur bréf skipulagsfulltrúa, dags. 28.9.2022 um málefnið. Ég er stjórnarmaður í húsfélaginu Suðurhlíð 38A-D. Ég hef reynt að ná símasambandi við Ingvar Jón Bates Gíslason til að fá upplýsingar um verkefnið, en það hefur ekki tekist og þess vegna fer ég þessa leið.

19.1

Erindið er að kanna hvort hægt væri að fá fulltrúa frá umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar á fund með eigendum íbúða í húsinu nr. 38 A-D til að skýra tillögurnar og hvernig ætluin er að útfæra framkvæmdir með tilliti til umhverfisáhrifa. Slíkan fund yrði að sjálfsögðu að halda einhverjum dögum áður en frestur til að skila athugasemdum rennur út.

Svar: Í svari 3.2 kom fram að ekki hafi verið talin ástæða til að boða til fundar en tekið verður tillit til athugasemda. Undirritaður hringdi 21. október sl. í ofangreindan aðila eftir að ósk um að hafa samband barst úr þjónustuveri borgarinnar dags. 17. október sl. Í samtalinu var leitast við að útskýra framkvæmdina og eins útskýrt hvers vegna ekki var talin ástæða til að halda sérstaka kynningu vegna framkvæmdarinnar. Einnig greip samgöngustjóri Reykjavíkurborgar símtólið og útskýrði enn frekar framkvæmdina og málatilbúnað allan.

Athugasemdir / tölvupóstur Björns Sigurbjörnssonar og Önnu Pálsdóttur dags. 18. og 22. október 2022 þar sem óskað er eftir fundi og betri kynningu:

20.

20.1

Þetta skipulag er ekki ásættanlegt. Það verður að boða fund vegna þessa máls sem allra fyrst. Ég vil ítreka að íbúar í þeirri álmu sem liggur samsíða Kringlumýrarbraut þurfa að fá betri kynningu á væntanlegum breytingum. -

Svar: Vísað er í svar við athugasemd 3.2 þar sem ekki var talin ástæða til að boða fund, en tekið væri tillit til athugasemda.

Athugasemdir / tölvupóstur Jóns Sigurðarsonar dags. 20. og 24. október 2022

21.

21.1

Fyrir mína hönd og fyrir hönd Árna Samúelssonar, óska ég eftir fundi varðandi ofangreint málefni. Báðir erum við eigendur að íbúðum í Suðurhlíð 38D.

Svar: Ekki var talin ástæða til að efna til sérstaks fundar vegna þessa sbr. svar við athugasemd 3.2.

21.2

Ég er eigandi búðar í Suðurhlíð 38D. Ég er að skoða þau gögn sem vísað er til í ofangreindu bréfi. Mét gengur illa að átta mig á þeim teikningum sem til er vísað. Því leita ég til þín og bið þig að benda mér á á hvaða teikningu(m) má sjá:

- nákvæma staðsetningu fyrirhugaðar strætóstöðvar og stærð hennar með og án "lóðar"?
- útlitsteikningu af stöðinni?
- endurgerða hljóðmön og samanburð á henni við núverandi mön?
- fjarlægð stöðvarinnar frá húsvegg í 38D ?
- hvar og eftir hvaða ferli munu bílljós skella á útvegg í 38D?

Svar: Sérfræðingar á vegum Vegagerðarinnar og skrifstofu samgöngustjóra Reykjavíkurborgar fóru yfir þessar athugasemdir og uppfærðu útfærslu hönnun á mön með tilliti til fjarlægðar við húsvegg (sjá yfirlitsmynd að neðan).

Niðurstaða:

- Í ljósi innsendra athugasemda og áhyggna vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð strætisvagnstöðva við Kringlumýrarbraut, lengingu og færslu fráreinar að Suðurhlíð, og þeim áhrifum sem breytingarnar hafa á núverandi hljóðmön, var ákveðið að uppfæra hönnunina og koma til móts við áhyggjur hagaðila / íbúa í nágrenninu (sjá kortaljósmýndir (skjáskot fyrir og eftir) að neðan:
 - Skoðaðar hafa verið mótvægisáðgerðir vegna hávaðamengunar og þær hannaðar þannig að hljóðstig við húsvegg verði að lágmarki ekki meira en fyrir breytingar.
 - Rampi fráreinar hefur verið færður 6 metrum sunnar frá því sem kom fram í grenndarkynningu til að lágmarka skerðingu hljóðmanar.
 - Óveruleg breyting verður á hljóðmön eftir að framkvæmdum lýkur þar sem einungis þarf að endurmóta syðsta enda hljóðmanar í stað um helmingar hljóðmanarinnar eins og var grenndarkynnt.
 - Samanburður hljóðútreikninga miðað við núverandi aðstæður og eftir framkvæmdir sýna að hljóðstig hækki ekki við húsnæði í Suðurhlíðum vegna framkvæmdarinnar.
 - Skerðing hljóðmanar á framkvæmdatíma mun minni en áður var gert ráð fyrir
 - Upphækkuð þverun yfir Suðurhlíð hefur verið færð til að samræma við fyrirhugaða stígagerð til norðurs.

- Lagt er til að umsókn um framkvæmdaleyfi verði samþykkt með hliðsjón af þeim breytingum sem koma fram í umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt

Skjaskot af fyrri hönnun:



Skjaskot af núverandi hönnun:

